

**Ársrit**  
**Bandalags íslenskra leikfélaga**  
**Leikárið 2002–2003**



# Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2002–2003

## Efnisyfirlit:

Leiðari; Einar Rafn Haraldsson .....	3
Aðildarfélög .....	4
Stjórn, starfsmenn og nefndir .....	5
Leiklistarskólinn, júní 2002 og febrúar 2003 .....	6
Frá nemanda; Hrund Ólafsdóttir .....	10
Fundargerð haustfundar 2002 .....	12
Skýrsla ritstjóra Sögu BÍL, flutt á haustfundi .....	15
Fundargerðir stjórnar 2002–2003 .....	19
Fundargerð aðalfundar 2003 .....	24
Ársreikningur 2002 .....	37
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga .....	45
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin .....	48
Verkefni og skýrslur stjórnna aðildarfélaganna .....	50
Könnun á starfsemi félaganna; Hulda Hákonardóttir .....	70
Tréhausinn leikárið 2002–2003; Þorgeir Tryggvason .....	72
Leikferðasaga; Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason .....	75
Leiklistarmeðferðarfræði; Margrét Ákadóttir .....	78

## Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Einar Rafn Haraldsson  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Hulda B. Hákonardóttir  
Hörður Sigurðarson  
Lárus H. Vilhjálmsson

## Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

## Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Kópavogs á Kollu og stöðumælavörðunum.

## Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Kt. 440169-0239  
Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík  
Símar 551 6974 og 562 2944  
Fax 562 2984  
Netfang [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)  
Veffang [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)



Laugavegur 96

# Leiðari

*Þátttaka íslensks áhugaleikhúsfólks í alþjóðlegu samstarfi á sér nokkra sögu. Við höfum starfað með öðrum Norðurlandþjóðum í NAR, Nordisk Amatörteateråd, frá upphafi. Hvert hinna 5 Norðurlanda fer með í formennsku í NAR um tveggja ára skeið og formennsku Íslands lauk um síðustu áramót. Starfið felst að miklu leyti í því að reyna að styrkja og efla tengsl áhugaleikara innan aðildarlandanna, kynna mikilvægi starfsins fyrir stjórnámálönnum og fjalla um umsóknir og úthluta styrkjum. Í leiðinni leggja stjórnarmenn mikið upp úr því að koma á framfæri upplýsingum um eigið land og leikhúsmenningu.*

Þetta gefur býsna glögga innsýn í skipulag og starfshætti áhugaleikfélaga í hinum ýmsu löndum. BÍL er einnig aðili að alþjóðlegum samtökum áhugaleikfélaga, IATA, og starfar í Norður-Evrópudeild þeirra samtaka, NEATA, ásamt Norðurlandþjóðunum, Grænlandi, Lettlandi, Litháen og Eistlandi. NAR er hinn virki vettvangur erlends samstarfs, ráðið veitir ferðastyrki til leikhópa sem fara á milli landa á félagssvæðinu og styrkir fjölbjóðlegt námskeiðahald og leikhátíðir. Norðurlandaråd er fjárhagslegur bakhjarl NAR. Eðlilega eru ferðir íslenskra áhugaleikhópa til útlanda ekki daglegt brauð, bæði vegna kostnaðar og einnig hins, að fólk setur tungumálavandræði fyrir sig. Á hverju ári fara þó 2–3 hópar út með verk sín og það er sérstakt gleðiefni að flestar hinna íslensku sýninga fá lofsamlega dóma og er boðið á leiklistarhátíðir um alla Evrópu – þó leikið sé á íslensku. Góð leiksýning á allsstaðar erindi, sama á hvaða tungumáli leikið er.



Einar Rafn Haraldsson

Morgunblaðið á skilið hrós. Fastir leiklistargagnrýnendur skrifa um allar leiksýningar, einnig áhugaleikfélaganna. Ýmsir virtir leikhúsmenn og konur, er í blaðið skrifa, fjalla einnig um leiklistarlíf landsins á heildrænan hátt. Þó hafa á tiltölulega skömmu tímabili birst 2 greinar um leikhúslíf í þessu stærsta dagblaði landsins þar sem greinarhöfundar telja upp sýningar og uppfærslur liðins leiktímabils – en aðeins þær sem tengja má atvinnustarfsemi. Stærsti leikhópur þjóðarinnar, 4000 félagar áhugaleikfélaganna, eru ekki innan sjóndeildarhrings greinarhöfunda.

Auðvitað á ég ekki að láta þessa þröngsýni pirra mig. Nær væri að fjalla hér um þá sem sjá og skilja mikilvægi grasrótarstarfsins sem unnið er í áhugaleikhúsinu. Á þessu starfsári var í 10. sinn valin áhugaverðasta áhugaleiksýning ársins og sýnd í Þjóðleikhúsinu. Þjóðleikhússtjóri stofnaði til þessa verkefnis í upphafi og hefur fylgt því eftir, enda er hans sýn á leiklistarstarf í landinu í samræmi við leiðtogahtverk Þjóðleikhússins. Á þessu ári hefur leikhússtjóri Borgarleikhússins fetað sömu braut og óskað eftir samvinnu við áhugaleikfélögin um sérstakan sýningardag í Borgarleikhúsinu, þar sem eingöngu verða sýnd örleikrit. Sú tegund leikverka hefur þróast innan áhugaleikfélaganna um nokkurra ára skeið og er afar áhugavert innlegg í leiklist landsins. E.t.v. geta sýningar af því tagi hvergi þróast nema í umhverfi áhugaleikhússins, því þær eru tæplega markaðsvænar fyrir atvinnuleikhúsin, sem verða að hafa bærilegar tekjur af hverri uppsetningu. Áhugaleikfélögin hafa á síðustu árum verið í sókn hvað varðar notkun nýrra leikforma og nýrrar nálgunar í gerð og flutningi leikrita. Æ fleiri feta sig út úr hefðbundnu leikhúsforni með stök verkefni og afraksturinn er oft mjög eftirtektarverður. Ég er sannfærður um að tilvist Leiklistarskóla BÍL á verulegan þátt í þessari þróun. Auk kennslunnar sem nemendur fá þar efla samskipti og samvinna þeirra sköpunarþörf og löngun til að leita nýrra leiða. Tengsl og samvinna óháð búsetu er vaxandi einkenni áhugastarfsins og stundum virðist manni ekkert nema ímyndunaraflíð takmarka starfið, þ.e. allt, sem fólki dettur í hug, virðist framkvæmanlegt.

Það verður aldrei of oft tónglast á því að grasrót leikhússins felst í starfi áhugafólks um leiksýningar, sókn þess í leiklist og leikhús. Þetta er þeim ljóst sem skilja þýðingu þess að fólk hafi val um fleira en hafa í sig og á; skilja þörfina fyrir að næra andann líka. Menntamálaráðuneytið, sem hafa á yfirsýn yfir menningarlífið í landinu og veita til þess fjárstuðning, hefur á ýmsan hátt viðurkennt mikilvægi áhugaleikfélaganna, m.a. með því að beita sér fyrir föstum fjárveitingum til starfsemi þeirra. Í ráðuneytinu liggja fyrir tillögur frá BÍL um enn frekari stuðning við starfsemina og verði þær samþykktar léttist heldur peningalegur róður leikfélaganna varðandi flutning íslenskra verka og frumflutning erlendra leikrita svo og leikferðir til útlanda. Þess er jafnframt vænst að þjónustumiðstöð BÍL verði hærra verðlögð á fjárlögum, enda er þýðing hennar fyrir leikhússtarfsemi í landinu mjög mikil. Hér er samt hængur á. Þótt ráðuneyti menntamála hafi lýst vilja sínum til að veita áhugaleikfélögunum styrki til samræmis við þýðingarmikið og öflugt starf er ákvörðun um framlagið tekin annars staðar: Á Alþingi Íslendinga. Nýtt þing kemur saman í haust, í bland gamalreyndir og nýir þingmenn. Við hljótum að treysta því að bjartsýni og vilji til að bæta mannlífið einkenni verk allra þingmanna og þeir auki framlagið til áhugaleikhússins svo um munar, – þau útlát skila arði til íslenskrar menningar.

Leikum núna!

Einar Rafn Haraldsson, formaður Bandalags íslenskra leikfélaga

# Adildarfélag BÍL leikárið 2002–2003

- Þreyvangaleikhúsið, Eyjafirði*  
*Halaleikhópurinn, Reykjavík*  
*Hugleikur, Reykjavík*  
*Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi*  
*Leikfélag Blönduóss*  
*Leikfélag Bolungarvíkur*  
*Leikfélag Dalvíkur*  
*Leikfélag Djúpavogs*  
*Leikfélag Fljótsdalshéraðs*  
*Leikfélag Hafnarfjardar*  
*Leikfélag Hofsóss*  
*Leikfélag Hornafjardar*  
*Leikfélag Hólmavíkur*  
*Leikfélag Húsavíkur*  
*Leikfélag Hveragerðis*  
*Leikfélag Hörgdæla*  
*Leikfélag Keflavíkur*  
*Leikfélag Kópavogs*  
*Leikfélag Mosfellsveitar*  
*Leikfélag Ólafsfjardar*  
*Leikfélag Ólafsvíkur*  
*Leikfélag Patreksfjardar*  
*Leikfélag Rangæinga*  
*Leikfélag Raufarhafnar*  
*Leikfélag Reyðarfjardar*  
*Leikfélag Sandárkróks*  
*Leikfélag Selfoss*  
*Leikfélag Seyðisfjardar*  
*Leikfélag Siglufjardar*  
*Leikfélag Sólheima, Grímsnesi*  
*Leikfélag Vestmannaeyja*  
*Leikfélag Þórshafnar*  
*Leikfélagið Baldur, Bildudal*  
*Leikfélagið Búkolla, S-Þingeyjarsýslu*  
*Leikfélagið Grimmur, Stykkishólmi*  
*Leikfélagið Hallvarður sígandi, Suðureyri*  
*Leikfélagið La-gó, Grindavík*  
*Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ*  
*Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík*  
*Leikfélagið Sýnir, á landsvísu*  
*Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra*  
*Leikflokkurinn Hvammstanga*  
*Leikhópur Mána, Nesjum*  
*Leikhópurinn Lopi, Hornafirði*  
*Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði*  
*Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal*  
*Leikklúbbur Skagastrandar*  
*Leikklúbburinn Saga, Akureyri*  
*Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg*  
*Leiklistardeild Umf. Tálknafjardar*  
*Leiklistarfélag Seltjarnarness*  
*Leikskólinn, Reykjavík*  
*Litli leikklúbburinn, Ísafirði*  
*Nafnlansi leikhópurinn, Kópavogi*  
*Skagaleikflokkurinn, Akranesi*  
*Sniður og snældu, Reykjavík*  
*Studentaleikhúsið, Reykjavík*  
*Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri*  
*Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð*  
*Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal*  
*Umf. Efling leikdeild, Reykjadal*  
*Umf. Gnúpverja, leikdeild*  
*Umf. Hrunamanna, leikdeild*  
*Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri*  
*Umf. Mývetningur, leikdeild, Reykjahlið*  
*Umf. Reykdæla, Reykholti*  
*Umf. Skallagrimur, leikdeild, Borgarnesi*  
*Umf. Staðholtstungna, leikdeild, Norðurárdal*  
*Víkuleikflokkurinn, Vík í Mýrdal*

# Stjórn, starfsmenn og nefndir



Meðstjórnandi og lénsherra  
Hárður Sigurðarson  
Reykjavík



Varaformaður  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Akureyri



Formaður  
Einar Rafn Haraldsson  
Egilsstöðum



Ritari  
Hulda B. Hákonardóttir  
Reykjavík



Meðstjórnandi  
Lárus H. Vilhjálmsson  
Mosfellsbæ



Varastjórn  
María Gréta Ólafsdóttir  
Sandárkrúki



Varastjórn  
Guðrún Esther Árnadóttir  
Mosfellsbæ



Varastjórn  
Sigríður Karlsdóttir  
Selfossi



Varastjórn  
Margrét Tryggvadóttir  
Hvolsvelli



Varastjórn  
Júlíus Gardar Júlíusson  
Dalvík



Ritari skrifstofu  
Ármann Guðmundsson



Framkvæmdastjóri  
Vilborg A. Valgardsdóttir



Ritstjóri sögu BÍL  
Bjarni Guðmarsson



Skólanefnd  
Huld Óskarsdóttir  
Reykjavík



Skólanefnd  
Sigríður Karlsdóttir  
Selfossi



Skólastjóri  
Gunnhildur Sigurðardóttir  
Mosfellsbæ



Skólanefnd  
Anna Jeppesen  
Reykjavík



Skólanefnd  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík



Sögurítunarnefnd  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík



Sögurítunarnefnd  
Einar Guðni Njálsson  
Selfossi



Sögurítunarnefnd  
Sigrún Valbergisdóttir  
Reykjavík



Samninganefnd við leihstjóra  
Árni J. Baldvinsson  
Reykjavík



Samninganefnd við leihstjóra  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Akureyri



Samninganefnd við leihstjóra  
Lárus H. Vilhjálmsson  
Mosfellsbæ

## Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 5.–16. júní 2002. Haldin voru þrjú námskeið og voru nemendur samtals 41. Sjötta árið í röð voru þær skólastýrur Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir á staðnum, kennurum og nemendum til halds og trausts.

Var það mál manna að sjaldan hafi skólinn starfað með eins miklum blóma og á þessu tímabili og hefur sköpunargáfan þó oft verið þar á miklu flugi. Hér á eftir koma lýsingar á námskeiðunum og myndir úr skólalastarfinu.



Sírý og Gunnhildur baka pönnur

### **Leiklist II – Æfingin skapar meistarann, kennari Ásta Arnardóttir.**

Framhaldsnámskeið þetta byggir á grunnnámskeiðinu og þeim grundvallarpáttum sem þar eru nefndir. Nemendur vinna út frá spuna með áherslu á endurtekninguna, leiktækni og leikni. Markmið námskeiðsins er að nemandinn kynnist sjálfstæðum vinnuaðferðum leikarans og auki þannig möguleika sína á að gefa skapandi huga sínum listrænt form. Áhersla lögð á þjálfun leikarans og rannsakandi vinnubrögð. Nemendur þjálfá líkamsbeitingu, raddbeitingu, hljóðmótun og textameðferð. Leiklistin rannsökuð. Hvað er hlutverk og hvernig nálgast ég hlutverkið? Kynntar ýmsar aðferðir til að nálgast hlutverk og tengjast því á skapandi hátt. Leikni er uppskera leiktækninnar og í beinu hlutfalli við þá vinnu sem lögð er í verkið, eða eins og máltækið segir: Æfingin skapar meistarann!!



Ásta Arnardóttir

#### *Nemendur Ástu:*

Ármann Guðmundsson, Reykjavík  
 Ástþór Ágústsson, Reykjavík  
 Berglind Dagný Steinadóttir, Húsavík  
 Björn Thorarensen, Reykjavík  
 Bogi Sigurbjörn Kristjánsson, Siglufirði  
 Dýrleif Jónsdóttir, Akureyri  
 Eva Karlotta Einarsdóttir, Siglufirði  
 Hafdís Hansdóttir, Reykjavík  
 Hildur Kristmundsdóttir, Hafnarfirði  
 Huld Óskarsdóttir, Reykjavík  
 Karl Ingólfsson, Akureyri  
 Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Reykjavík  
 Linda Björk Guðrúnardóttir, Húsavík  
 Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ  
 Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sauðárkróki  
 Valgerður Arnardóttir, Mosfellsbæ

## Leikstjórn II – kennari Sigrún Valbergsdóttir.

Ætlað þeim sem hafa sótt byrjendanámskeið í leikstjórn eða hafa reynslu af leikstjórn.

Á þessu námskeiði verða leikrit skoðuð í heild. Hver nemandi einbeitir sér að einu verki til að vinna út frá. Verkefnið kynnir hann sér í a.m.k. mánuð áður en námskeiðið hefst. Í sameiginlegum umræðum gerir hann grein fyrir ýmsum þáttum sem að uppsetningunni snúa. Rætt verður um höfund og þann tíma sem verkið gerist á. Einnig verður farið í gegnum þá þætti sem taka þarf ákvörðun um áður en æfingar hefjast. Fundin meginsögn verksins og persónur þess ræddar. Leikstjóri ákveður stíl og leggur fram hugmyndir að útfærslu í leikmynd og búningum. Leikstjóri vinnur síðan a.m.k. eina senu úr leikritinu með leikurum.

Farið verður í gegnum ýmsa gagnlega þætti í hugmyndaöflun og grunnvinnu áður en komið er að útfærslu.

Hvar á að leita hugmynda og hvernig nýtast þær? Hvenær á að velja og hafna?

Jafnframt er æskilegt að þátttakendur kynni sér þau verk sem aðrir nemendur eiga að vinna til að umræður verði markvissar.



Sigrún Valbergsdóttir

### Nemendur Sigrúnar:

Freyr Antonsson, Dalvík  
 Guðmundur L. Þorvaldsson, Vestmannaeyjum  
 Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri  
 Gunnar Björn Guðmundsson, Hafnarfirði  
 Gunnar Þór Jónsson, Kirkjubæjarklaustri  
 Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi  
 Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík  
 Linda María Ásgeirsdóttir, Siglufirði  
 Marta Eiríksdóttir, Sandgerði  
 Sesselja Traustadóttir, Reykjavík  
 Sævar Sigurgeirsson, Reykjavík  
 Unnur Guttormsdóttir, Reykjavík  
 Þorgeir Tryggvason, Reykjavík



Allur hópurinn á Húsabakka

## Leikritun – kennari Karl Ágúst Úlfsson.

Hvað er leikrit og hvernig á að skrifa það? Hvaða fólk á það skilið að vera gert að leikpersónum og hvers vegna? Hvaða hugmyndir eiga erindi upp á leiksvið? Það er ekki víst að nemendur fái endanleg svör við þessum spurningum, en á námskeiðinu munu þeir fást við ritun leiktexta, persónusköpun, uppbyggingu átaka og fjölmargt fleira sem snertir ritun leikrita. Við kynnum okkur helstu kenningar um uppbyggingu leiksögu, veltum fyrir okkur hugtökum eins og hrynjanda, hraða og tæmingu, framrás, láréttum og lóðréttum verkum og margt fleira. Nemendur gera verklegar æfingar á námskeiðinu, en þeim sem eiga skrifuð verk í skúffunni, jafnvel hálfskrifuð eða kvartskrifuð, er velkomið að taka þau með sér. Síðan reynum við umfram allt að skemmta okkur saman af bestu getu.



Karl Ágúst Úlfsson

### Nemendur Karls Ágústs:

Ágúst Torfi Magnússon, Seyðisfirði  
Brynja Svavarsdóttir, Siglufirði  
Fríða B. Andersen, Reykjavík  
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík  
Jón E. Guðmundsson, Reykjavík  
Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ  
Nína Björk Jónsdóttir, Reykjavík  
Signý Jóhannesdóttir, Siglufirði  
Snorri Emilsson, Seyðisfirði  
Ylfa Mist Helgadóttir, Bolungarvík  
Þorgrímur Daníelsson, Þingeyjarsýslu  
Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík

## Myndir frá Húsabakka





## **Framhaldsnámskeið í leikhúsförðun.**

**Haldið helgina 31. janúar til 2. febrúar 2003 í Þjónustumiðstöðinni að Laugavegi 96, Reykjavík.**

Námskeiðið var ætlað þeim sem sótt hafa byrjendanámskeið og/eða hafa einhverja verklega reynslu. Kennnd var „karakterförðun“, unnið með latex, skalla, krepjár og fleiri efni sem notuð eru til að breyta útliti leikara á sviði. Kennnt var að búa til skallahettur, setja þær á og farða. Einnig að búa til skegg, augnabrúnir og barta úr krepjár og líma það á. Latex, Tuplast og fleiri efni voru notuð til að elda leikarana, ásamt förðuninni sjálfri. Notaðar voru förðunarvörur frá Grimas og Kryolan.

Kennari var Gréta Boða.

Hún er okkur Bandalagsfólki að góðu kunn, því hún hefur kennt á fjölda námskeiða á vegum skólans undanfarin ár. Gréta er hárkollu- og förðunarmeistari, með áratuga reynslu af vinnu við leikhús, kvikmyndir, myndbönd og sjónvarp.

### *Nemendur Grétu:*

Ásta Steinunn Ástþórsdóttir, Vestmannaeyjum  
 Brynhildur Guðmundsdóttir, Fáskrúðsfirði  
 Elsa Dóra Grétarsdóttir, Reykjavík  
 Guðbjörg Pálsdóttir, Reykjavík  
 Helga Rún Pálsdóttir, Reykjavík  
 Kolbrún Einarsdóttir, Fáskrúðsfirði  
 Kristjana Jónasdóttir, Ísafirði  
 María Óskarsdóttir, Fáskrúðsfirði  
 Sigríður Guðmundsdóttir, Akranesi



Gréta Boða

## **Myndir frá námskeiðinu**



## Frá nemanda Leiklistarskóla Bandalagsins

### Undrið í Svarfaðardal

*Sköpunarkraftur. Gleði. Vinna. Vinna og aftur vinna við það sem er skemmtilegast að gera. Loka leiklist með fjörutíu til fimmtíu öðrum manneskjum sem eru sama sinnis. Vinna með fólki sem nýtur þess að vera saman í tíu daga í litlum dal, umvafin óviðjafnanlegri náttúru. Uppgötva ár eftir ár að reynslan er alltaf ný; að nýtt undur verður til hvert sinn.*



*Greinarhöfundur í góðra vina hópi lengst t.h.*

Síðastliðin sjö sumur hef ég sótt Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga að Húsabakka í Svarfaðardal og notið leiðsagnar mjög góðra kennara á háu faglegu plani. Ég hef sótt Leiklist I og II hjá Hörpu Arnardóttur; Masterclass í leiklist hjá Viðari Eggertssyni; Tækni gamanleikarans hjá Völu Þórsdóttur. Síðustu þrjú skiptin hef ég sótt Leikstjórnarnámskeið hjá Sigrúnu Valbergsdóttur: Leikstjórn I og II og sérnámskeið. Á hverju ári hef ég þurft að velja og þess vegna misst af spennandi námskeiðum: Til dæmis hef ég misst af Comedia dell'Arte hjá Sigurpór Albert Heimissyni, Leiklist hjá Rúnari Guðbrandssyni, öðru Masterclass námskeiði hjá Viðari, Að segja sögu hjá Ágústu Skúladóttur og tveimur höfundanámskeiðum hjá Karli Ágústi Úlfssyni. Hins vegar er mjög líklegt að ég hafi í raun og veru ekki misst af þessum tækifærum til að mennta mig í leiklistinni vegna þess að allt þetta fólk vill koma aftur. Og aftur. Til þess að kenna í grasrótinni; kenna nemendum sem brenna af áhuga á leiklist.

Kjarni sama nemendahópsins hefur sótt leikstjórnarnámskeiðin þrjú en það er ómetanlegt þar sem mikill tími sparast við að sleppa kynningum og undirbúningsvinnu auk þess sem traust og vinátta dýpkar í hópnum eftir því sem á líður. Þar af leiðandi er hægt að fara beint í djúpa vinnu; beint inn í kjarnann. Með því að byggja ofan á það sem á undan er komið kemur tilgangur skólans skýrast í ljós; að byggja upp skóla þar sem áhugafólk getur gengið að raunverulegri menntun í leiklist. Einnig er hægt að segja að kjarni skólans hafi snúist um grunnleiklistar- og leikstjórnarnámskeiðin hjá Hörpu Arnardóttur, Ástu Arnardóttur og Sigrúnu Valbergsdóttur. Þessir metnaðarfullu kennarar hafa fengið tækifæri til þess að kenna sama námsefnið oftast en einu sinni og átt þannig mikilvægan þátt í að móta andrúmsloftið sem ætíð ríkir á Húsabakka. Það hefur svo áþreifanlega sannast að endalaust er hægt að bæta við sérnámskeiðum vegna þess að eftir því sem meira er unnið af þeim krafti sem einkennir skólann þá kvikna fleiri hugmyndir.

Skólanefndin, með Gunnhildi Sigurðardóttur og Sigríði Karlsdóttur fremstar í flokki og stjórn og framkvæmdastjóra BÍL sér við hlið, hefur unnið mjög vel með það í huga að nýta þá reynslu sem skapast og læra af mistökum. Niðurstaðan er æ metnaðarfullra starf á æ faglegri grunni.

Fagleg vinna sem leiðir til listrænnar fullnægju er aðalsmerki Leiklistarskóla Bandalagsins en til þess að námsdvölin verði hið nýja undur á hverju sumri þarf meira til. Þar hefur dásamleg náttúra mikið að segja, á stað sem Leikfélag Dalvíkur leggur til, ár eftir ár. Aðstaðan er á gjafverði og sjálfboðavinna leikfélagsfólksins er ómetanleg. Þó væri ekkert af þessu mögulegt ef ekki væri fólkíð sjálft; nemendur, kennarar og skólanefnd. Nýir og gamlir koma saman í Svarfaðardal með opnum huga, jákvæðum anda og tilbúnir til þess að lifa í undri augnabliksins í tíu daga. Í Leiklistarskóla Bandalagsins hefur sannast að „skóli er ekki hús heldur fólk“.

*Hrund Ólafsdóttir*

## Fleiri myndir frá Húsabakka sumarið 2002



## Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn 30. nóvember 2002 í Félagsheimili Kópavogs.

Fundarstjórar: Guðrún Halla Jónsdóttir og Hörður Sigurðarson (til vara).

Fundarritari: Ármann Guðmundsson.

### 1. Fundur settur

Guðrún Halla Jónsdóttir, varaformaður Bandalagsins, setti fundinn og kynnti breytingar á fyrirfram útsendri dagskrá. Fundarmenn kynntu sig.

### 2. Saga BÍL frá 1950–2000

Bjarni Guðmarsson, söguritari, gerði grein fyrir stöðu ritunar sögu Bandalagsins. Bjarni kvað verkið hafa gengið vel og sér hafi komið á óvart hve mikið var til af heimildum frá fyrstu tíð. Hingað til hefði vinna hans að mestu verið í skriflegum gögnum, fundargerðum, bréfum, ársreikningum o.þ.h. en nú hyggðist hann leita eftir munnlegum heimildum frá fólki sem hefði starfað með Bandalaginu hér áður fyrr og hann þæði með þökkum ábendingar um Bandalagsfrótt fólk. Hann lofaði skemmtilegri, dramatískri og fróðlegri bók. Sjá erindi hans í heild á bls. 15.

Lárus Vilhjálmsson, stjórn Bandalagsins, spurði hvort Bjarna vantaði fleiri myndir eða efni frá félögunum. Bjarni sagði að allt efni og myndir sem tengdist sögu Bandalagsins væri vel þegið en þetta væri ekki saga áhugaleiklistar heldur Bandalagsins sem slíks.

Hörður Sigurðarson, stjórn Bandalagsins og lénsherra á leiklist.is, sagði að settur yrði hið snarasta upp spjallþráður á vefnum þar sem fólk gæti miðlað upplýsingum.

Bjarni auglýsti eftir stjórnarfundargerðum frá 1964–1970 og aðalfundargerðum frá 1970–1976.

### 3. Námskrá Leiklistarskóla Bandalagsins fyrir 2003

Þorgeir Tryggvason, fulltrúi skólanefndar, kynnti námskrá Leiklistarskóla Bandalagsins á næsta ári sem hann sagðist telja þá metnaðarfyllstu hingað til. Skólinn verður fjórskiptur:

31. jan.–2. feb. 2003 – haldið að Laugavegi 96 Helgarnámskeið í förðun, framhald – Gréta Boða

14.–22. júní 2003 – haldin að Húsabakka í Svarfaðardal Námskeið fyrir reynda leikara – Ágústa Skúladóttir Master Class fyrir reynda leikstjóra – Sigrún Valbergsdóttir Framhald fyrir höfunda – Karl Ágúst Úlfsson

12.–16. ágúst 2003 – haldin í Félagsheimili Kópavogs Að breyta fötum í leikbúninga Leikgervagerð Leikhúslýsing

Í sumar, tími óákveðinn – haldið á Akranesi Námskeið fyrir unglinga 15–18 ára – Ágústa Skúladóttir

Gunnar Halldór Gunnarsson, Leikfélagi Mosfells-sveitar, spurði hvort engin leiklistarnámskeið yrðu fyrir þá sem ekki teljast reyndir. Þorgeir svaraði að undanfarin 2 ár hefðu verið byrjendanámskeið 1 og 2 fyrir leikara og leikstjóra og það væri stefna skólanefndar að gefa þeim sem þessi námskeið hafa sótt kost á framhaldsnámskeiðum. Einnig hefði komið fram afar eindregin ósk þeirra sem sóttu leikritunarnámskeið sl. sumar um framhaldsnámskeið.

Brynhildur Guðmundsdóttir, Leikklúbbnum Veru, spurði hvort ljósanámskeiðið væri bara fyrir þá sem hefðu verið áður á námskeiðum. Þorgeir sagði það líka vera fyrir ljósamenn með reynslu sem ekki hefðu sótt skólann.

Umræða kom upp um inntökuskilyrði á námskeið. Þorgeir benti á að í námskeiðslýsingum kæmu þau fram en einhver sveigjanleiki yrði að vera. Ef vafamál kæmu upp væri það leiðbeinandans, skólanefndar og þess leikfélags sem sendir viðkomandi að meta hvort hann ætti erindi á námskeiðið. Engum væri greiði gerður með að senda hann á námskeið sem hann ekki réði við og slíkt skemmdi fyrir öðrum á námskeiðinu.

Gunnar Halldór Gunnarsson spurði um ástæður fyrir því að tilraunin með alþjóðlegt námskeið mistókst. Þorgeir sagði það hafa verið vegna ónógrar þátttöku.

Árni Baldvinsson, Hugleik, minnti á alhliða leikhústækninámskeið sem rætt hefur verið um. Þorgeir sagði þá hugmynd geymda, ekki gleymda.

María Guðmundsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar, vildi sjá ljósanámskeið fyrir byrjendur því leikfélögin misstu ljósamenn í launaða vinnu um leið og þeir væru orðnir nógu færir.

### 4. Nýjungar á leiklist.is kynntar

Hörður Sigurðarson gerði grein fyrir breytingum á vefnum. Þær eru helstar að dálki hefur verið bætt við vinstra megin á síðunni, með tenglum á vinsælustu liði hennar og plássi fyrir 3 auglýsingaborða. Nú þegar hefðu Leikfélag Kópavogs og Þjóðleikhúsið

keypt auglýsingar og fleiri hefðu sýnt áhuga. Hörður hvatti fólk til að nota spjallið meira til að halda uppi lifandi umræðu um áhugaleikhúsið, umræður á spjallinu hefðu verið afar litlar í haust. Hann sagði að vefurinn væri í stöðugri vinnslu og von væri á meiri breytingum og betrubótum á næstunni.

Ármann Guðmundsson, ritari skrifstofu og vefnefndar- maður, hvatti leikfélögin til að nota vefinn betur, bæði að vera duglegri að senda fréttir af leiksýningum og viðburðum, svo og að auglýsa sýningar sínar með borðum.

Lárus Vilhjálmsson spurði hvort hægt væri að laga uppsetningu á spjallþráðum, t.d. hafa hana ekki svona efnisskipta. Hörður svaraði að vissulega mætti endurskoða uppsetninguna á spjallinu.

Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir, Skagaleikfloknum, spurði hve lengi auglýsing stæði á vefnum.

Guðmundur Steindórsson, Leikfélagi Hörgdæla, spurði um verð á auglýsingum.

Ármann svaraði að miðað væri við 2 vikur, sem kostaði áhugaleikfélögin 5.000 kr., eða mánuð sem kostaði 8.000 kr. Ef hins vegar leikfélögin vildu auglýsa skemur eða lengur væri minnsta málið að semja um það. Umræða kom upp um að mismikilvægar fréttir af viðburðum ótengdum Bandalagsfélögum ýttu fréttum af frumsýningum þeirra út af forsiðunni áður en frumsýnt er. Þorgeir Tryggvason stakk upp á „síðustu forvöð“ dálk fyrir sýningar sem er að ljúka, fyrir neðan fréttadálkinn.

Hörður sagði hugmynd Þorgeirs ágæta en það mundi þýða forritun sem kostaði peninga. Til að fréttir hyrfu ekki af forsiðu fyrir frumsýningu væru þær settar á aðalforsíðuna og þá með mynd. Bæði er þetta meiri auglýsing og einnig er þá tryggt að fréttin lifir þótt hún hverfi úr fréttadálknum hægra megin. Til þess að þetta nýtist þarf þó fréttin að berast tímanlega og myndir verða að fylgja með, helst nokkrar.

### **5. Samningssambandsslit við Félaga leikstjóra á Íslandi**

Guðrún Halla Jónsdóttir kynnti stöðu samningsmála. Hún sagði lítið hafa breyst frá því að Félagi leikstjóra var tilkynnt um samningssambandsslitin, staðan væri enn sú að Bandalagið teldi samninginn frá 1998 ólöglegan þar sem ekki stæðist lög að hafa verktakaákvæði í launþegasamningi en FLÍ kræfist þess af sínum félagsmönnum að þeir vísuðu í kjarasamninginn þegar þeir semdu við leikfélögin. Nokkur leikfélög hefðu gert þannig samning, sem væri mjög slæmt því það veikti málstað okkar. Guðrún Halla kynnti tillögu að verksamningi sem hægt væri að styðjast við eða nota þegar samið væri við leikstjóra.

*Hádegishlé gert á fundi*

### **6. Námskeið í samningatækni**

Ásmundur Hilmarsson frá Menningar- og fræðslu- sambandi alþýðu, hélt fyrirlestur um samningatækni. Studdist hann að miklu leiti við bókina JÁ! – listin að semja án þess að gefa eftir, eftir Roger Fisher og William Ury.

### **7. Umræður um samningamál**

Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik, gerði grein fyrir þeim skyldum sem fylgja því að gera launþegasamninga annars vegar og verktakasamninga hins vegar. Það væri mat lögfróðra manna, sem farið hefðu yfir samninginn, að þessi blanda af launþega- og verktakasamningi væri ólögleg eða í allra besta falli afar óeðlileg. Annað hvort gerðu menn hreinan og kláran launþegasamning með þeim skyldum og sköttum sem því fylgdi eða verktakasamning og þá væri allt verðsamráð ólöglegt samkvæmt samkeppnislögum. Ef leikfélag gerði launþegasamninga væri það búið að taka á sig allar þær kvaðir sem atvinnurekandi tekur á sig. Þá ætti það t.d. að halda eftir staðgreiðsluskatti launþega og standa skil á honum, sjá um öll launa- tengd gjöld o.s.frv. Einnig bæri því að slysatryggja launþegann.

María Gréta Ólafsdóttir, Leikfélagi Sauðárkróks, spurði hvort löglegt væri að láta leikstjóra gera tilboð í verk. Hrefna sagði að hverjum sem er væri frjálst að semja um hvað sem er og ef leikfélög vildu hafa útboð um verk væri ekkert sem bannaði það.

Signý Jóhannesdóttir, Leikfélagi Siglufjarðar, spurði hvort það að senda afrit af verktakasamningi til BÍL væri hugsanlega brot á trúnaði við verkkaupa. Hrefna taldi svo ekki vera.

Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis, benti á að ekkert bannaði Leikfélögum að nota tölur úr gamla samningnum ef hvergi væri vísað í hann í verktakasamningi.

Lárus Vilhjálmsson spurði hvort leikfélög gætu borið bótaskyldu ef leikstjóri slasast og launasamningur hafi verið gerður. Hrefna sagði að svo gæti farið. Dómar í málum þar sem ekki hafa verið gerðir hreinræktaðir launþega- eða verktakasamningar heldur einhverskonar blanda, hafa oftast en ekki fallið á þann veg að um launþegasamning sé að ræða og vinnuveitandi því bótaskyldur.

Bjarni Guðmarsson spurði hvort hætta væri á að leikstjóri sendi undirverktaka í stað þess að vinna verkið sjálfur. Hrefna sagði að engin hætta væri á því þegar samið væri við einn mann um hans hugverk.

Guðrún Halla Jónsdóttir sagði að mestu skipti að aðildarfélögin stæðu saman, annað skaðaði stöðu okkar.

Hörður Sigurðarson hvatti leikfélögin til að leita aðstoðar hjá skrifstofunni við samningagerð ef þau þyrftu á að halda.

Guðmundur Steindórsson taldi að ekki veitti af að skrifstofan miðlaði upplýsingum um stöðu mála til þeirra leikfélaga sem ekki ættu fulltrúa á fundinum.

Lárus Vilhjálmsson sagði að sennilega yrði þessi breytta staða dálítið vandamál fyrir sum félög í fyrstu en síðan yrði þetta ekkert mál, þau myndu læra að takast á við þetta.

Fram kom að skattayfirvöld hafa að undanfögnu verið

að taka skattamál íþróttahreyfingarinnar í gegn og væru þegar farin að skoða einstaka listamenn. Þeir hefðu sumir lent í afar slæmum málum. Vel gæti gerst að skattamál óháðra félagasamtaka yrðu tekin fyrir svo að eins gott er fyrir leikfélögin að hafa sitt á hreinu.

### 9. Önnur mál

Gunnsteinn Sigurðsson, Litla leikklúbbnum, bauð fólk velkomið á aðalfund á Ísafirði dagana 2.–4. maí nk.

### 10. Fundarslit

Guðrún Halla Jónsdóttir þakkaði viðstöddum góðan fund og sleit fundi.

## Myndir frá haustfundi



Lilja Kristinsdóttir  
Seyðisfirði



Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Hveragerði



Embla Guðmundsdóttir  
Reykholti



Bjarni Guðmarsson  
söguritari



Júlía Hannam  
Reykjavík



Einar Indriðason  
Hólmavík



Gunnsteinn Sigurðsson  
Ísafirði



Gunnar B. Guðmundsson  
Hafnarfirði



Dýrleif Jónsdóttir Akureyri, Lilja Nótt Þórarinsdóttir Reykjavík, Guðmundur Þorvaldsson Vestmannaeyjum og Þorgeir Tryggvason Reykjavík.



Guðrún Esther Árnadóttir og María Guðmundsdóttir, Mosfellsbæ




Hrefna Friðriksdóttir Reykjavík, Gunnsteinn Sigurðsson Ísafirði og Árni Baldvinsson Reykjavík

## Saga Bandalags íslenskra leikfélaga 1950–2000

*Ritstjórinn, Bjarni Guðmarsson, flutti nokkur brot úr sögunni á Haustfundi Bandalagsins 2002 og fjallaði einnig um stöðu mála varðandi söguritunina.*

Mig langar til í upphafi að vitna í blaðagrein sem Þorgrímur Einarsson skrifaði fyrir margt löngu og birti í því hámenningarlega vísindariti, Líf og list – sem að sjálfsgöðu var gefið út í höfuðborginni, en þaðan kemur eins og kunnugt er allt sem er hollt og uppbyggilegt og umfram allt listrænt og menningarlegt – öfugt við önnur horn landsins þar sem finnst aðeins fúsk og niðurdrep og hjartveiki. Þorgrímur er þar að fjalla um tilkomu Bandalagsins og einn fyrsta stórviðburðinn sem samtökin beittu sér fyrir, en það var leiklistarhátíð – leikmót – í Reykjavík vorið 1952.

ÞE segir það mikinn ávinning fyrir leiklistarlífið í landinu að BÍL skyldi verða til og samtökin þegar unnið gott og þarft starf. Síðast er hin ágæta nýjung „að fá 5 leikfélög hingað til Reykjavíkur til að sýna leiki sína“. ÞE segir marga ætla að nám í leiklist og framsögn sé fönður eitt og dægrastytting en þetta sé í raun „gagnfræði í orðsins bestu merkingu.“ Leiklist og framsögn eru „fyrst og fremst hagnýt sálarfræði, tækni til að þroska tilfinningalíf og athyglisgáfu og fá stjórn á líkama sínum og framkomu, rödd látbragði og hreyfingum“. ÞE bendir á að með slíkum heimsóknum áhugaleikfélaga utan af landi fái Reykvíkingar kærkomið tækifæri til að bera saman list áhugamanna og atvinnumanna. „Af lélegri leiksýningu er oft hægt að læra meira en leiksýningu útlærðra leikara“. Ávinningur slíkra ferða er ekki minni fyrir þátttakendurnar sjálfa sem fá nú tækifæri til að leika fyrir „vandláta“ áhorfendur. „Hins vegar á ekki að slæða hingað hvaða liði sem er. Illa æfður leikur og getulausir leikarar hafa ekkert hingað að gera, með því er engum greiði gerður [...]“. ÞE segir að af þeim fimm félögum sem sent hafi fulltrúa hafi Hafnfirðingar og Hvergerðingar staðið sig best. [41] „Leikur Akurnesinga, Í Bogabúð, eftir St. John Ervine var á takmörkum þess, sem sýningarhæft er á sviði hér í Reykjavík, þótt smáóhöppum sé sleppt. [...] Þá er síðast og síst að nefna Selfyssinga, sem formaður Sambandsins, Ævar Kvaran, gat um í leikbyrjun, að væru byrjendur í listinni. Þeir sýndu Allra sálna messu. En manni verður spurn: Hvað eiga þeir þá hingað að gera? Er ekki skynsamlegra að bíða þangað til þeir eru færir um að koma fram á leiksviði. En það var svo órafjarri því, að þeir sýndu nokkurn leik, og hlýtur þessi fyrirhöfn þeirra að hafa verið þeim til jafnmikillar ömunar og áhorfendum. [...] Taugaóstyrkur og algert kunnáttuleysi ríkti á leiksviðinu allan tímann – nema aðeins í leikslokinn“.



*Ævar Kvaran,  
oft nefndur faðir Bandalagsins*

Bandalag íslenskra leikfélaga var stofnað árið 1950, eins og kunnugt er, að frumkvæði Ævars Kvaran, Lárusar Sigurbjörnssonar og fleiri góðra manna. Mér er nær að halda í ljósi fyrrnefndra ummæla Þorgríms Einarssonar að mikil þörf hafi verið á samtökum áhugaleikara því orð hans benda vissulega til að pottur hafi verið brotinn í þessari starfsemi, margt gert af vanefnum og kannski kunnáttuleysi.

Greinarparturinn sýnir þó öllu betur að íslenskum áhugaleikurum veitti sannarlega ekki af sterkum samtökum til að berjast gegn fordómum í þeirra garð – svo ég segi ekki höfuðborgarhroka og sperringi. Það átti enda eftir að koma á daginn að framundan voru átök, heit og köld stríð af öllu tagi í fimmtíu ár. Barist var við fjárveitingavald og sveitarstjórnir, við svokallaða atvinnumenn í leikhúsi og marga fleiri. Oft var leikurinn tvísýnn, stöku sinnum var áhugaleiklist á Íslandi talin af – t.d. var gefið út ótímabært dánarvottorð hennar þegar sjónvarpið hóf starfsemi árið 1966 og enn þegar myndbandsbyltingin gekk í garð. En við erum enn á róli árið 2002 og erum að púla í leikhúsunum okkar þrátt fyrir hrakspár og ég ætla að bregða mér allra snöggvast úr gervi sagnfræðingsins og hins hlutlausa söguritara yfir í fót áhugaleikarans, sem hefur haft nokkur kynni af áhugaleikhúsi í öðrum löndum, þegar ég segi að við eigum besta áhugaleikhús í heimi – kalt mat og mér er nær að halda að Bandalagið eigi meira en lítinn þátt í því að við erum svona flott í dag. Við erum mörg og við erum metnaðarfull og menntuð og sterk. Og við eigum Bandalaginu það að þakka!

Það var því sannarlega gott þegar liðin voru 50 ár frá stofnun samtakanna að staldra við og líta um öxl – grafast fyrir um það hvernig við höfum orðið að því sem við erum. Stjórnin tók ákvörðun um að láta skrá sögu hreyfingarinnar með það fyrir augum að gefa söguna að því búnu út á bók. Vonir standa svo til að þessi bók geti orðið til að glöggva amatöra nútímans á því hvað það merkir að starfa í áhugaleikhúsi – vonandi eru allir með það á hreinu að amatör er latína, myndað af sögninni amo, ég elska, og þeir sem ekki eru ástfangnir í tólmundastarfinu eru ekki að leggja sig fram. Það hefur margoft verið sagt að til þess að vita hvert maður stefnir þarf maður að vita hvaðan maður kemur og það hlýtur að vera höfuðmarkmið þessarar vinnu að reyna að setja niður á blað nokkurs konar leiðarlýsingu Bandalagsins fram til ársins 2000.

Í annan stað gæti slíkt rit orðið til að fræða sporgöngumenn Þorgríms Einarssonar um það hvað áhugaleiklist er í raun og veru; ef bókin verður væn er í öllu falli hægt að rota þá alsljóustu með henni svo þeir sjái ljósið.

Talsverð undirbúningsvinna fór fram á síðasta ári en hin eiginlega söguritun hófst nú í vor. Ég lagði upp með að gera þetta á tveimur árum, fyrra árið færi í heimildasöfnun og hið seinna í sjálfa söguritunina. Stefnit skal að því að öll framsetning verði hin aðgengilegasta og verkið á að skreyta og skýra með myndum eins og kostur gerist.

Tíminn sem liðinn er, hefur að mestu leyti farið í að brjótast gegnum gögn á skrifstofu bandalagsins. Það hefur satt að segja komið mér á óvart hversu mikið er varðveitt af skjölum, fundargerðabókum, bréfauppköstum og fleiru. Ég hefi semsé verið á kafi í þessum gögnum frá því í apríl og fráleitt leiðst þann tíma, í félagsskap með áhugaleikurum á 50 ára vegferð.

Svo er ég svo heppinn að með mér starfar framúrskarandi sögunefnd sem fundað hefur reglulega og farið yfir málin, stutt mig og leiðbeint í hvívetna. Það er auðvitað ómetanlegt að styðjast við slíka nefnd, en þessi er meiri stoð en kannski blasir við. Hún er skipuð þeim Einari Njálssyni, fyrrum formanni BÍL og Sigrúnu Valbergsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra BÍL og Þorgeiri Tryggvasyni, fyrrum starfsmanni BÍL og alvitringi, og Vilborg Valgarðsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri BÍL, hefur setið alla fundi. Þetta er eins og ég væri að fjalla um lok síðari heimsstyrjaldar og sæti á tíðum og löngum fundum með þjóðarleiðtogunum og Jósef Stalín segði allt í einu: Muniði strákar hvað það var mikið fjör á Yalta! Og svo færu allir að hlæja.

Þessi ágæta nefnd brúar náttúrulega sögu síðustu 20 ára í sjálfri sér og ég get sem dæmi sagt: „Nú er ég að spekúlera í merki bandalagsins“ og þá segir Sigrún kannski: „Já þetta var þannig að Einar segir ...“. Þá grípur Einar inn í og segir: „Já, það var þannig ...“. Það kemur náttúrulega upp úr dúrnum að það var ekkert flóknara en það að þau höfðu í félagi rispað þetta á blað á stjórnarfundi og svo var Sigurður Örn Brynjólfsson auglýsingateiknari og kvikmyndagerðarmaður fenginn til að útfæra hugmyndina. Allt í einu er komin heilmikil saga á bak við þetta merki sem maður hefur haft fyrir augunum öll þessi ár. Og ég hugsar: Af hverju er verið að skrifa bók? Á ekki bara að gefa þessa nefnd út á margmiðlunardiski?

#### *Merkissaga*

Á stjórnarfundi 10/4 1959 er framkvæmdastjóra BÍL falið að leita eftir hugmyndum að gerð merkis. Í framhaldinu var samþykkt tillaga um að efnt yrði til samkeppni um gerð merkis fyrir BÍL á aðalfundi í júní 1959 og skyldi leggja tillögur fyrir aðalfund að ári. Málið var rætt á stjórnarfundi 1/2 1960 og þá

## ***Fyrstu þrjú framkvæmdastjórar Bandalagsins***



Sveinbjörn Jónsson  
1951–1974



Helga Hjörvar  
1974–1983



Sigrún Valbergsdóttir  
1983–1988



samþykkt að óska eftir tillögum félaga í þessu efni með það fyrir augum að tillögurnar gætu verið til sýnis á næsta þingi.

Af þessu varð þó ekki. Málið virðist hafa sofnað og sofið í 15 ár. 13/6 1976 var loks rætt um það að hreyfingin ætti ekkert merki; ákveðið að auglýsa eftir tillögum í fréttabréfi. Ekkert virðist hafa bólað á viðbrögðum og ári síðar, haustið 1977, samþykkir stjórn enn að leita til aðildarfélaganna um tillögu að merki BÍL og er skilafrestur veittur til 1. des. 1977. Fresturinn dróst þó öllu lengur og nú varð enn kyrrt um hríð.

Merkismálinu var enn hreyft á aðalfundi 1980. Það var rætt á stjórnarfundum skömmu síðar og Helgu Hjörvar framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Myndlista- og handíðaskólann um tillögu.

Í febrúar 1982 var loks gefist upp á að eltast við MHÍ – það hafði engan árangur borið þrátt fyrir ítrekanir. Í staðinn ákveðið að efna til samkeppni meðal félaganna. Í dómnefnd voru Björn G. Björnsson, Steinþór Sigurðsson og framkvæmdastjóri. Ekki er að sjá að ein einasta tillaga hafi borist þá frekar en fyrri daginn.

Í júlí 1983 ræddi stjórn um „Leiklistarblaðið og allir á einu máli um að hressa þyrfti upp á útlit þess. M.a. um það rætt að þeirri útlitsbreytingu þyrfti að fylgja merki BÍL – Sigrúnu falið að ræða málið við Bjarna Þór Bjarnason myndlistarkennara á Akranesi um tillögu að merki“. Og nú fóru hjólin loks að snúast.

Hinn 20/11 1984 segir í stjórnarfundargerð: „Sigrún og Einar fundu hugmynd að merki sem nú er í vinnslu hjá fagmanni“. Þetta er auðvitað fundurinn sem þau Einar og Sigrún mundu eftir. En svona varð merki BÍL til.

Annað dæmi um það að hversdagslegir hlutir hafa allt í einu fengið stöðuhækkun í kjölfar þessarar söguritar er yfirlætislaus diskur, sem á heima ásamt bollapörum og leirtaui margvíslegu í eldhússkáp Bandalagsins og hefur ekki um langt árabil haft neina merkilega fúnksjón umfram aðra glervöru sem þar er vistuð.

Á einhverjum fundi sögunefndar greindi ég frá athugunum mínum á frásögnum um leikför Norska ríkisleikhússins hingað í boði BÍL með Brúðheimili Ibsens. Bandalagið var býsna stórhuga á þessum árum og rakst semsé í því að fá hingað leikflokk sem kom hingað upp og sýndi þetta stórvirki sumarið 1957. Einar rámaði þá í að flokkur þessi hefði haldið sýningu á Húsavík og þakkað Leikfélagi Húsavíkur fyrir móttökurnar með því að gefa félaginu vandaðan leirplatta með áletruðum þökkum og góðum óskum. Einar lýsti plattanum allvel og allt í einu var eins og rynni upp ljós fyrir þeim Sigrúnu og Vilborgu, þær höfðu séð slíkan disk og það meira að segja á skrifstofunni; norska leikhúsfólkið hafði náttúrulega



*Helgi Seljan barðist á þingi fyrir fjárveitingum til áhugaleiklistarinnar*

fært Bandalaginu sams konar disk með sömu kveðjum. Smátt og smátt hafði fennt yfir söguna á bak við diskinn og þar kom að hann hafði pompað oní að þjóna sem óbreyttur öskubakki og gerði það um langt árabil.

Ekki höfðum við lengi rætt þetta er Vilborg stökk upp í skáp og kom til baka með bakkann. Hann var að sönnu orðinn nokkuð skáldaður eftir að harðhentir stórreykingamenn höfðu drepð í og e.t.v. slegið úr pípum sínum á honum um áratugaskeið. En nú hefur hann sem sé öðlast sinn forna sess og er orðinn antikgripur með sögu ofan í kaupíð. Og sú saga er dáldið eins og H.C. Andersen og Jónas Hallgrímsson hefðu samið hana. En hún er eigi að síður dagsönn.

En þetta voru útúrdúrar. Það sem ég vildi sagt hafa er að ég er að ljúka við þessa reisu mína gengum pappírshaugana, með viðkomu í fundargerðum aðalfunda og stjórnna, bréfum, m.a. frá aðildarfélögum og köllum og kellingum um allt land, margvíslegum gögnum er varða samskipti við alþingi og ráðuneyti og NAR og IATA, skýrslum, ársreikningum, fréttapistlum, blaðaúrklippum og auðvitað mörgu fleiru.

Nú er komið að því að fara að snúa sér að lifandi heimildum eða munnlegum; þ.e. taka viðtöl við fólk sem tekið hefur ríkan þátt í starfi BÍL eða kannski bara látið sér þykja vænt um það um lengri eða skemmri tíma; auðvitað helst fólk sem man langt aftur og það er gaman að segja frá því að meðal þátttakenda á allra fyrsta námskeiðinu – einhverju því allra fyrsta sem þetta bandalag tók sér annars fyrir hendur – er enn að. Þetta er Sigurður Hallmarsson á Húsavík. Við eigum enn undirritaða umsókn hans og margvísleg gögn frá þessu námskeiði. Ég get satt að segja ekki beðið eftir því að hitta hann, vonandi verður það sem fyrst. Ég er búinn að koma mér upp óskalista með nöfnum fjölmargra sem mig langar að ræða við – það má endilega koma með frekari ábendingar.

Sýnishorn úr bréfum til og frá skrifstofu Bandalagsins

22.05.1952 – Tómas R. Jónsson, Blönduósi til BÍL.  
 „... Starfsárið sem nú er liðið var okkur erfitt. Veldur þar mestu um eindæma ótið og fannalög allt frá áramótum og fram að mánaðarmótum apríl-maí. ... allir þessir örðugleikar, samfara því að sækja æfingar langa leið, eins og mörg okkar þurfum að gera, því ekki var bífært um þorpið mánuðum saman, en vegalengdir allmiklar, gera það að verkum að maður þreytist á þessu og hefur í heitingum um að hætta því með öllu, en svo kemur sumarið og þá fer ég ósjáfrátt að hugsa um þetta starf næsta vetur“.

02.12.1953 – Björn Dúason, Siglufirði, til Sveinbjörns Jónssonar framkvæmdastjóra.

„... Því miður hefur aðsókn að leiknum [Loganum helga] ekki verið góð, en það er ekki öðru um að kenna en því að leiklistarsmekkur fólksins hér er því miður á lágu stigi, og við töpum á leiknum, en mér persónulega kemur það ekkert á óvart, var alltaf við því búinn, enda höfðum við tryggt okkur fyrir tapinu fyrirfram, með hlutaveltu í haust og kvöldvöku, sem fólk hér um slóðir hefir dálæti á (sé nóg húla-húla og hí-hí). En allir sem vit hafa á telja sýningu á þessu leikriti marka tímamót í leiklistarlífi bæjarins...“.

[án dags.]1953 – Skýrsla um starfsemi Leikfélags Húsavíkur leikárið 1952–1953.

„... Aðsókn [á Skugga-Svein í mars 1953] var, eins og að framan segir, sérstaklega góð og eru varla dæmi til annars eins hér um margra ára skeið og ef til vill aldrei, enda snjólaust um allar sveitir eins og að sumri til. T.d. komu menn austan úr Kelduhverfi gangandi yfir Tunguheiði á Tjörnesi sama dag og sýnt var og fóru heim aftur um nóttina að sýningu lokinni, en það er 5–6 klst. gangur hvora leið“.

26.08.1958 – Sveinbjörn Jónsson til Sveinjóns Ólafssonar, V-Eyjafjallahreppi.

Niðurlag bréfs um útistandandi árgjöld og innheimtar hárkollur og handrit: „Eru nokkur ber þarna nálægt þér? Hvernig er ferðum austur háttað ef þú teldir að vit væri í að fara þarna austur til berja?“

08.02.1964 – Angantýr H. Hjálmarsson, Sólgarði, Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, til BÍL

„... en næsta vetur mun Bindindisfélagið Dalbúinn reyna að setja leik á svið. Leikritið er samið af manni hér í sveitinni. Til þess að leikurinn nái tilætluðum árangri, vantar ýmis hljóð, sem þyrftu að vera til á segulbandi. Í fyrsta lagi þarf að heyrast nokkrum sinnum í spóa og einnig í lóu, einnig vantar hundsgelt og veðurhljóð. Mér kom til hugar, hvort Bandalag íslenskra leikfélaga mundi ekki hafa þessi hljóð í fórum sínum og annað hvort lána þau við leikinn eða selja okkur þau á segulbandsspólu, en það væri besta lausnin. Ég spyr að þessu nú, vegna þess að við verðum að reyna að ná fuglunum á segulband í sumar, ef þið getið ekki hjálpað okkur“.

21.12.1964 – Tómas R. Jónsson, Blönduósi til Sveinbjörns Jónssonar, framkvæmdastjóra.

„Ég hefi heyrt að karlakórinn Vökumenn sem er hér í næsta hreppi, Torfalækjarhreppi, hafi sótt um inntöku í bandalagið okkar. Þeir koma hingað á Húnavöku með frekju og söng og alltaf eitthvert smástykki sem enn sem komið er hefur verið hér til skammar í sýningum þeirra, ágóðanum skipta þeir svo og halda innbyrðis veislu, en styrkja ekkert málefni svo ég viti til. Mér þætti vænt um að þú hefðir bréflengt samband við mig áður en þú tekur þá inn. Láttu mín samt ekki geti í þessu sambandi. Þeir hafa alltaf orðið að fá fólk hér á Bl[önduósi] til að leika þessa þætti, viðvaninga. En ég sé ekki að þessir menn eigi nokkurn rétt til Bandalagsins eða eigi þar heima“.

### „Stórviðburðir“ úr sögunni



Sænska Riksteatern heimsótti okkur árið 1957. Sveinbjörn framkvæmdastjóri fór með gestunum í skoðunarferð.



Stjórnin, sem var svo stórhuga að láta Bandalagið festa kaup á eigin húsnæði árið 1995.



Frá setningu fyrstu alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar sem Bandalagið stóð fyrir á Akureyri árið 2000.

## **Fundargerðir stjórnarfundar Bandalags íslenskra leikfélaga**

*Fundargerðir ritaði Hulda B. Hákonardóttir, ritari stjórnar Bandalagsins, nema annað sé tekið fram.*

### **Stjórnarfundur BÍL 12. maí 2002 á Hallormsstað**

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Sigríður Karlsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

#### **1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Formaður: Einar Rafn Haraldsson, varaformaður: Guðrún Halla Jónsdóttir, ritari: Hulda B. Hákonardóttir, meðstjórnendur: Hörður Sigurðarson og Lárus H. Vilhjálmsson.

#### **2. Endurskoðun laga BÍL**

Vegna breytinga á útgáfumálum BÍL er ákveðið að allir stjórnarmenn yfirfari lög BÍL fyrir næsta stjórnarfund, skoði sérstaklega það sem viðkemur útgáfu Leiklistarblaðsins en einnig aðrar greinar. Einnig rætt hvort ekki sé rétt að tryggja BÍL rétt á Leiklistarblaðinu.

#### **3. Leikstjórasmningar**

Stjórn lítur svo á að aðalfundur hafi gefið grænt ljós á tillögur að samkomulagi við leikstjóra. Ákveðið að biðja Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðing, að semja bréf til FLÍ þar sem fram komi afstaða aðalfundar til samningamála og hugmyndir að e.k. verksamningi.

#### **4. Auglýsingar**

Ákveðið að kaupa „kött“ (smáauglýsingar hér og þar í blaðinu) í Morgunblaðinu þar sem Bandalagið vekur athygli á sér og sinni þjónustu og vefsíðu sinni leiklist.is. Kostnaður fyrir 30 birtingar er 1.585 kr. pr. birtingu.

#### **5. Úthlutunarfundur 2002**

Ákveðið að halda hann á skrifstofunni föstudaginn 28. júní nk. kl. 12.00 og ef ekki tekst að ljúka honum þann dag, þá verði hægt að funda til hádegis daginn eftir.

#### **6. Skoðanakönnun**

Hulda reifar hugmynd um að gera skoðanakönnun meðal aðildarfélaganna BÍL þar sem kanna mætti afstöðu til ýmissa málaflokka sem varða starfsemi félaganna og tengsl við Bandalagið. Stjórn gefur grænt ljós á að Hulda útfæri hugmyndina áfram.

### **Stjórnarfundur BÍL 28. júní 2002 að Laugavegi 96, Reykjavík**

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

#### **1. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins v/leikársins 2001–2002**

Farið yfir styrkumsóknir aðildarfélaganna og tillaga gerð að úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins. Að þessu sinni barst 151 umsókn frá 47 leikfélögum. Stjórn getur einungis gert tillögu um styrk þegar fyrir liggur gild umsókn og gögn skv. úthlutunarreglum BÍL og því var eftirfarandi umsóknum hafnað:

Umsóknum frá Snúði og snældu, Leikkúbbnum Spuna og Leikfélagi Blönduóss vegna námskeiða sem náðu ekki lágmarkstímalengd (18 tímar).

Umsókn frá Leikfélagi Keflavíkur vegna götuleikhúss þar eð ekkert myndband barst.

Umsóknum frá Leikfélaginu Ofleik, Leikfélagi Dalvíkur, Leikfélagi Húsavíkur og Leikfélaginu Grímni vegna samsettra dagskráa/skemmtidagskráa þar sem tilskilin gögn bárust ekki.

Stjórn mun framvegis setja það sem skilyrði að myndband fylgi umsóknum sem falla undir lið B í úthlutunarreglum BÍL (samsettar dagskrár, kabarettar, vandaðar bókmenntakynningar og götuleikhús) til að geta komið til greina.

#### **2. Leikstjórasmningar**

Farið yfir drög að bréfi til Félags leikstjóra á Íslandi varðandi uppsögn kjarasamningssambands FLÍ og BÍL. Endanlegur texti samþykktur.

#### **3. Ársrit 2001–2002**

Starfsfólk skrifstofu leggur fram drög að næsta ársriti sem er yfirfarið og samþykkt til áframhaldandi útfærslu. Einar Rafn mun skrifa leiðara.

#### **4. Fundargerð aðalfundar 2002**

Enn hefur ekki tekist að ganga frá fundargerðinni en gera má ráð fyrir því á allra næstu dögum og þá verður hún send stjórnarmönnum til samþykktar.

5. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra  
Skv. venju er launaliður ráðningarsamnings til endurskoðunar 1. júlí árlega og er formanni og varaformanni falið að ganga frá þessum lið við framkvæmdastjóra.

6. NEATA – fundur og leiklistarhátíð.

Næsti fundur NEATA verður haldinn í Västerås í Svíþjóð 2. og 5. ágúst nk. í tengslum við leiklistarhátíð NEATA. Þar sem Hulda Hákonardóttir og Hörður Sigurðarson verða bæði á þeim slóðum þessa daga munu þau sinna fundinum, Hulda sem fulltrúi BÍL. Eins og kunnugt er fer Leikfélag Kópavogs með leiksýninguna Grimms á hátíðina.

### **Fundur stjórnar 3. október 2002 að Laugavegi 96, Reykjavík.**

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Hörður Sigurðarson, Sigríður Karlsdóttir, Guðrún Esther Árnadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og Ármann Guðmundsson starfsmaður.

1. Einar Rafn setti fund kl. 17.00 og kynnti fundarefni

2. Starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2002–2003:

Almenn starfsemi:

2.1 Rekstur þjónustumiðstöðvar.

Allt við það sama. Áður ákveðnum framkvæmdum í eldúsi hefur ekki verið lokið. Framkvæmdastjóri segir að henni þyki þessar framkvæmdir ekki það aðkallandi að ráðast þurfi í þær meðan reksturinn sé fjármagnaður með yfirdráttarláni. Hún segist reikna með að það verði greitt innan skamms.

2.2 Rekstur fasteignar.

Stjórnuþió hefur verið selt í tvennu lagi. Annars vegar húseignin að Laugavegi 94 sem Reykjavíkurborg keypti og áformar að rífa og hins vegar bíosalur að Laugavegi 96, hæðin ofan á skrifstofu BÍL, sem einkaaðilar keyptu með það fyrir augum að gera úr henni íbúð. Framkvæmdir við það eru þegar hafnar.

Bandalagið greiddi upp skuldabréfin vegna kaupa á fasteign sinni þann 15. september sl. en fær ekki afsal vegna þess að eignaskiptasamningi hefur enn ekki verið þinglýst.

Ákveðið að gefa Keflavíkurverktökum frest til 1. nóvember 2002, hafi samningnum þá ekki verið þinglýst verður höfðað mál þeim á hendur.

2.3 Ársrit BÍL leikárið 2001–2002

Ritið er á lokastigi í vinnslu og var lagt fram til kynningar. Ákveðið að biðja Sævar Sigurgeirsson að prófarkalesa.

2.4 Starfsemi Leiklistarskóla BÍL 2002–2003.  
Skólanefnd lagði fram eftirfarandi tillögur:

Haust 2002 að Laugavegi 96:

Helgarnámskeið í förðun, framhald, kennari Gréta Boða.

Fyrri tímabil 2003, 14. til 22. júní að Húsabakka:  
Master class fyrir reynda leikara, kennari Ágústa Skúladóttir.

Master class fyrir reynda leikstjóra, kennari Sigrún Valbergadóttir.

Framhald fyrir höfunda, kennari Karl Ágúst Úlfsson.

Seinna tímabil 2003, 12. til 16. ágúst í Félagsheimili Kópavogs:

Að breyta fötum í leikbúninga, kennari Alda Sigurðardóttir.

Leikhúslýsing, kennari ekki ákveðinn.

Gerfagerð, kennari Ásta Hafþórsgóttir.

12. til 16. ágúst á Akranesi:

Námskeið fyrir unglínga, 15 til 18 ára, kennari Ágústa Skúladóttir.

Stjórn samþykkti tillöguna. Hún fól nefndinni að vinna hana áfram og fá nánari námskeiðslýsingar frá kennurum fyrir næsta stjórnarfund.

2.5 Viðhald vefsíðunnar leiklist.is.

Þeir aðilar sem sjá um viðhaldið eru þau Hörður Sigurðarson, Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir ásamt því að Þorgeir Tryggvason leggur til efni af og til. Fyrirhugað er að breyta forsiðunni og gera aðgengi að einstökum vinsælum síðum einfaldara með nýjum virkum dálki vinstra megin. Kostnaður við þetta er á bilinu 20–30 þúsund. Eins eru í gangi ýmsar hugmyndir að nýju efni, s.s. að birta örleikrit, bjóða rithöfundum að skrifa leikrit beint á vefinn, fá fleiri auglýsingar á forsiðuna o.fl. Lagt var fram yfirlit yfir notkun vefsins sl. 3 mánuði og mátti þar t.d. sjá gífurlega aukningu í september miðað við júlí og ágúst en á þessu tímabili voru heimsóknir að meðaltali 700 á viku.

Stjórn lýsir yfir ánægju með vinnu þeirra sem sjá um vefinn.

2.6 Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum.

Formaður lagði fram 3 tillögur að samstarfs-samningum við Menntamálaráðuneytið; a) vegna leikferða aðildarfélaganna til útlanda, b) reksturs þjónustumiðstöðvar og c) uppsetninga aðildarfélaganna. Tillögurnar fela allar í sér að Bandalagið innir af hendi ákveðna þjónustu fyrir ákveðna upphæð með það að markmiði að auka fjárveitingar til starfseminnar.

Lýst var yfir mikilli ánægju með þetta framtak formannsins og ákveðið að vinna allar tillögurnar

áfram og leggja fyrir ráðherra sem fyrst.

Sérverkefni starfsársins:

2.7 Haldinn verði haustfundur 2002.

Liðnum frestað til loka dagskrár.

2.8 Fylgja eftir vinnu við gagnasöfnun og ritun sögu BÍL. Verkið gengur vel og von á góðri og skemmtilegri sögu, jafnvel fyrr en áætlað var. Bjarni Guðmarsson ritstjóri mun á haustfundi kynna það sem komið er og ræða framhaldið.

### 3. Staðan í samskiptum BÍL við Félag leikstjóra og hvernig á að bregðast við henni.

Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur og Árni Baldvinsson úr samninganefnd mæta til fundar. Hrefna skýrði álit sitt á svarbréfi FLÍ við bréfi BÍL vegna samnings-sambandsslitanna. Miklar umræður voru um málið. Ákveðið að samninganefnd (Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson og Árni Baldvinsson) ásamt Hrefnu, óski eftir fundi með stjórn FLÍ til að áréttta sjónarmið stjórnar BÍL sem koma fram í bréfinu frá 3. júlí 2002. Stjórnin vonar að gagnkvæmur skilningur náist með þeim viðræðum.

Stjórn hvetur aðildarfélögin til að hafa samband við þjónustumiðstöðina til að fá ráðgjöf varðandi gerð verktakasamninga við leikstjóra.

### 4. Önnur mál

#### 4.1 Fundargerð aðalfundar 2002.

Fundargerðin lögð fram mikið stytta frá upphaflegri útgáfu.

Samþykkt að hún fari í þessu formi í Ársritið en fari fyrst í prófarkalestur.

#### 4.2 Samstarf BÍL við grunn- og framhaldsskólaleikfélög.

Ákveðið að stjórnarmenn skoði hug sinn gagnvart þeim tillögum sem fram komu á aðalfundi til næsta stjórnarfundar sem haldinn verður í tengslum við haustfund. Þá verði skoðað hvort stofna eigi undirbúningsnefnd um málið.

Aftur að liðnum Starfsáætlun; Sérverkefni starfsársins:

2.7 Haldinn verði haustfundur 2002.

Skiptar skoðanir voru um hvort halda ætti haustfund eða ekki. Meirihluti stjórnar var á þeirri skoðun að hann bæri að halda og ræða þar m.a. samningssambandsslitin við Félag leikstjóra. Aðrir vildu fresta ákvörðun þar til eftir fund samninganefndar með stjórn FLÍ. Dagsetning ákveðin 30. nóvember og staður verður Félagsheimili Kópavogs.

Formaður þakkaði starfsfólki góðan undirbúning fundarins og sleit fundi kl. 22.20.

*Fundargerð ritaði Sigríður Karlsdóttir*

## Stjórnarfundur BÍL 29. nóvember 2002 að Laugavegi 96, Reykjavík

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar Samþykkt.

#### 2. Undirbúningur haustfundar

Ákv. að Guðrún Halla verði fundarstjóri og Hörður varafundarstjóri á haustfundinum. Sömuleiðis ákv. að breyta lítils háttar uppröðun á dagskrárlíðum fundarins og verður það kynnt í upphafi fundar. (Hrefna Friðriksdóttir og Árni J. Baldvinsson mæta á fundinn).

Talsverðar umræður urðu um stöðu mála varðandi samninga við leikstjóra og samskipti við FLÍ. Línur lagðar fyrir kynningu á málinu á haustfundi. Guðrún Halla og Hrefna munu verða þar í forsvari. (Hrefna og Árni yfirgefa fundinn).

#### 3. Starfsáætlun 2002–2003 yfirfarin

Það hefur loksins verið gengið frá eignaskiptayfirlýsingu fyrir Laugaveg 96 og vonandi verður þá hægt að ganga frá afsali fyrir áramót. Okkar eignarhluti er þá endanlega staðfestur sem 21,94%.

Eins og margoft hefur komið fram í fréttum hefur Stjórnubíó verið rífið og með þeim afleiðingum að skrifstofan hefur nú eignast óeinangraðan útvegg! Það er nokkuð ljóst að það mun þurfa að einangra hann og klæða og enn liggur ekki fyrir hver muni bera kostnað af því.

Vilborg mun kanna hver réttur okkar er í þessu máli hjá Húseigendafélaginu.

#### 4. Samstarf áhugaleikhúsfólks og skóla skv. tillögu frá aðalfundi

Á síðasta aðalfundi komu fram hugmyndir um hvort kanna skyldi möguleika á einhvers konar samstarfi milli áhugaleikhúsfólks og framhaldsskólanna, sem vel flestir hafa leikfélag innan sinna veggja. Eftir nokkar umræður um mögulega kosti og galla þess konar samstarfs (að svo miklu leyti sem hægt er að meta það á þessu stigi málsins) er stjórn sammála um að hafa ekki frumkvæði að því að skoða þessa mál nánar í bili.

#### 5. Önnur mál

Fulltrúi BÍL í stjórn Menningarsjóðs Félagsheimila. Ákv. að Lárus taki sæti sem varamaður í þeirri stjórn næstu 2 árin.

## **Stjórnarfundur BÍL 15. mars 2003 að Laugavegi 96, Reykjavík**

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Júlíus Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir, Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir.

### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og samþykkt**

#### **2. Aðalfundur á Ísafirði 2.–4. maí 2003 undirbúinn**

##### **a) Starfsáætlun leikárið 2002–2003 yfirfarin og rædd.**

Almenn starfsemi:

liður 1) Rekstur þjónustumiðstöðvar. Allt samkvæmt venju.

liður 2) Rekstur og viðhald húseignar.

Loksins hefur verið gengið frá afsali á fasteign BÍL að Laugavegi 96 sem telst þá formlega eign BÍL. Borgin hefur samþykkt að ganga frá útvegg þeim er áður hvíldi upp við Stjörnuþíó. Enn er óvíst hvort og hvað byggt verður á Stjörnuþíólóðinni, en að minnsta kosti verður sett upp e.k. klæðning á vegginn. Deiliskipulag fyrir hverfið er nýútkomið og þurfum við að skoða það betur.

Enn hefur komið upp vatnsleki í handritahluta skrifstofunnar og mun Borgin sjá um viðgerð. Það þarf að lagfæra framhlið hússins. Og segja má að það sé orðið tímært að huga að því að mála gluggana og gera úttekt á almennri viðhaldsþörf fyrir húsnæðið. Ákv. að Vilborg sjái um að fá slíkt mat fyrir næsta stjórnarfund.

liður 3) Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2001–2002. Ársritið hefur mælst vel fyrir og almenn sátt um það.

liður 4) Starfsemi Leiklistarskóla BÍL. Undirbúningur er í fullum gangi. Bæklingur hefur verið sendur út og þátttaka er góð.

liður 5) Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar. Heimsóknum á vefsíðuna fer fjölgandi. Fyrstu 9 mánuðina eftir að vefurinn opnaði (sept. 2001–maí 2002) var fjöldi notenda að meðaltali 585 á mánuði. Næstu 9 mánuði þar á eftir (jún. 2002–feb. 2003) voru þeir 1104. Nýlegar útlitsbreytingar og uppfærsla á umsjónarkerfi hafa verið okkur að kostnaðarlausu. Til skoðunar er sérstakt verslunarkerfi fyrir Þjónustumiðstöð.

liður 6) Framlög úr opinberum sjóðum. Engin svör hafa borist frá Menntamálaráðuneytinu vegna umsóknar um hækkaða styrki. Sótt var um hækkun í 3 liðum, þ.e. vegna:

a) leikferða erlendis

b) gólfs eða lágmarks vegna íslenskra leikverka og c) samstarfssamnings um starfsemi þjónustumiðstöðvar.

Sömuleiðis er brýnt að styrkir til uppsetninga leikfélaganna almennt verði hækkadir umtalsvert. Nokkrar umræður urðu um þennan lið þar sem m.a. var rætt um þá mismunun sem er í gangi varðandi opinbera styrki til frjálsu atvinnuleikhópanna annars vegar og áhugaleikfélaganna hins vegar og virðist sú mismunun fara stigmagnandi. Það er virkilegt áhyggjuefni hvað áhugaleikfélögin í landinu njóta lítils stuðnings miðað við það menningarlega, uppeldislega og listræna hlutverk sem þau gegna. Hvernig getum við náð eyrum þeirra sem með peningavöldin fara?

Sérverkefni starfsársins:

Haustfundur var sem kunnugt er haldinn og ritun sögu Bandalagsins gengur skv. áætlun.

b) Ársreikningur 2002 og söluýfirlit frá 1999 Ársreikningur yfirfarinn og samþykktur. Vilborg hefur gert yfirlit yfir sölu Þjónustumiðstöðvar frá 1999 sem sýnir að salan er nokkuð svipuð frá ári til árs.

c) Gerð drög að starfsáætlun 2003–2004 Vilborg mun leggja fram fjárhagsáætlun í grófum dráttum sem og yfirlit yfir viðhaldsþörf á húsnæði Þjónustumiðstöðvar fyrir næsta aðalfund. Varðandi almenna starfsemi er lagt til að í lið 6) verði bætt við b) lið á þá leið að stefnt verði að því að gerður verði þjónustusamningur við Menntamálaráðuneytið.

Lagt til að sérverkefni leikársins verði:

1. Stefnt að útgáfu á sögu Bandalagsins árið 2004.
2. Hefja undirbúning að alþjóðlegri leiklistarhátíð árið 2005.
3. Vinna að samvinnuverkefni BÍL og Borgarleikhússins.

d) Lagabreytingar Framkomnar lagabreytingatillögur yfirfarnar og samþykktar sem tillögur stjórnar fyrir aðalfund.

3. *Samningur við Leikskáldafélag Íslands* Tillaga að nýjum samningi milli BÍL annars vegar og Rithöfundasambands Íslands og Leikskáldafélags Íslands hins vegar um höfundar- og þýðendalaun vegna leiksýninga áhugamanna yfirfarin og rædd. Ákv. að Vilborg geri nánari útreikninga á honum á næstu dögum og þá mun stjórn taka afstöðu í tölvupósti.

#### **4. Erindi frá Borgarleikhúsinu.**

Stjórn BÍL hefur borist bréf frá Borgarleikhúsinu þess efnis að það hafi áhuga á að tengjast blómlegu og fjölbreyttu starfi áhugaleikfélaganna á einhvern skipulagðan hátt. Forsvarsmenn Borgarleikhússins hafa óskað eftir fundi með stjórn BÍL sem fyrst. Ákv. að Vilborg kalli til þess fundar.

### 5. Leikminjasafn Íslands

Samtök um leikminjasafn hafa formlega verið lögð niður og í þeirra stað verið stofnað Leikminjasafn Íslands. Skipulagsskrá lögð fram til kynningar. Sömu fulltrúar (aðal- og varamaður) taki sæti í hinni nýju stjórn. Vilborg er aðalstjórnamaður og Ármann til vara.

*(Greipur Gíslason mætir á fundinn)*

### 2. Aðalfundur á Ísafirði 2.–4. maí 2003, frh.

Greipur gerir grein fyrir skipulagi og kostnaði vegna aðalfundarins. Ljóst er að upphald verður heldur í dýrari kantinum.

*(Greipur fer af fundi)*

### 6. Önnur mál

a) Umsókn Leikdeildar Umf. Vöku um að gerast aðildarfélag í BÍL yfirfarin og samþykkt.

### b) IATA, Halifax 2003

Næsti aðalfundur IATA verður haldinn í júlí nk. í Halifax. Nokkrar umræður urðu um gildi þess að senda fulltrúa fyrir Íslands hönd á fundinn og sýndist sitt hverjum. Umsóknarfrestur er til 15. apríl og mun stjórn taka ákvörðun fyrir þann tíma hvort og hvern hún velur að senda.

c) Samþykkt að veita allt að 200.000 kr. til að endurnýja tölvubúnað Þjónustumiðstöðvar.

d) Guðrún Halla reifar slæmt ástand Leikfélags Akureyrar og hvaða möguleg áhrif það geti haft á leikfélögin á Norðurlandi sem hafa litið á L.A. sem n.k. móðurstöð leiklistar á Norðurlandi.

e) Fundarplan fyrir næsta NEATA-fund í marslok yfirfarið.

### Stjórnarfundur BÍL 2. maí 2003 á Ísafirði

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Júlíus Júlíusson, Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir.

#### 1. Inntaka nýrra leikfélaga

Umsókn um aðild að BÍL hefur borist frá Leikfélaginu M.a.s.

Umsókn yfirfarin og samþykkt af stjórn.

#### 2. Dagskrá aðalfundar yfirfarin

Stjórn deilir með sér verkefnum fyrir fundinn.

#### 3. IATA-fundur 2003 í Halifax

Einar Rafn leggur til að enginn fulltrúi verði sendur frá Íslandi á fund IATA í júlí nk. og að Bandalagið feli fulltrúa Færeyja að fara með atkvæðin okkar 6. Samþykkt.

*(Ármann Guðmundsson fer af fundi)*

#### 4. Erindi frá starfsmanni skrifstofu

Starfsmaður skrifstofunnar, Ármann Guðmundsson, hefur með bréfi til stjórnar óskað eftir auknu starfshlutfalli hvort heldur tímabundið eða fast. Með því væri t.d. hægt að lengja opnunartíma Þjónustumiðstöðvarinnar og fela starfsmanni ýmis sérverkefni.

Stjórn kemst að þeirri niðurstöðu að þó vissulega væri þarft og gott að geta aukið stöðugildi á skrifstofunni þá leyfi fjárhagsstaðan það ekki að sinni.

*Fundi slitið*

### Hluti stjórnarmanna á góðri stundu



# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn í Menntaskólanum á Ísafirði 3. og 4. maí 2003.



## 1. Fundarsetning

Einar Rafn Haraldsson formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Stakk upp á Sveinbirni Björnssyni, Litla leikklúbbum, og Hrefnu Friðriksdóttur, Hugleik, sem fundarstjórum.

Samþykkt samhljóða.

Hrefna tók við fundarstjórn og stakk upp á Ármanni Guðmundssyni, ritara skrifstofu Bandalagsins og Þorgeiri Tryggvasyni, Hugleik, sem fundarriturum.

Samþykkt samhljóða.

Fundarmenn kynntu sig.

Fundarstjóri minnti á leikþáttasamkeppni leiklist.is og að frestur til að greiða atkvæði væri til hádegis. Einnig þakkaði hann Litla leikklúbbum fyrir sýninguna á Söngvaseið sem fundarmenn sáu kvöldið áður.

## 2. Kjörnefnd

Sveinbjörn Björnsson sagði frá því að 18 félög hefðu lagt fram gild kjörbréf. Alls væru því 23 atkvæði á fundinum með atkvæðum aðalstjórnarmanna. Þeir Jón Sigurðsson, Leikfélagi Rangæinga, dreifðu síðan atkvæðaspjöldum.

## 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd

Júlíus Júlíusson, varastjórn Bandalagsins og Leikfélagi Dalvíkur, las stefnuna.

Engar umræður.

## 4. Inntaka nýrra félaga, leikfélög tekin af félagaskrá

Hulda B. Hákonardóttir, stjórn og Hugleik, greindi frá því að þrjú leikfélög hefðu sagt sig úr Bandalaginu: Leikflokkurinn sunnan Skarðsheiðar í Akraneshreppi, Leyndir Draumar í Reykjavík og Leikfélag Austur-Eyfellingsa.

Tvö leikfélög óska inngöngu í Bandalagið, Leikdeild Umf. Vöku í Villingaholtshreppi og Leikfélagið M.a.s., Ásgarði,

Kópaseli í Lækjarbotnum. Stjórn hefur yfirfarið umsóknir og lög félaganna og mælir með inngöngu þeirra.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd

Fundargerðin var send formönnum sl. sumar og hefur verið aðgengileg á vefnum.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir starfsárið 2002–2003 – lögð fram á aðalfundi á Ísafirði 3. maí 2003.

Stjórn Bandalagsins er þannig skipuð:

Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum, formaður

Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri, varaformaður

Hulda Björg Hákonardóttir, Reykjavík, ritari

Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi

Lárus H. Vilhjálmsson, Mosfellsbæ, meðstjórnandi

Í varastjórn eru:

Sigríður Karlsdóttir, Selfossi

Guðrún Esther Árnadóttir, Mosfellsbæ

Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli

María Gréta Ólafsdóttir, Sauðárkrúki

Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík

Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný

Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundir:

Stjórnin hefur komið saman til 5 reglulegra stjórnarfunda frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir að Hallormsstað, í Kópavogi og í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Margvísleg málefni hafa að venju verið til umfjöllunar, s.s. úthlutun styrkja, samningsleysi við leikstjóra, málefni Leiklistarskóla BÍL, fjármál BÍL, útgáfumál á pappír og neti ásamt undirbúningi haust- og aðalfunda.

Að frumkvæði stjórnar Bandalagsins var Leikskáldafélagi Íslands send tillaga að breytingu á samningi þeim sem verið hefur milli aðila undanfarin ár, á þá leið að bæta við nýjum lengdarflokki fyrir örleikrit og styttri einþáttingu. Í framhaldi af því var ákveðið að endurskoða samninginn allan og komust samningsaðilar að samkomulagi um nýjan samning sem skrifað var undir þann 16. apríl sl. og fylgir í fundargögnum. Hann tekur gildi þann 1. júní 2003. Helsta breytingin, fyrir utan fjölgun lengdarflokka, er lækkun upphæða höfundar- og þýðendalauna fyrir hverja sýningu en á móti greiðist að lágmarki fyrir 8 sýningar, var áður 6 sýningar. Samkvæmt útreikningum Þjónustumiðstöðvar hefðu höfundar- og þýðendalaun aðildarfélaganna leikárið 2001–2002 verið 4.340 þúsund samtals eftir nýja samningnum en voru 5.350 þúsund eftir þeim gamla. Þetta er því hagstæður samningur þegar á heildina er litið að mati stjórnarinnar.

Allar fundargerðir stjórnarfunda er að finna í ársriti BÍL og á leiklist.is undir Bandalagið/Fundir. Á fundum eru skoðanaskipti



yfirleitt líflæg og fjallað um flest þau svið er áhugaleikhúsið varða.

Leikfélögin:

Aðildarfélögin voru eftir síðasta aðalfund 70 talsins. Eftir því sem næst verður komist hafa um 40 leikfélög verið starfandi á leikárinu og hafa þau sett upp samtals 59 verkefni, þar af eru 40 íslensk og 19 erlend. Þess má geta að þessi talning er ekki endanleg og liggja niðurstöður um fjölda verkefna ekki fyrir fyrr en eftir að unnið hefur verið úr styrkumsóknum félaganna sem eiga að berast þjónustumiðstöðinni fyrir 10. júní nk. Hæsti styrkur (eða 100%) fyrir verk á leikárinu 2001–2002 var 250.000 og álag frá 10% til 30% af þeirri upphæð. Vegna fjölgunar verkefna lækkaði styrkurinn úr 308.000 frá árinu áður, en heildarupphæð til úthlutunar hækkaði ekki milli ára.

Aðalfundur 2002 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2002–2003:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL  
Reksturinn hefur verið með óbreyttu sniði hvað varðar starfsmannahald og opnunartíma og verkefni hafa verið óbreytt að eðli, þ.e. ýmis konar þjónusta við aðildarfélögin, félagasamtök, atvinnuleikhúsin og einstaklinga ásamt samskiptum við opinbera aðila. Sala á leikhúsfarða og tengdum vörum hefur verið aðaltekjulindin og er svo enn, eins og fram kemur í ársreikningi sem lagður verður fram hér á eftir.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Mikið hefur gengið á við og í kring um þjónustumiðstöðina á liðnu ári. Fyrst skal nefna niðurrif á Stjórnubíói, sem var samfast húsinu okkar. Bíóið er sem sagt horfið og eftir stendur óeinangraður útveggur, allur misþykkur og ótrúlega ljótur, lekur og ómögulegur í alla staði. Reykjavíkurborg hefur falið arkitektastofu að hanna viðgerð á honum og þannig standa mál í dag. Þetta verður vonandi komið í lag fyrir næsta vetur. Reykjavíkurborg keypti einungis húseignina að Laugavegi 94 en Stjórnubíói tilheyrði einnig efsta hæðin númer 96, eða hæðin ofan við okkar húsnæði. Sú hæð var seld einstaklingum sem hófust þegar handa við að innrétta þar íbúð sem þau fluttu svo inn í í mars sl. Mikið skark og læti við þessar framkvæmdir hafa vissulega sett mark sitt á okkar eign, m.a. kom gat á vegg svo sá í heiðan himininn og leki kom aftur að þaki á handritasal. Það er enginn vafi á því að Reykjavíkurborg og nýr eignadi á efstu hæð eru skaðabótaskyld og hafa lofað viðgerðum en ekki hafst að ennþá.

Þann 29. apríl sl. var stofnað Húsfélagið að Laugavegi 96 og ákveðið að gera viðgerða- og kostnaðaráætlun vegna sameignar utanhúss og innan.

Að lokum verður að geta þess að eignaskiptasamningi fyrir húseignina, sem verið hefur að þvælast milli aðila síðan við keyptum okkar hluta snemma árs 1995, var loks þinglýst í lok árs 2002 og í kjölfarið gefið út afsal til okkar. Í september 2002 greiddum við upp stóru lánin sem við tókum til kaupanna og eigum eignina því sem næst skuldlaus í dag.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2001–2002

Ársrit fyrir leikárið 2001–2002 kom út skv. áætlun í september á liðnu ári. Það var með svipuðu sniði og fyrsta ársritið og því var dreift í einu eintaki til hvers aðildarfélags svo og til þeirra opinberu aðila sem málið varðar. Ársritið er á vefsíðunni okkar, leiklist.is, og auðvelt fyrir hvern sem vill að prenta það út þaðan. Ritstjórn var á höndum aðalstjórnar Bandalagsins en efnisöflun og uppsetning var gerð af starfsmönnum okkar. Fengin var utanaðkomandi aðstoð við prófarkalestur.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirbyggjandi námskeiðaáætlun

Skólanefnd mun gera grein fyrir starfsemi skólans hér á eftir undir liðnum skýrslur nefnda. Jöfn og góð aðsókn er að skólanum og vinsældir hans aukast fremur en hitt enda hafa mjög hæfir einstaklingar fengist til kennslu og til að sjá um skólalahaldið.

5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar Lénsherra vefsíðunnar mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda. Heimsóknum á vefinn fjölga og framboð á efni hans eykst. Óhætt er að segja að reynslan hafi leitt í ljós að rétt var að ráðast í það mikla og kostnaðarsama verk að setja upp góða vefsíðu og sinna henni vel. Hér gildir það sama og segir fyrr um Leiklistarskólann, að öllu skiptir að hæfir einstaklingar annist um þessa mikilvægu þætti.

6. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.

Á síðustu mánuðum ársins vann stjórn Bandalagsins tillögur að nýjum samningum við Menntamálaráðuneytið. Þær voru í þrennu lagi. Í fyrsta lagi var gerð tillaga að þjónustusamningi ráðuneytisins við þjónustumiðstöð Bandalagsins. Í öðru lagi var gerð tillaga að nýjum samingi um ferðastyrki til þeirra leikfélaga sem ferðast erlendis með sýningar og í þriðja lagi var gerð tillaga sem fól í sér lágmarksstyrk til uppsetninga nýrra íslenskra verka án þess að skerða þann styrk sem önnur verk njóta miðað við ákveðinn pott. Þetta felur í sér að heildarupphæð styrkja ráðuneytisins til uppsetninga leikfélaganna verður fljóttandi að hluta til. Viðbrögð ráðuneytisins hafa verið jákvæð vegna tveggja seinni tillagnanna og hefur fyrsti samráðsfundur verið ákveðinn nú í byrjun maí. Varðandi fyrstu tillöguna, um þjónustusamning við þjónustumiðstöðina, virðist minnkandi áhugi hjá ráðuneytinu á slíkri samningagerð. Ráðuneytið hefur nú þegar gengið frá sínum tillögum til fjárlaga ársins 2004 og þar er gert ráð fyrir hækkan á báðum okkar liðum en þessar nýju tillögur, ef þær ná fram að ganga, kæmu tæpast til framkvæmda fyrr en á fjárlögum ársins 2005.

Sérverkefni starfsársins:

1. Haldinn verði haustfundur 2002

Hann var haldinn í Kópavogi 30. nóvember 2002. Aðalefni hans var samningssambandsliitin við Félag leikstjóra á Íslandi.

2. Fylgja eftir vinnu við gagnasófnun vegna ritunar sögu Bandalagsins, skv. tillögum ritnefndar frá aðalfundi 2001 og samningi við ritstjóra frá 6.4. 2002.

Ritstjórnin, Bjarni Guðmarsson, mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda hér á eftir.

Erlent samstarf:

Hugleikur fór í september á Leiklistarhátíð í Gatchina í Rússlandi með óperuþykkið Bíbí og Blakan og fyrirhugar aðra ferð með sama verk á hátíð í Rudolstadt í Þýskalandi nú í endaðan maí. Leikfélag Hveragerðis fór til Oslóar með Dýrin í Hálsaskógi og Leikfélag Kópavogs fór sem fulltrúi Íslands með hina rómuðu sýningu sína á Grimmsævintýrum á NEATA hátíðina í Västerås í Svíþjóð í ágúst 2002. Formaður, framkvæmdastjóri og ritari skrifstofu sóttu skrifstofumót NAR í Osló í september. Formaður sótti einnig fund NAR í Stokkhólmi í október 2002 og fundi NAR og NEATA í Tallin í mars 2003.

**Lokaorð:**

Starf áhugaleikfélaga á Íslandi hefur verið blómlegt og fjölbreytt þetta starfsár. Sýningar áhugafélaganna hafa langflestar verið vandaðar, sumar hverjar verið frumlegar, aðrar með hefðbundnu sniði. Flest félög sníða sér stakk eftir vexti, önnur fá sér stóra stakka og vaxa inn í þá. Það vekur eftirtekt hve grasrót áhugaleiklistar er öflug og skapandi og til sannindamerkis um það er farsælt samstarf BÍL við Þjóðleikhúsið um áhugasýningu ársins.

BÍL hefur staðið fyrir þeirri nýbreytni að hvetja til samninga stuttra leikverka og komið upp vettvangi til að sýna þau, þ.e. með svokölluðum einþáttungahátíðum. Þar hefur margt áhugavert komið fram, bæði hvað varðar leikritun og flutning leikverka. Þetta hefur vakið verðskuldaða athygli því nú hefur Borgarleikhúsið falast eftir samstarfi við áhugaleikfélögin um stuttverka-einþáttungahátíð þar næsta haust. Eins og fram kemur hér að ofan eru fjármál BÍL í góðu horfi og væntingar uppi um aukin framlög til starfsstyrkja til félaganna.

Starfssemi þjónustumiðstöðvarinnar er mikilsverð fyrir áhugaleikfélögin. Miðstöðin er tengiliður félaganna innbyrðis, við áhugaleikstarfsemi erlendis og við stjórnvöld og stofnanair innanlands. Ákaflega miklu skiptir að miðstöðinni sé vel stýrt og að hún ræki hlutverk sitt svo að sómi sé að. Stjórn BÍL er afar ánægð með forsjá framkvæmdastjórans, Vilborgar Valgarðsdóttur, og væntir þess að njóta starfskrafta hennar sem lengst.

Öðrum starfsmönnum Bandalagsins, ritara, lénsherra, söguritara, skólanefnd og öðrum færir stjórnin sínar bestu þakkir og væntir áframhaldandi samstarfs.

Gert á Egilsstöðum 30. apríl 2003.  
Einar Rafn Haraldsson, formaður

**7. Reikningar lagðir fram**

Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir ársreikningi Bandalagsins fyrir árið 2002. (Sjá bls. 37). Hún benti á að niðurstöður hans væru að mörgu leyti ánægjulegar. Hagnaður af reglulegri starfsemi var rúmar 1,5 milljónir. Tekjur af sölu og útleigu hafa aukist um ríflega 600.000 frá árinu áður, sem var fremur rýrt. Rekstur vefsíðu kostaði rúmlega tvö hundruð þúsund en tekjur af henni voru 166 þúsund. Fasteignin að Laugavegi 96 hefur verið endurmetin til fasteignamats á tæpar ellefu milljónir en skuldir af henni eru um 300 þúsund. Vilborg kynnti fjárhagsáætlun Bandalagsins fyrir árið 2003, sem Menntamálaráðuneytinu var send vegna fjárlagagerðar.

**8. Umræða um skýrslu og afgreiðsla reikninga**

Porgeir Tryggvason lýsti ánægju með peningalega útkomu og störf stjórnar við að auka framlög ríkisins, eins og Einar hafði lýst í skýrslu sinni.

Fundarstjóri bar reikninga undir atkvæði.  
Samþykktir samhljóða.

Sveinbjörn Björnsson sagði frá stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsti eftir framboðum. Úr stjórn áttu að ganga Einar Rafn Haraldsson, formaður og Leikfélagi Fljótshéraðs og Guðrún Halla Jónsdóttir, varaformaður og Freyvangsleikhúsinu, og úr varastjórn Sigríður Karlsdóttir, Leikfélagi Selfoss og Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar. Þau gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.



Söguritari fyrir miðju í hópi  
prúðbúinna aðalfundargesta

**9. Skýrslur nefnda og umræður um þær****a) Sögunefnd**

Saga Bandalags íslenskra leikfélaga 1950–2000  
Skýrsla sögunefndar og söguritara 2003, flutt á aðalfundi 3. maí.

Í kringum afmæli BÍL árið 2000 var hreyft þeirri hugmynd að láta skrá sögu hreyfingarinnar frá 1950–2000. Skipuð var sérstök nefnd til að undirbúa málið. Í henni sátu Þorgeir Tryggvason, Einar Njálsson og undirritaður. Niðurstaða nefndarinnar var að verkið skyldi vinnast á tveimur árum, fyrri árið yrði nýtt í öflun heimilda og það síðara í að vinna úr þeim og að setja saman handrit verksins. Herlegheitin skyldu svo ganga út á þrykk á haustdögum 2004. Lagði nefndin fram hugmynd að uppbyggingu slíks verks, sem kynnt var á BÍL-þingi í hitteðfyrra.

Er skemmt frá því að segja að mér var falið verkið og mér til fulltingis skipuð sérstök ritnefnd sem hefur það hlutverk að leiðbeina mér og fyrirbyggja að ég lendi úti í keldu á leiðinni. Nefndin er skipuð Sigrúnu Valbergsdóttur, Einari Njálssyni, Þorgeiri Tryggvasyni; Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir hafa einnig setið fundina og fylgst með gangi mála. Eins og nærri má geta og þeir geta ímyndað sér sem þekki fólk í nefndinni, er sérhver fundur í senn klár skemmtisamkoma og á sama tíma gagnleg í betra lagi. Það þarf að vísu ekki að hafa mörg orð um það hversu erfitt og tafsamt það er oft fyrir sögurarann að hafa sjálfar söguhetjurnar yfir sér lon og don — og það engar aukapersónur — en mér er ljúft og skylt að segja þau hafa unnið sérdeilis gott starf og gera vonandi uns áfram yfir lýkur.

Eins og áður segir skyldi fyrri hluti fara í heimildaöflun og er þeim þætti nú að kalla lokið. Til að gefa hugmynd um það sem ég hef verið að skoða undangengið ár skal þetta eftirfarandi talið:

Gögn á Bandalagi:

1. Fundargerðir stjórnar, aðalfunda
2. Bréf frá og til féлага, alþingis, ráðuneytis, annarra einstaklinga og ýmissa féлага
3. Rekstrar- og efnahagsreikningar
4. Fréttabréf, tímarit
5. Félagatöl

Gögn í Þjóðarbókhöfðu:

1. Alþingistíðindi, frumvörp, ályktanir og umræður
2. Dagblöð: Mbl., Vísir, Tíminn, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn
3. Ýmis tímarit, Leikhúsmál, Samtíðin, Skinfaxi o.fl.
4. Ýmsar ævisögur og önnur rit: Ævar Kvaran, Guðlaugur Rósinkrans o.fl. Afmælisrit leikhúsanna. Leikdómar í útgáfum.

Undanfarið hef ég svo verið í gírnum að hefja skriftir og er að lesa yfir allt sem ég hef haft upp úr krafsinu, raða, flytja til og svo framvegis. Jafnhliða skriftum mun ég taka viðtöl við valda áhugaleikhúsrefi til að styrkja og þetta textann.

Það hefur auðvitað komið á daginn að sagan er bæði fróðleg og skemmtileg. Ef ég væri að skrifa káputexta myndi ég segja að sagan væri einstæð og léti engan ósnortin og áhugaleikarar töluðu hispurslaust og drægju ekkert undan og kæmu hér til dyra eins og þeir eru klæddir. Þetta er mikil átakasaga, slegist innbyrðis og útbyrðis og alla vega. Svo menn fái aðeins forsmekkin langar mig að geta einna átakanna sem sagt verður frá í væntanlegri sögu BÍL. Nefnilega um samskipti við fyrsta framkvæmdastjórn Sveinbjörn Jónsson. Það kom sem sé á daginn að bæði hann og ýmsir forkólfar aðildarfélaganna, einkallega þeir sem bjuggu í nágrenni höfuðborgarinnar, voru helst til miklir tréhausar, og ef einum sýndist eitt og öðrum annað voru þeir ekki mikið fyrir að láta undan.

Við grípum niður í fundargerð stjórnar BÍL hinn 4. nóv. 1959. Þar er hægt að lesa um hitt og þetta en allt í einu verður fundargerðin mjög óljós. Loks er að fundi er frestað eftir fjörugar umræður. Trúlega hafa spjót beinst að Sveinbirni Jónssyni eins og sjá má af framhaldinu.

Næst berum við niður hinn 8. nóv.:

„Sameiginlegur fundur stjórnar og varastjórnar BÍL haldinn 8. nóvember 1959 í skrifstofu bandalagsins, samþykkir að segja framkvæmdastjóra bandalagsins hr. Sveinbirni Jónssyni fyrirvaralaust upp starfi sínu vegna misferla, er honum hafa orðið á í starfi sínu, svo og alls kyns andróðurs, er hann hefur haft í frammi gegn stjórninni og hagsmunum bandalagsins. Ennfremur áskilur stjórnin sér rétt til málshöfðunar gegn framkvæmdastjórnunum.“

Framkvæmdastjóri óskaði bókað að hann teldi tillögu ekki eiga neina stoð í lögum BÍL og væri þetta atvik enn eitt brot stjórnar á lögum bandalagsins og í ósamræmi við samskiptareglur sem hafðar hafa verið í heiðri undanfarin átta ár. Greinargerð formanns hafi verið full af dylgjum og ósannindum. Því muni hann hafa tillöguna að engu. Að lokum var ákv. að setja nýjan smekklás fyrir og ekki látið sitja við orðin tóm. Settur var nýr lás í og fundi slitið að því búnu.

Þetta var rætt áfram næstu daga og vikur og svo alvarlegt þótti málið að „ólga í Bandalagi leikfélaga,“ eins og það var kallað, var ein aðalfréttin á baksíðu Morgunblaðsins hinn 18. nóv.

Niðurstaðan varð nú samt sú að Sveinbjörn sat áfram og ný stjórn réði hann áfram um vorið. Nú gerðist kyrrt um hrið. En það stóð ekki lengi.

Haustið 1963 (9. okt) sat stjórn á leynifundi á teiknistofu nokkurri í Brautarholti í Rvík og réð ráðum sínum. Þar var ákveðið að segja Sveinbirni upp. Ekkert var þó aðhafst í bili en hinn 14. mars 1964 var stjórn á fundi í Félagsheimili

Kópavogs ásamt framkvæmdastjóra. Í fundargerð segir: „Rök aðalstjórnarmanna fyrir uppsögninni voru að Sveinbjörn hafi misnotað aðstöðu sína í eiginhagsmunaskyni, þá telur aðalstjórn að Sveinbjörn sé ekki starfi sínu vaxinn, þar eð hann virðist ekki geta haft samband við leikhúsin í Reykjavík, til útvegunar fyrir leikfélög úti um landsbyggðina, ennfremur hefur hann ekki fengist til að gera stjórninni grein fyrir eignum BÍL né samið reikning fyrir árin 1962 og 1963 og ekki ávallt haft samráð við stjórnina um rekstur fyrirtækisins.“

Málið var rætt áfram á fundi í maí 1964. Þá sagði: Formaður las bréf frá þremur félögum í BÍL, Hveragerði, Kópavogi og Hafnarfirði þar sem fram kemur hörð gagnrýni á framkvæmdastjórnann og þess er krafist að hann víki. Framkvæmdastjóra var boðið að segja upp starfi en vera sagt upp ella. Hann sá ekki ástæðu til að segja upp og var því rekinn.

Nú brugðust ýmsir forkólfar leikstarfs úti um landið við, ekki sist á Austfjörðum, og skömmuðu stjórnina tæpitungulaust fyrir meðferðina á Sveinbirni. Stjórn hélt þó sínu striki. En málið tók nú óvænta stefnu. Í fundargerð 31/8 1964 segir:

„Stjórnin mætti við skrifstofu Bandalagsins kl. 16.00 eins og ákveðið var á síðasta stjórnarfundi, en kom þar að luktum dyrum og gat ekki fengið neinn til að opna, enda mun enginn hafa verið þar fyrir. Þá var stjórnin þess vör að dyraspjöld með nafni Bandalagsins höfðu verið fjarlægð en á gangdyrum stóð aðeins nafn Sveinbjarnar Jónssonar. Stjórnin beiddi í anddyri hússins um hálf klukkustund en varð ekki vör við framkvæmdastjórnann ...“  
Þar með hundskuðust menn heim.

Bandalagsþing 1964 var haldið hinn 5. sept. í lönó. Þar tók ný stjórn við, norðlenska stjórnin sem ég nefni svo, og tók Jóhann Ögmundsson við formennsku af Valgeiri Óla Gíslasyni. Skömmu síðar ákvað stjórnin að ráða Sveinbjörn áfram.

Eftir að Sveinbjörn kom aftur til starfa, 15/9, skrifaði Birgir Stefánsson á Neskaupsstað bréf til skrifstofunnar; þar segir: „Mér heyrir á fregnum af fundinum, að allt hafi farið vel, og þá vona ég einnig, að þú sért aftur kominn til starfa hjá BÍL.“

Sveinbjörn segir í svari sínu til Birgis:

Þegar fyrrverandi stjórn ætlaði að taka við rekstri bandalagsins um mánaðarmótin ág/sept. stóð þannig á hjá henni að hún var á götunni með bandalagið, því henni hafði yfirséð að tryggja sér húsnæði. Hún tók því það ráð að láta loka síma bandalagsins og tilkynna pósthúsinu að allur póstur skildi geymdur uns hann yrði sóttur. ... Einnig væri freistandi að segja þér ögn frá furðulegri framkomu Hafnfirðinga til þess að hafa áhrif á hinn nýkjörna formann bandalagsins og reyna að hindra endurráðningu mína. Sú tilraun var sannarlega ógeðsleg. [...] Bestu kveðjur og þakkir fyrir drengilega framkomu í minn garð [...]

Þessar „ógeðslegu tilraunir“ sem Sveinbjörn minnst á voru hótanir um að ýmis félög myndu segja sig úr bandalaginu ef Sveinbjörn yrði endurráðinn. Næsta vor, þ.e. 1965, sögðu Leikfélag Hafnarfjarðar, Kópavogs og Hveragerðis sig úr BÍL. Sveinbjörn Jónsson sat hins vegar sem fastast. Af og til var bókað í fundargerðir að hann hafi haft uppi orð um að segja af sér, en stjórn lagt afar hart að honum að vera lengur og hann sagt „hmm“ og „jamm“ og látið loks svo lítið að sitja aðeins lengur. Fór raunar svo að Sveinbjörn var

framkvæmdastjóri allt frá 1951 til 1974, í nærri aldarfjórðung – allt þar til Helga Hjörvar tók við.

Eftir það varð sennilega friðsælla á aðal- og stjórnarfundum BÍL. Með þessum orðum er þó alls ekki verið að gera lítið úr þætti Sveinbjörns í sögu BÍL; víst er að hann átti afar mikinn þátt í að móta starfið á fyrstu árum og áratugum hreyfingarinnar. En snúum aftur til baka.

Eins og margir vita hefur verið reynt að gera söguna dálítið sýnilegri á Netinu. Þar hefur verið komið fyrir ýmsum skráum sem hafa orðið til upp á síðkastið, t.d. yfir allar stjórnir, aðalfundastaði og fleira. Þá var stofnaður spjallþráður með það fyrir augum að menn gætu lagt í púkkið og bent á leiðir fyrir söguritarann og haft þannig áhrif á verkið. Þetta hefur þegar orðið að heilmiklu gagni og verið líka skemmtilegt. En það mættu miklu fleiri líta þarna inn og e.t.v. víkja einhverju góðu að mér. Ég nefni sem dæmi söguna um leifturstrið stjórnar BÍL gegn framkvæmdastjóra sínum, hún varð auðvitað að einhverju leyti til úti í félögunum. Ég er viss um að með eins eða tveggja tíma gluggi í fundargerðabókum félaga sinna geti menn unnið sögunni alveg feiknamikið gagn – og auðvitað skemmt sér sjálfum á meðan.

Og munið svo að allar hugdettur, fyrirspurnir, minningabrot inn á spjallið á vefnum okkar geta reynst hið besta krydd í tilveruna, hvort sem það lendir inni á bók eða ekki.

Bjarni Guðmarsson, ritstjóri.

Engar umræður.

## b) Skólanefnd

Porgeir Tryggvason flutti skýrslu Skólanefndar. Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL, Ísafirði 2.–4. maí 2003

Leiklistarskólinn var settur í sjötta sinn þann 5. júní 2002 að Húsabakka í Svarfaðardal. 41 nemandi sótti skólann að þessu sinni. 16 nemendur voru á framhaldsnámskeiði fyrir leikara, kennari var Ásta Arnardóttir. 13 sóttu framhaldsnámskeið í leikstjórn, kennari Sigrún Valbergadóttir og 12 voru á námskeiði í leikritun, kennari var Karl Ágúst Úlfsson. Fyrirhugað var að skólinn starfaði tvö tímabil í júní að Húsabakka, en aðsókn var ekki næg þannig að þau námskeið sem féllu niður voru ljósanámskeið, fördunarnámskeið og samnorrænt námskeið. Í febrúar síðastliðinn var svo haldið framhaldsnámskeiði í fördun á skrifstofu Bandalagsins, nemendur þar voru 9 og kennari var Gréta Boða.

Þó að við höfum þurft að fella niður námskeið er skólanefnd afar bjartsýn og býður aftur upp á sex námskeið í sumar. Þann 14. júní hefjast að Húsabakka sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergadóttir, framhaldsnámskeið í leikritun, kennari Karl Ágúst Úlfsson og námskeið fyrir reynda leikara, kennari Ágústa Skúladóttir. Enn er hægt að komast á leikritun en hin námskeiðin eru fullbókuð. Vegna þess hve margir sóttu um á námskeiðið hjá Ágústu gat skólanefnd í fyrsta sinn staðið við þau inntökuskilyrði sem sett eru á einstaka námskeið. Ef vel á að vera þyrfti svo að vera alltaf en skólanefnd hefur nokkrum sinnum þurft að horfa í gegnum fingur sér með þetta til þess að þurfa ekki að fella niður námskeið.

Þann 12.–16. ágúst verða tvö námskeið í Félagshemili Kópavogs. Leikhúslýsing, kennari Árni Jón Baldvinsson, Gervi og leikbúningar, kennarar Alda Sigurðardóttir og Ásta Hafþórsdóttir.

Í ágúst verður einnig unglínganámskeið á Akranesi, kennari

Ágústa Skúladóttir. Það eru því þrjú leikfélög sem verða gestgjafar okkar á þessu ári, Leikfélag Dalvíkur, Leikfélag Kópavogs og Skagaleikflokkurinn og þökkum við þeim fyrir alla aðstoð við undirbúning skólans.

Enn er laust pláss á námskeiðin í Kópavogi og Akranesi og við biðjum ykkur að vera dugleg að auglýsa námskeiðin í ykkar heimabyggð.

Skólanefnd sendir bestu kveðjur á aðalfund BÍL á Ísafirði.

Gunnhildur Sigurðardóttir, Sigríður Karlsdóttir, Anna Jeppesen, Huld Óskarsdóttir, Þorgeir Tryggvason.

Umræður:

Vilborg Valgarðsdóttir vakti athygli á hve fáir hefðu skráð sig á unglínganámskeiðið sem halda á í ágúst, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að slíkt námskeið verði haldið. Hún benti á að ekki væri hægt að reikna með að unglíngarnir skráðu sig sjálfir og varpaði fram þeim spurningum hvernig hægt væri að koma upplýsingum til skila og hvers vegna þátttaka væri ekki meiri en raun ber vitni.

Gerður Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss, spurði hvort námskeiðin væru kynnt í efri bekkjum grunnskólanna.

Vilborg sagðist hafa reiknað með að kennarar í röðum Bandalagsfólks myndu kynna námskeiðin meðal nemenda sinna.

Sóley Björk Axelsdóttir, Halaleikhópnum, spurði um hvort hægt væri að fá námskeiðin til leikfélags fatlaðra.

Vilborg sagði að skólinn og Bandalagið væru meira en til í að aðstoða Halaleikhópin við námskeiðahald. Einnig hefði verið í skólanum í Svarfaðardal nemandi í hjólastól og það mál verið leyst þó aðstaðan þar sé erfið.

Sóley benti á ýmis vandræði sem gætu hlotist af því, t.d. tryggingar ef burðarmenn meiðast og nær ómögulegt væri fyrir fólk í rafmagnshjólastólum að komast ferða sinna. Hún sagði jafnframt að rætt hefði verið í Halaleikhópnum að hann væri til í að leggja til aðstöðu fyrir t.d. námskeiðið Gervi og leikbúningar.

Vilborg sagðist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu.

Hörður Sigurðarson, stjórn og Leikfélagi Kópavogs, lýsti þeirri skoðun að unglínganámskeið væri eitthvað sem áhugi væri fyrir og þyrfti að auglýsa það betur. Hann kom með fyrirspurn til skólanefndar um af hverju fjöldi á leikstjóranámskeið væri kominn upp í 14 manns. Að hans mati er það alltof margt fólk.

Brynhildur Guðmundsdóttir, Leikhópnum Veru, sagðist hafa boðið tveimur unglíngum farar- og þáttökustyrk en þeir þáðu ekki boðið.

Lárus Vilhjálmsson, stjórn og Leikfélagi Hafnarfjarðar, sagðist ánægður með skólann en vildi að hann væri opinn öllum, framhaldsskólakrökkum og bara öllum. Höfum við ekki kynnt skólann nægilega útávið? Kvaðst vita að Húsabakki byði ekki bestu aðstöðu í heimi, sérstaklega varðandi aðgengi fatlaðra. Sagði Bandalagið þurfa að finna leið til að koma skilaboðum til unglínganna.

Margrét Tryggvadóttir, varastjórn Bandalagsins og Leikfélagi Rangæinga, sagði að þrátt fyrir að hún væri kennari hefði hún

ekki kynnt unglínganámskeiðið fyrir sínum nemendum. Hún vildi láta auglýsa námskeiðið betur í Morgunblaðinu.

Július Júlíusson sagði að aldurinn 15 til 18 ára væri erfiður hvað varðar sumarnámskeið. Unglingahópur Leikfélags Dalvíkur, þar sem flestir eru 14 ára, er t.d. of ungur. Vildi styrka hendi leikfélaganna til að auglýsa námskeiðin, ekki senda bæklinga í grunnskólana. Lagði áherslu á að félögin sjálf kynntu skólann betur fyrir sínu fólki. Júlíus lýsti sig andvígán stækkun skólans þar sem hætt væri við að persónuleg nánd minnkaði við það.

Porgeir Tryggvason svarar fyrirspurnum.

Sagði fjölda á leikstjórnarnámskeið ákvörðun kennarans. Taldi grundvöll fyrir unglínganámskeið, ræddi hvort við þyrftum að eiga tengiliði inni í skólunum sem kynntu okkar námskeið.

Taldi kynningarmál útávið í þokkalegu lagi, spurði sig hvort einhver ástæða væri til að reyna að fá fleira fólk í skólann sem ekki væri nú þegar í leikfélögunum.

Hermann Guðmundsson, Skagaleikfloknum, sagði okkur þurfa að huga að því að krakkar 15 til 18 ára væru flest í þeim gir að hafa tekjur yfir sumartímann. Hann taldi grundvallaratriði að leikfélögin þyrftu að kynna þessi námskeið og bjóða styrki um leið. Hann sagðist geta fyllt námskeiðið af krökkum frá Akranesi ef þess þyrfti.

Lárus Vilhjálmsson vildi að hugsjónir manna réðu meiru í umræðu um skólann. Vildi sjá skólann stækka og eflast í framtíðinni. Hann varaði við takmarkandi umræðum og kallaði þá sem svoléiðis töluðu tréhausu. Sagði það sinn skilning að skólinn væri opinn öllum, ekki bara Bandalagsfólki. Eigum okkur drauma, sagði Lárus, einn daginn kaupum við Eiða!

Hulda B. Hákonardóttir var sammála Lárusi um að við ættum að eiga stóra drauma en standa samt í báða fætur. Rifjaði upp unglínganámskeið á Selfossi fyrir nokkrum árum. Niðurstaða nemenda, þrátt fyrir vel heppnað námskeið, var sú að vilja frekar námskeið í heimabyggð. Benti á að frekar ætti að kynna leiklist.is, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar mætti finna og þ.á.m. um unglínganámskeiðin. Leiklist.is er okkar sterkasta vopn!

Hildur Kristmundsdóttir, Leikfélaginu Sýni, greindi frá kynnum sínum af skólanum. Hún kom í hann án þess að vera í leikfélagi og sagðist hafa upplifað hann afar opinn gagnvart öllum, hvort sem þeir væru í leikfélagi eða ekki.

Július Júlíusson sagði staðsetningu, kostnað og annað þ.h. ekki vera ástæðurnar fyrir því hve fáir væru skráðir á unglínganámskeið. Það þyrfti að leggja meiri vinnu í að kynna þetta og ekki mætti gefast upp á að reyna halda unglínganámskeið þótt treglega gengi að fylla það nú í ár. Einnig mætti prófa að halda styttri námskeið.

Hjalti Stefán Kristjánsson, Leikfélagi Mosfellssveitar, sagði unglíngna í dag vera vana því að allt sé matreitt ofan í þá. Því þyrfti að kynna þeim þetta ítarlega til að vekja hjá þeim áhuga.

Porgeir Tryggvason sagðist gremjast að vera kallaður tréhaus. Það þyrfti stundum að hugsa á praktískum nótum. Vissulega væri gaman að stækka skólann en það yrðu bara að vera forsendur fyrir því. Skólinn er takmörkuð auðlegð og



Einar formaður og Sveinbjörn fundarstjóri við borðið sitt sem hægt var að hækka og lækka að vild

því ekki ástæða til auglýsa mikið út fyrir okkar raðir á meðan að hann fylltist af okkar fólki. Spurningin væri hvaða stefnu Bandalagið ætlaði að taka í skólamálu.

Einar Rafn sagði frá reynslu af L.U.N.G.A., Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, sem væri afar vel heppnuð hátíð. Hann velti fyrir sér hvar væri hægt að kynna svona unglínganámskeið og kannski væri málið að koma þeim inn í ljósvakamiðla á borð við sjónvarpsþáttinn @, útvarpsþáttinn Vitann o.þ.h. Kannski væri vænleg leið að auglýsa á burðarpokum í Bónus eða ÁTVR?!

### c) Vefnefnd

*Leiklistarvefurinn – skýrsla vefnefndar  
Flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga á Ísafirði  
3. – 4. maí 2003*

*Leiklistarvefurinn hefur nú verið opinn í um eitt og hálf tveggja ár og því hægt að segja að komin sé nokkur reynsla á hann. Í vefnefnd eru nú undirritaður og starfsmenn Þjónustumiðstöðvar, þau Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir. Vinna við vefinn og meðferð efnis fyrir hann hefur breyst nokkuð á þessum tíma enda hafa verið gerðar margskonar tilraunir með útfærslur og aðferðir til efnisöflunar svo eitthvað sé nefnt. Í upphafi var fljótlega farið á leið að fá sem flesta til að koma að efnisöflun og meðal annars fengnir fréttaritarar í flestum landshornum. Var hugmyndin sú að fréttaritararnir hefðu beinan aðgang að vefnum og gætu sett inn efni án íhlutunar vefstjóra eða stafsólks Þjónustumiðstöðvar. Það kom fljótt í ljós að þetta fyrirkomulag gekk ekki eins og til var ætlast, hverju svo sem um var að kenna.*

*Undanfarið ár hefur því efni á vefnum að mestu verið unnið af starfsfólki Þjónustumiðstöðvar og vefstjóra. Nokkrir aðrir hafa einnig lagt hönd á plóginn og verður sérstaklega að geta Porgeirs Tryggvasonar sem af mikilli elju og myndarskap hefur séð vefnum fyrir fróðlegum og skemmtilegum greinum. Einnig er farið að fjölga í hópi þeirra sem skrifað hafa gagnrýni á sýningar félaganna og er það von mín að þeim fjölgi enn.*

*Allt frá því vefurinn var opnaður var gert ráð fyrir því að hann myndi þróa og breytast eftir því sem tilefni þætti til. Í lok febrúar voru gerðar útlitsbreytingar á vefnum og eftir því sem næst verður komist er fólk almennt á því að þær hafi verið til bóta. Settur var inn viðbótardálikur sem inniheldur fasta tengla á vinsælustu síðurnar og er þar einnig gert ráð*

fyrir plássi fyrir auglýsingaborða. Vel hefur gengið að selja auglýsingar og m.a. hafa Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið hvort um sig verið með fasta auglýsingu. Einnig hafa nokkur félög nýtt sér þennan nýja auglýsingamöguleika enda fá bandalagsfélögin að sjálfsögðu afslátt af auglýstu verði. Fleiri breytingar eru í vændum og snúa þær m.a. að því að koma vörum verslunarinnar á vefinn á einfaldari og áhrifaríkari hátt en nú er.

Sjálfst vefumsjónarkerfið var uppfært fyrir nokkru og er það til mikilla bóta fyrir þá sem vinna við vefinn. Spjallið virðist hafa öðlast fastan sess og þó stundum sé rólegt þar gerist alltaf öðru hvoru eitthvað sem hvetur fólk til að leggja orð í belg hvort sem það eru fjörugar umræður um leiksýningar, endurminningar af Bandalagsþingum eða kvartanir vegna inntökunefndar Leiklistarskóla Íslands.

Í mars síðastliðnum bauð vefurinn síðan til samkeppni um skrif leikþátta. Mjög góð þátttaka var í keppninni og bárust 30 þættir frá 22 höfundum. Í ráði er að þættirnir sem bárust myndi grunn að safni styttri leikþátta sem verði öllum aðgengilegt á vefnum enda hafa flestir höfunda fallist á að þættir þeirra verði birtir. Úrslit í samkeppninni verða tilkynnt síðar á þessum fundi. Einnig má rekja aukna aðsókn að vefnum undanfarnar vikur að einhverju leyti til samkeppninnar og er það ein röksemd fyrir því að halda slíka samkeppni aftur.

Helsti mælikvarðinn á það hvort vefurinn er á réttari leið er að sjálfsögðu aðsóknin að honum. Ég hef tekið saman tölfræði um aðsókn þar sem ég þar saman 6 mánaða tímabil með árs millibili. Tímabilin sem um ræðir eru annarsvegar frá nóvember 2001 til apríl 2002 og hinsvegar frá nóvember 2002 til síðustu mánaðamóta.

Í fyrsta lagi er það meðaltal heimsókna á vefinn, það er að segja hversu oft hann var heimsóttur. Á fyrra tímabilinu var meðaltalið tæplega 2000 heimsóknir á mánuði en nú ári síðar eru heimsóknir hinsvegar komnar yfir 4000 á mánuði.

Heimsóknir segja hinsvegar ekkert um það hversu margir einstaklingar það eru sem heimsækja vefinn enda getur hver einstaklingur heimsótt vefinn oft á hverjum mánuði. Til að finna út meðaltal einstaklinga þarf að skoða meðaltal tölva sem koma á vefinn en það má gera ráð fyrir að það sé um það bil það sama og fjöldi einstaklinga. Á fyrra tímabilinu var meðaltalið 652 en nú ári síðar er það komið upp í 1374. Aðsókn að vefnum frá því hann var opnaður hefur rúmlega tvöfaldast. Þar sem algengt er að fleiri en einn noti eina og sömu tölvuna má álykta að gestir á vefinn séu eitthvað fleiri en hér er talið.

Ég læt einnig fljóta með ýmsa tölfræðipunkta sem eru meira til gamans. Flestar heimsóknir á vefinn eru á miðvikudögum og sá tími sólarhringsins sem er vinsælastur er kl. þrjú á daginn. Fæstir koma hinsvegar á vefinn kl. fimm að morgni. Vinsælustu leitarorðin sem leiða til heimsóknar á vefinn eru m.a. leiklist, leikfélag, bandalag, leiklistarvefurinn og leikarar. Nokkur minna vinsæl leitarorð sem koma fyrir eru latex, girnd, cheap, og varagloss. Heimsóknir eru ekki bara héðan innanlands því vefurinn hefur fengið heimsóknir frá 25 mismunandi löndum þar á meðal frá Singapore, Makedóníu, Brasíliu og Sameinuðu Arabísku furstadæmunum. Gestir fylgja tenglum frá ýmsum öðrum vefsíðum þar á meðal leit.is, google.com, varrius.blogspot.com, leikskald.is, hugur.is og vitleysingar.blogspot.com.

Að mínu mati er staða Leiklistarvefsins góð og getur enn batnað ef við höldum vel á spilunum. Það er þó enn háð því að

leiklistaráhugafólk sæki hann reglulega og leggi til efni af ýmsu tagi. Það er því full ástæða til að hvetja alla til að vísa öðrum á þennan stærsta og best sóttá leiklistarvef landsins sem ég held að við leiklistaráhugafólk getum öll verið mjög stolt af.

Hörður Sigurðarson, lénsherra.

Umræður:

Júlíus Júlíusson þakkaði Herði áhugann og kraftinn sem einkenna störf hans sem lénsherra. Brutust út fagnaðarlæti. Stakk upp á að til að auka áhuga á vefnum ætti að stefna að því að allar áhugaleiksýningar landsins fengju gagnrýni á vefnum. Einnig mætti stefna að því að hafa léttu leiki og auglýsa duglega.

Vilborg Valgarðsdóttir benti á hvað aðsókn að vefnum jókst áberandi þegar skrifuð var gagnrýni á framhaldsskólasýningu. Hún bar saman dreifingu Leiklistarblaðsins sáluga og heimsóknir á vefinn og taldi þann samanburð mjög vefnum í hag.

Lárus Vilhjálmsson tók undir lofræðu um vefinn og þróun hans. Vefurinn er einn öflugasti menningarvefur landsins og á að stefna að því að verða helsta málagn um íslenska leiklist á Netinu.

Hermann Guðmundsson tók undir að vefurinn væri á réttari leið og margfalt öflugri en Leiklistarblaðið var. Hann benti á að vefurinn væri vitlaust kynntur á byrja.is, og eignaður þar leikstjórum.

Hörður Sigurðarson þakkaði hólíð og deildi því út til samstarfsfólks síns á skrifstofunni og annarra sem leggja hönd á plóg. Hann bað um að sér væru sendar athugasemdir um vitlausa tengla, ef fólk fyndi slíkt. Tók undir mikilvægi gagnrýni á vefnum og auglýsti eftir gagnrýnendum.

## 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa

Lárus kynnti tillögu stjórnar að starfsáætlun og gerði grein fyrir sérlið um samstarf við Borgarleikhúsið. Einnig óskaði stjórnin eftir umræðu um hvernig nýtt fyrirkomulag samninga við leikstjóra hefur reynst. Fjórir hópar voru skipaðir.

## 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar

Sveinbjörn Björnsson tilkynnti að kjörnefnd hefði lokið störfum. Ekki hefðu borist fleiri framboð og lagði kjörnefnd til að þeir sem gæfu kost á sér yrðu sjálfkjörnir. Enn ættu áhugasamir þó kost á að bjóða sig fram með meðmælendum samkvæmt lögum Bandalagsins.

## 12. Lagabreytingar

Hörður Sigurðarson mælti fyrir lagabreytingartillögum stjórnar.

Fundarstjóri (Sveinbjörn Björnsson) benti á að ekki væri hægt að breyta tillögunum, einungis hægt að samþykkja eða synja.

Hermann Guðmundsson mótmælti úrskurði fundarstjóra, sagði fáheyrt að ekki mætti gera breytingartillögur við lagabreytingartillögur. Hann kvartaði yfir því að hafa ekki fengið lagabreytingartillögurnar með fundarboði og fór fram á að fundurinn úrskurðaði um málið. Hermann taldi óeðlilegt að stjórn Bandalagsins færi með sératkvæði, enda horfði svo með minnkandi þátttöku á þingum að stjórnin og fulltrúar leikfélaganna þeirra gætu haft meirihluta á þingum. Hann

sagðist ekki þekkja til þess að þessi háttur væri hafður á í öðrum félagasamtökum.

Einar Rafn Haraldsson benti á að samkvæmt lögum skuli lagabreytingar vera sendar út með fyrirvara og því óeðlilegt að hægt sé að snúa tillögunum við fyrirvaralaust. Hann sagðist þekkja til félaga þar sem það tíðkast að stjórn hafi atkvæði og spurði hvers vegna þeir sem væru á móti því hefðu ekki sent inn lagabreytingartillögur.

Hörður Sigurðarson kvaðst sammála Hermanni, taldi að gera mætti breytingartillögur, og sagði að stjórn hefði mikið rætt um atkvæðisréttarmálið. Hann hefði barist fyrir því að þessu yrði breytt, enda ættu félögin að ráða, ekki stjórn.

Vilborg Valgarðsdóttir sagði að formenn hafi í öllum tilfellum átt að hafa fengið lagabreytingartillögunar með fundarboði á réttum tíma.

Bjarni Guðmarsson tók undir með Hermanni um breytingartillögunar. Hann minnti á þrotlausa baráttu Sigurðar Grétars Guðmundssonar hér á árum áður fyrir niðurfellingu atkvæðisréttar stjórnar og sagði að svo virtist sem Hörður sonur hans hefði erfð málið. Bjarni kvaðst hins vegar á öndverðum meiddi.

Snorri Emilsson, Leikfélagi Seyðisfjarðar, fór yfir lagagrein þá sem snýr að breytingartillögum og spurði um hvernig gera ætti lagfæringar á framkomnum lagabreytingartillögum ef ekki mætti bera fram breytingartillögur.

Lárus Vilhjálmsson tók undir með Hermanni og öðrum um að samkvæmt fundarsköpum megi gera breytingartillögur við framkomnar lagabreytingartillögur, og sagði að sá háttur hefði verið hafður á síðast þegar lög Bandalagsins voru endurskoðuð.

Einar Rafn Haraldsson sagðist sammála Hermanni efnislega, en taldi að lagatúlkun sín væri rétt. Hann vitnaði því næst í orðsendingu frá framkvæmdastjóra til hans og fundarstjóra sem var svohljóðandi: „Þið eruð búnir að skíta í ykkur með þetta!“ Hann óskaði því eftir að fundurinn heimilaði breytingartillögur.

Margrét Tryggvadóttir rifjaði upp umræður um atkvæðisréttarmálið og lýsti sig sammála Hermanni og Herði um málið.

Hrefna Friðriksdóttir sagðist aðhyllast að félagslög væru túlkuð strangt og ef heimila ætti aðalfundi að gera breytingar á lögum þyrfti að vera heimild fyrir því í lögum. Hún benti á að vanalega lægi ekkert á að breyta lögum og því óþarfi að hafa áhyggjur af því að ekki væri hægt að gera breytingartillögur. Hún taldi þá leið ágæta að fundurinn greiddi atkvæði að þessu sinni um hvort hann heimilaði breytingar.

Þorgeir Tryggvason lagði til að hætt yrði að ræða um atkvæðisrétt stjórnar, enda væri ekki hægt að breyta neinu um það nú.

Hörður Sigurðarson lagði til að reynt yrði að halda umræðunni einfaldri. Hann væri fylgjandi afnámi atkvæðisréttar stjórnar, en vildi ekki eyða tíma í þessar umræður.



*Fundarmenn létu ekki karp um lagabreytingar spilla góða skapinu*

Gerður Sigurðardóttir taldi að þar sem lagabreytingartillaga væri ekki lög, þá mætti gera breytingartillögur við þær.

Hermann Guðmundsson var sammála Gerði og taldi augljóst að bera mætti upp breytingartillögur við lagabreytingartillögur. Varðandi atkvæðisréttinn þá fannst honum örla á því að stjórnin teldi sig þurfa að hafa vit fyrir félögunum. Bandalagið væri bandalag félaganna, en stjórn virtist ekki treysta þeim. Það tíðkaðist hvernig að stjórn færi með atkvæði til jafns við aðildarfélög, það væri óeðlilegt og Hermann skildi ekki þetta vantraust stjórnar á félögin.

Vilborg Valgarðsdóttir taldi misskilning ríkja. Ef leikfélag vildi breyta lögum Bandalagsins væri því frjálst að gera tillögu þar að lútandi, burtséð frá tillögum stjórnar. Hún rifjaði upp lagabreytingafund í Efstalandi 1990, sem tók óratíma, enda öll lögin undir. Á aðalfund í Reykholti bárust tvær tillögur og voru þær bræddar saman. Hún lagði til að fundurinn greiddi atkvæði um framkomnar tillögur.

Júlíus Júlíusson furðaði sig á tímasóuninni í að ræða lög sem engu skiptu, þegar hægt væri að tala um eitthvað skemmtilegt og gagnlegt. Honum hefði ekki fundist vera klíkumyndun í Bandalaginu í kringum stjórn. Allt væri uppi á borðinu og allir fengu það sem þeir vildu.

Einar Rafn Haraldsson lagði til að gengið yrði til atkvæða og þeir sem vildu gera nýjar tillögur fyrir næsta fund gerðu það. Fundarstjóri bað fundarmenn að ganga til atkvæða.

Hermann kvað sér hljóðs um fundarsköp. Hann kvaðst ekki una því að fundurinn fengi ekki að úrskurða um hvort hægt væri að gera breytingartillögur. Hann fullyrti að ef ekki hefði verið reynt að stoppa það af, væri löngu búð að afgreiða tillögunar.

Fundarstjóri óskaði eftir skriflegri tillögu.

Hermann gerði breytingartillögu við 6. grein.

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort breytingartillagan fengist tekin fyrir.

*Samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri bar upp tillögunar:

Breyting á 2. grein.  
*Samþykkt samhljóða.*

Breyting á 3. grein.  
*Samþykkt samhljóða.*

Breyting á 6. grein (tillaga Hermanns).  
Setningin „Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver.“ yrði felld niður.  
Einar Rafn Haraldsson óskaði eftir því að umræður yrðu leyfðar. Fundarstjóri samþykkti. Einar sagði að innan stjórnar hefði verið tekist mjög á um þetta, en ákveðið að leggja þetta ekki til, enda hefði þetta verið svona í rúm 50 ár. Sagðist ekki hafa heyrt nein rök fyrir breytingunni.

Hermann Guðmundsson sagði það einfaldlega óeðlilegt að einstaklingar hefðu akvæðisrétt í bandalagi félaga.  
*Tillagan felld með 11 atkvæðum gegn 7.*

Tillaga stjórnar um breytingu á 6. grein borin upp.  
*Samþykkt samhljóða.*

Breyting á 8. grein.  
*Samþykkt samhljóða.*

Breyting á 12. grein.  
*Samþykkt samhljóða.*

**13. Tillögur lagðar fyrir fundinn**  
*Engar tillögur hafa borist fundinum.*

**14. Starfsáætlun afgreidd**  
Hópavinna hófst kl. 16.00 og skyldu hópar skila af sér að morgni sunnudags og þessum lið því frestað.

**15. Stjórnarkjör**  
Úr stjórn áttu að ganga Einar Rafn Haraldsson og Guðrún Halla Jónsdóttir og úr varastjórn Guðrún Esther Árnadóttir og Sigríður Karlsdóttir. Öll gáfu kost á sér til endurkjörs.  
*Engin mótframboð bárust og þau því sjálfkjörin.*

**16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs**  
**b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs**

Vilborg lagði til að kjörnefnd og félagslegir skoðunarmenn reikninga störfuðu áfram.  
*Það samþykkt einróma.*

Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru því Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis, Hrefna Friðriksdóttir og Júlía Hannam, Hugleik, til vara og kjörnefnd skipa Regína Sigurðardóttir, Leikfélagi Húsavíkur, Jón Sigurðsson, Leikfélagi Rangæinga, Sveinbjörn Björnsson, Litla leikklúbbnum, og til vara Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs.

**17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins**  
Margrét Tryggvadóttir flutti tillögu stjórnar um óbreytt árgjald.  
*Tillagan borin upp og samþykkt einróma.*

**18. Önnur mál**  
Hjalti Stefán Kristjánsson vakti athygli á barna- og unglíngastarfi Leikfélags Mosfellssveitar og bauð börn og unglínga hvaðanæva að af Stór-Mosfellsbæjarvæðinu velkomna.

Vilborg Valgarðsdóttir vakti athygli á sumarnámskeiði NUTU.

Júlíus Júlíusson ræddi um hve dýrt væri að fá dómnefnd Þjóðleikhússins á sýningar fyrir leikfélög langt utan af landi og auglýsti eftir sanngjarnri lausn, t.d. í formi gjalds fyrir öll félög sem sækja um.

Friðrik Stefánsson, Litla leikklúbbnum, tók undir með Júlíusi og sagði að þetta væri afar ósanngjarnt og einnig væri það mjög dýrt ef félögin væru valin til að fara í Þjóðleikhúsið.

Hörður Sigurðarson sagðist ekki telja það sanngjarnt að reyna að jafna þennan kostnað út. Félög ættu að sækja um ef þau teldu sína sýningu eiga erindi og þá væri ekkert of mikið fyrir þau að borga einhverja tugi þúsunda kr.  
Vilborg Valgarðsdóttir sagði að sú hugmynd hefði komið fram frá Þjóðleikhúsinu að stofnaður yrði einhverskonar jöfnunarsjóður. Það þyrfti að ræða þá tilhögun ef af yrði. Það væri hins vegar alveg hægt að rukka inn lága upphæð í líkingu við árgjald Leiklistarblaðsins (sem fellt var niður með lagabreytingum) og nýta í jöfnunarsjóð. Einnig ætti vant leihúsfólk að geta dæmt út frá myndbandi hversu góð sýning væri og því ætti ekki nauðsynlega að þurfa að fá alla dómnefndina til að sjá sýningar heima í héraði. Einnig sagðist hún vita að Þjóðleikhúsfólk væri til umræðu um aðra skiptingu á miðasölutekjum ef sérstakar ástæður lægju að baki.

Snorri Emilsson sagði það kosta 60–100 þús. kr. fyrir hans félag að fá dómnefndina heim og það væri alls ekki það sama að horfa á myndband og að sjá sjálfa sýninguna.

Hrefna Friðriksdóttir sagði að sér þætti ekki ástæða til að stofna sjóð til þess að borga undir dómnefnd, heldur ætti frekar að borga undir vinningssýninguna. Hins vegar ætti Þjóðleikhúsið að borga undir dómnefndina. Það væri hættulegt að reyna að jafna þetta niður á öll félögin, það væri ekki hægt.

Friðrik Stefánsson sagðist ákaflega hlynntur því að jöfnunarsjóður yrði stofnaður og stakk jafnframt upp á að haldin yrði einhverskonar „Óskarsverðlaunahátíð“ þar sem þeim sem skarað hefðu fram úr á einhvern hátt væri umbunað.

Porgeir Tryggvason sagði Þjóðleikhúsið gera þetta val á athyglisverðustu sýningunni alveg á sínum forsendum og það væri á hreinu að það væri jafngilt að senda inn myndband með umsókn og að fá dómnefnd á staðinn. Við ættum alls enga kröfur á hendur þeim, hvorki að þau greiddu undir sig flug eða annað.

Júlíus Júlíusson sagðist ekki sjá eftir peningum ef leikfélagið væri valið til að fara í Þjóðleikhúsið. En honum fyndist það þyrfti að vera meiri sanngirni í kostnaðinum við að fá dómnefndina á staðinn.

Hulda B. Hákonardóttir sagðist skilja að fólki sviði kostnaðurinn en erfitt gæti reynst að finna réttláta jöfnunarleið eða fullkomið réttlæti. Leikfélögin á Stór-Reykjavíkursvæðinu greiddu t.d. yfirleitt mun meira í húsaleigu en þau úti á landi. Það væri misjafnt hvar kostnaður félaganna lægi og þar hefðu þau flest sinn djöful að draga. Það mætti hins vegar ræða þetta við Þjóðleikhúsið og reyna að finna málamiðlanir. T.d. gæti einn fulltrúi nefndarinnar farið að sjá sýninguna og hinir horft á hana á myndbandi.

Bjarni Guðmarsson sagðist vera eini maðurinn á fundinum sem setið hefði í nefndinni og fullyrti að ekki skipti máli



hvort nefndin væri á staðnum eða horfði á sýninguna á myndbandi. Hann sagði að svona hugmyndir hefðu komið fram áður og sér þætti þær góðar, sem og hugmyndir Friðriks um verðlaunahátíð.

Hörður Sigurðarson ítrekaði að við ættum engar kröfur á hendur Þjóðleikhúsinu. Sér þætti hugmyndin um jöfnunarsjóð sú versta sem hann hefði heyrt lengi og hún myndi bara leiða til leiðinda. Sér þætti viturlegra að stofna sjóð til að taka handritasafnið í gegn eða í önnur brýnni verkefni.

Friðrik Stefánsson benti á að leikfélögin réðu hve margir dómnemndarmenn kæmu að sjá sýningu í héraði.

Þorgeiri Tryggvasyni fannst verðlaunahugmyndin mjög góð en taldi að við yrðum að víkka hana út fyrir Bandalagið. Fjórar af fimm bestu áhugaleiksýningum sem hann hefði séð á þessu leikári væru ekki Bandalagsýningar.

*Þessum lið frestað sem og fundi til morguns.*

*Sunnudagur 4. maí.*

*Fundi haldið áfram.*

### 18. Önnur mál – framhald

Hulda B. Hákonardóttir gerði grein fyrir óformlegri skoðanakönnun sinni á starfsemi leikfélaganna þar sem hún hringdi í formenn allra leikféлага Bandalagsins og spurði þá út í starfsemi þeirra og afstöðu til ýmissa mála. Kvaðst ætla að vinna niðurstöður frekar áður en þær yrðu formlega birtar.

*Liðnum frestað um stund.*

### 14. Starfsáætlun afgreidd

Niðurstöður hópavinnu:

Hópur 1 — Þorgeir Tryggvason kynnti.

Hópur 2 — Friðrik Stefánsson kynnti.

Hópur 3 — Snorri Emilsson og Dýrleif Jónsdóttir,

Freyvangsleikhúsinu, kynntu.

Hópur 4 — Hildur Kristmundsdóttir kynnti.

*Almenn starfsemi:*

#### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL

Hópur 1:

Hópurinn lagði til að allir liðir starfsáætlunar yrðu samþykktir óbreyttir. Rekstur þjónustumiðstöðvar gengur augljóslega vel.

Hópur 2:

Mikil ánægja með þjónustumiðstöð.

Hópur 3:

Almenn ánægja með rekstur Bandalagsins.

Hópur 4:

Ánægja með þjónustumiðstöðina, góð og persónuleg þjónusta.

#### 2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Hópur 1:

Viðhald fari fram eins og stjórn þykir hæfa. Aðgengi — er mögulegt að „neyða“ félagi okkar í húsfélaginu til að taka



*Hluti fundarmanna ræðir starfsáætlun komandi leikárs*

þátt í kostnaði við úrbætur? Staðsetning þjónustumiðstöðvar er rétt m.t.t. verslunar.

Hópur 2:

Ástæða til að gera verslun sýnilegri og merkja innganginn betur.

Hópur 3:

Engar athugasemdir.

Hópur 4:

Hópurinn óskar Bandalaginu til hamingju með hið nýstofnaða húsfélag!

### 3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2002–2003

Hópur 1:

Ánægja með ársritið. Ljóst að ritið þarf ritstjórn. Ef stjórn telur núverandi skipan (að hún ritstýri sjálf) henta þá er sjálfsgagt að halda því, annars skipa ritnefnd.

Hópur 2:

Ánægja með ársrit.

Hópur 3:

Almenn ánægja með ársritið.

Hópur 4:

Ekki talin ástæða til að breyta því — mjög fínt eins og það er.

### 4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun

Hópur 1:

Taka þarf upplýsingar um námskeið og kennara saman þannig að félögin geti nýtt formið til eigin námskeiðahalds. Ræða þarf við Halaleikhópinum um hugsanlegt samstarf. Hafa tvö tímabil eins og reynt var í fyrra — það mistókst vegna þess að öll áhættusömu námskeiðin voru sett á sama tíma og of margar tilraunir voru gerðar í einu (samnorraent námskeið, tækninámskeið, höfundanámskeið). Hugmynd um að halda framsagnarnámskeið.

Hópur 2:

Skólinn er frábær en þyrfti að bjóða upp á grunnnámskeið í leiklist á hverju ári. Athuga hvort bæta mætti aðgang fatlaðra að skólanum. Raddbeyting, dans og skylmingar voru á meðal hugmynda að námskeiðum.

Hópur 3:

Ánægja með námskeiðsáætlun skólanefndar en tillaga gerð um að flytja námskeið í búninga- og gervagerð í húsnæði Halaleikhópsins. Unglinganámskeið á að halda heima í héraði.

Hópur 4:

Mörgum finnst slæmt að skrá sig í apríl/maí á námskeið sem haldið er í ágúst.

## 5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.

Hópur 1:

Ánægja með vefinn. Skoða þarf hvort hægt er að kaupa krækjur inn á vinsæl vefsvæði og almennt að koma krækju frá leiklist.is inn á vefsvæði, t.d. vefi framhaldsskólanna. Gagnrýni á vefnum gott mál, en ætti að heita eitthvað annað. Leikfélögin ættu að nota vefinn meira til markaðssetningar.

Hópur 2:

Hugmyndir að efni: Fastir dálkar, vikulegir pistlar, áskoranir/ framhaldsleikrit, endurnýta efni úr Leiklistarblaðinu.

Hópur 3:

Mætti vera skýrara hvar upplýsingar um styrkmöguleika aðildarfélaganna er að finna á vefnum. Einnig mætti leikstjórastjórnin vera ítarlegri, t.d. koma fram hvaða leikstjórar eru tilbúnir að vinna út í á landi.

Hópur 4:

Bæta mætti leikstjórastjórn, setja tengil á Casting og þaðan á leiklist.is. Hópurinn leggur til að opnuð verði skólaspjallrás. Annars almenn ánægja með vefinn.

## 6. a) Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustu-miðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess

### b) Gera þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið

Hópur 1:

Hópurinn er ánægður með að ný hugsun er í peninga-umleitunum stjórnar eins og kom fram í ársskýrslu. Nú er lag að sækja enn að Reykjavíkurborg, ný hugsun í gangi hjá Bandalaginu og nýr borgarstjóri við völd. Stungið upp á að Bandalagið kaupi leikhús í Reykjavík og afli fjár með því að leigja það út og fjármagni kaupin með auglýsingum á stólbökum í áhorfendarymi.

Hópur 2:

Ánægja með nýjar hugmyndir.

Hópur 3:

Auðvitað skal leita eftir hækkuðum framlögum en óskað er eftir aðeins nánari útlitun á upphæðum sem tillögurnar fela í sér. Stuðningur við að gerður verði þjónustusamningur.

Hópur 4:

Leita skal eftir hækkuðum úr öllum sjóðum sem í boði eru. Félagin mættu nýta Félagsheimilissjóð betur. Ánægja með að leitað skuli nýrra leiða til að fá styrki hækkaða. Leita eftir styrkjum til að koma leikritasafninu í tölvutækt form.

Sérverkefni starfsársins:

## 1. Stefnt verði að útgáfu á Sögu Bandalagsins 1950–2000 haustið 2004

Hópur 1:

Pétur Pétursson, Leikfélagi Mosfellsveitar, (og sölumaður hjá Odda) vill ólmur prenta – ódyrt!

Hópur 2:

Ánægja með Sögu Bandalagsins.

Hópur 3:

Ánægja með vinnu Bjarna.

Hópur 4:

Ánægja og tilhlökkun með útgáfu. Ítreka þarf og hvetja fólk til að leggja fram efni og upplýsingar, t.d. á söguspjallinu á leiklist.is.

## 2. Hefja undirbúning að Leiklistarhátíð árið 2005

Hópur 1:

Jái! Nota þekkingu og sjálfstraust sem skapaðist á L2000, auðveldar leit að styrktaraðilum og hjálpar til við almenna kynningu. Góð reynsla af því að láta haustfund árið áður undirbúa hátíðina. Haustfundur verði haldinn 2004 í þessu skyni. Velja útlenda gesti af kostgæfni — nota yfirsýn þeirra sem mest hafa sótt erlendar hátíðir undanfarið, og sambönd við erlenda framámenn í alþjóðahreyfingunni. Þjóða Teater Studia Manekin frá Séljabínsk, hingað með sýningu sína „Klinika“ Hátíðin verði jaðarhátíð Listahátíðar (fringe) og haldin í Reykjavík. Fá Borgarleikhúsið undir hátíðina. Skipuð verði undirbúningsnefnd hið fyrsta.

Hópur 2:

Staðsetning rædd, Akureyri, Selfoss, Hallormsstaðarskógar. Spurning um að hafa þema, t.d. Íslendingasögurnar.

Hópur 3:

Engin spurning um að sú vinna þarf að hefjast sem fyrst.

Hópur 4:

Lagt til að stjórnin skipi sem fyrst sérstaka hátíðarnefnd sem sjái um undirbúning. Gera þarf kostnaðaráætlun.

## 3. Samstarf við Borgarleikhús skv. samkomulagi

Hópur 1:

Frábært! Einþáttungahátíð — skipuð verði undirbúningsnefnd hið fyrsta. Mikilvægt að við vöndum val á sýningum — ekki tilefni til að „rusla einhverju upp.“

Hópur 2:

Ánægja með væntanlegt samstarf við Borgarleikhúsið.

Hópur 3:

Mikil ánægja með væntanlegt samstarf við Borgarleikhúsið.

Hópur 4:

Stjórn skipi valnefnd sem sé þverskurður af aðildarfélögum. Einþáttungahátíðin verði rækilega kynnt bæði innan hreyfingarinnar og utan. Leiklistarvefurinn gegni þar lykilhlutverki. Skila þurfi inn ítarlegum umsóknum.

*Aukaumræðuefni — reynslan af samningssambandsleysi við leikstjóra*

Fríðrik Stefánsson sagði reynslu Litla leikklúbbsins góða og vandræðalaust hefði verið að semja við leikstjórnann fyrir Söngvaseið. Enginn vissi til að vandamál hefðu komið upp með samninga. Þó skilaði hópur 4 frá sér kröfu um „nýja

samninga strax!“

Starfsáætlun stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 18. Önnur mál – framhald

Vilborg Valgarðsdóttir benti á að upplýsingar væru á leiklist.is undir Bandalagið/Styrkir um þá styrki sem hún vissi að stæðu til boða.

Þorgeir Tryggvason sagði frá umræðum úr hópnum um verktakasamninga – almenn ánægja með reynsluna. Vakti athygli á máli sem kom upp í sambandi við uppsetningu Umf. Reykdæla á verki eftir hann og fleiri. Þar hafði leikstjóri milligöngu um að sækja um réttindi en samdi svo nýja tónlist við söngtexta verksins að höfundum forspurðum og tjáði leikfélaginu að engar nótur væru til að upphaflegu tónlistinni og þetta því nauðsynlegt. Þorgeir sagði að höfundum hefði verið í lófa lagið að stöðva sýninguna sem þeir gerðu þó auðvitað ekki. Mál í sambandi við höfundarétt og leyfi til sýninga kæmu upp á hverju ári og að leikfélögin yrðu að gera sér grein fyrir að það eru þau sem sitja í súpunni ef illa fer. Þau geta hæglega lent í að verða að hætta við sýningar á verki sem er komið langt í æfingu en þurfa þó að greiða leikstjóra að fullu. Því yrðu þau að sjá um þessi mál sjálf en ekki treysta á leikstjóran. Hann kvaðst hafa sett saman drög að einskona tékklista sem yrði væntanlega sendur leikfélögunum von bráðar.

Vilborg Valgarðsdóttir þakkaði þeim sem stóðu að og komu fram á Copy—Aid fjáröflunartónleikunum og söfnuðu um 55.000 kr upp í nýju ljósritunarvélina.

Brynhildur Guðmundsdóttir spurði hvort hægt væri að setja inn myndaalbúm fyrir hvert leikfélag á vefinn þar sem það gæti sett inn myndir og aðrir skoðað.

Júlíus Júlíusson vildi að fundin yrði leið til að halda verðlaunahátíð. Hann fór fram á að veggspjalda og leikskársamkeppni yrðu betur kynnt framvegis.

Hörður Sigurðarson svaraði fyrirspurn Brynhildar og taldi þetta lítið mál tæknilega en eitt helsta vandamál vefsins væri einmitt hve tregt fólk væri til að senda myndir. Stakk upp á að haldin yrði sýning á veggspjöldum aðildarfélaganna á vefnum.

Lárusi Vilhjálmssyni fannst samkeppnishugmynd Friðriks vond, hún mundi valda illindum og leiðindum, Þjóðleikhúsutnefningin væri nóg. Samkeppnir sem þessar væru ágætær á Leiklistarhátíðum en ekki þess utan.

Sóley Björk Axelsdóttir kynnti eftirfarandi ályktun frá stjórn Halaleikhópsins:

Ályktun til aðalfundar BÍL á Ísafirði 2.–4. maí 2003 frá félagsfundi Halaleikhópsins 12. apríl sl.

*Til stjórnar BÍL og aðildarféлага. Gleðilegt sumar!*

*Við í Halaleikhópnum viljum vinsamlega biðja ykkur að taka tillit til félaga í okkar litla áhugamannaleikfélagi, að við getum sótt alla fundi, námskeið og annað, sem þið auglýsið og öllum félögum innan Bandalagsins er boðið að taka þátt í. Mörg okkar eru hreyfihömluð og nokkrir heyrnarskertir. Því þarf húsnæði að vera aðgengilegt öllum, ekki tröppur og*



*Hrefna Friðriksdóttir fékk viðurnefnið „Lagadvergurinn“ eftir að nokkrum sinnum hafði sést til hennar í þessari stellingu*

*þröngar dyr, hjólastólaaðstaða á snyrtingum með stuðningi báðum megin við salerni og ef heyrnarskertir sitja fundi eða námskeið hjá ykkur, sé tónmöskvi á staðnum. Ástæðan fyrir þessari ályktun er, að einn félagsmanna hugðist sækja námskeið á vegum BÍL, en sá sér ekki færð að sækja það, þegar í ljós kom að aðstaða fyrir hjólastóla var ófullnægjandi. Finnst okkur krafan um aðgengi fyrir alla vera sjálfsögð krafa, þar sem við erum nú einu sinni aðilar að Bandalaginu og vinnum sjálf undir slagorðinu: „Leiklist fyrir alla.“*

*Gerð nú myndarlegt átak í þessu á Evrópuári fatlaðra! Með vinsemd og virðingu og von um betra aðgengi á námskeið o.fl. í framtíðinni.*

*Fyrir hönd Halaleikhópsins,  
Kristín R. Magnúsdóttir, formaður*

Júlíus Júlíusson andmælti Lárusi. Hann sagði að þetta yrði til að auka aðsókn að þingum þar sem þetta vakti athygli og áhuga. Ekki væri ástæða til að skjóta hugmyndina niður án þess að athuga hvort hana mætti útfæra svo sátt næðist um.

Friðrik Stefánsson þakkaði fundargestum fyrir komuna fyrir hönd Litla leikklúbbsins.

Ylfu Mist Helgadóttur, Hugleik, fannst alltof fáir mættir á þingið og auglýsti eftir hugmyndum um hvernig hægt væri að fá fólk til að mæta.

Þorgeir Tryggvason sagði það ekki góða þróun að þingin væru sífellt að verða dýrari. Þetta væri líklega ein helsta ástæðan fyrir lítilli mætingu.

Lárus Vilhjálmsson tók undir með Þorgeiri. Hann stakk uppá að þingið yrði alltaf haldið á sama stað, t.d. að Húsabakka þar sem það væri mjög ódýrt.

Vilborg Valgarðsdóttir ræddi tímasetningu þinga. Nú væri skólaárið orðið lengra og erfiðara að fá inni í heimavistaraskólum. Það væri spurning hvort annar tími væri heppilegri. Sum félög væru enn að sýna og kæmust þá ekki þess vegna. Hún stakk upp á að næsta þing yrði um miðjan maí. Ástæðan fyrir að farið var að halda fundina svo snemma árs var aðallega sú að hægt var að fá góða samninga við mörg hótél í byrjun maí en henni sýndist sú tíð vera liðin.

Margrét Tryggvadóttir sagðist muna þá tíð þegar tímasetning

þinga snérist um sauðburð hjá bændum. Hún velti fyrir sér hvort að hægt væri að halda þetta einhversstaðar þar sem sumarhús væru.

Hörður Sigurðarson sagðist telja að aðsókn á þing væri í beinum tengslum við kostnað. Ein leið væri að hafa þetta alltaf í eða við Reykjavík. Einnig væri möguleiki að hafa þetta að Húsabakka og þá hugsanlega í tengslum við skólann.

Einar Rafn Haraldsson spurði hvað mæting á þing kostaði og hvað hún mætti kosta. Við þyrftum að búa til viðmið. Við yrðum að komast að því hvað þátttaka á þeim mætti kosta svo að félag veigruðu sér ekki við að senda fulltrúa. Það væri einsýnt eftir tvö síðustu þing að fjárlægðin skipti ekki máli, félag mættu ekki þótt þingið væri í næsta sveitarfélagi. Tímasetning væri aldrei rétt fyrir alla en best væri að hafa þing alltaf á sama tíma. Kannski skipti efni funda mestu máli, ekkert væri um að deila eða þyrfti nauðsynlega að leysa á þessu þingi. Fræðsla og námskeið trektu að svo og skemmtun. Hann sagðist jafnframt sakna þess að menn væru að syngja langt fram á nótt eins og í denn.

Porgeir Tryggvason sagði gott mál að enginn hefði boðist til að halda næsta þing þar sem þá væru allir möguleikar opnir og stjórn hefði nokkuð frjálsar hendur. Hann sagði líka að ef halda ætti verðlaunahátíð þyrfti að finna leið til þess og stakk upp á að í staðinn fyrir að hafa verðlaunahátíð yrði málsmetandi fólk fengið til að sjá allar sýningar á sínum landshluta og fjalla um þær í pistli, engin verðlaun yrðu veitt.

Hulda B. Hákonardóttir sagði augljóst að þingin hefðu breyst í eðli sínu. Áður var alltaf eitthvað tengt þeim, s.s. fræðsla eða námskeið, en nú væri þetta miklu meira bara þing og svo einþáttungahátíð annað hvert ár. Hún sagðist telja það skipta miklu máli að koma heim í hérað, kynnast leikfélaginu þar og gera Bandalagið sýnilegt fyrir sveitarfélaginu, þó ekki væri til annars en að sýna sveitarstjórnnum að leikfélagið sé virkur þátttakandi í Bandalaginu. Kannski mætti halda þetta í Reykjavík þegar það væri bara þing.

Júlíus Júlíusson sagði það ekki góða hugmynd að halda þing alltaf í Reykjavík. Það hvort fólk kæmi aftur á þing réðist að miklu leyti af hvernig fólk upplifði þau og þar skiptu aðstæður og samvera lykilmáli. Hann lýsti yfir ánægju með lausn Þorgeirs á „verðlaunahugmyndinni“. Hann kvaðst tilbúinn að athuga með möguleika á þingi á Dalvík að ári ef fólk sætti sig við heimavistaradstæður.

Lárus Vilhjálmsson sagði hugmynd Þorgeirs góða ef einhverjir fengjust til að gera þetta en lagði áherslu á að ekki mættu vera nein verðlaun.

Porgeir Tryggvason varpaði fram þeirri spurningu hvort Bandalagið gæti og ætti að gera eitthvað í því að vekja upp leikfélög í stærri sveitarfélögum og bæum þar sem engin leikfélög væru starfandi.

### 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stund og stað

*Vísað til stjórnar þar sem ekkert leikfélag hefur boðið sig fram.*

Einar Rafn Haraldsson rifjaði upp faðmlög fyrri þinga og sagði að við þyrftum að rækta þau. Nú væru framundan alþingiskosningar sem þýddu líklega einhverjar breytingar á stjórn landsins og víðar. Við sem störfuðum í áhugleikhúsinu yrðum að vera tilbúin að aðlaga okkur breyttum aðstæðum

þegar þær kæmu upp, nýjum formum, nýjum verkum og ekki síst nýju fólki. Við yrðum að vita hvert við stefndum og til þess hefðum við áttavita á borð við Menningarstefnuna, starfsáætlun og fjárhagsáætlun. En breytingum fylgdu líka ný tækifæri á borð við samstarf við Borgarleikhúsið sem nú stendur til. Hann sagðist spenntur fyrir samstarfinu við atvinnuleikhúsið og vera viss um að það geti lært mikið af okkur, ekki síður en við af þeim. En þegar upp væri staðið væri mikilvægast að rækta garðinn sinn.

Að því mæltu þakkaði Einar Rafn Litla leikklúbbum fyrir góðar móttökur og sagði fundi slitið.

*Ármann Guðmundsson  
Þorgeir Tryggvason*

## Myndir frá hátíðakvöldverði



*Fyrst var farið í skoðunarferð um bæinn*



*Glæsilegir fulltrúar Litla leikklúbbsins taka á móti gestum*



*Fundargestir í sínu fínasta þússi*



*Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Stefán Baldursson og Ragnheiður Steindórsdóttir skipuðu dómnefnd Þjóðleikhússins*

# ***Bandalag íslenskra leikfélaga***

## ***Ársreikningur 2002***

### **Áritun endurskoðenda**

#### **Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga**

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að qeyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 9.


Við höfum skipulagi og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkendar æðferðir við gerð endurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og úörum upplýsingum. Við höfum tekið ákvæða lið ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsætningu hans í heild.

Við höfum ekk. endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki samþeynt grundvöll hans.

Framsætning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 24 febrúar 2003

PricewaterhouseCoopers ehf

  
Valdimar Guðnason

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags Íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2002 með áritun sinni.

Reykjavík, 15 mars 2003

Stjórn: *Ólafur Kári Haraldsson*  
*Gudlaug Halda Þorsdóttir*  
*Jónas Víðisbjörnsson*  
*Árni Þ. Þorsteinsson*  
*Háður Sveinsson*

Framkvæmdastjóri:

*Katlaug A. Katlaugardóttir*

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags ísl. leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2002 og ekkert fundið athugasemdir.

Reykjavík 06.03. 2003

*Anna Jörunn Stefánsdóttir*  
 Anna Jörunn Stefánsdóttir

*Hrefna Friðriksdóttir*  
 Hrefna Friðriksdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýringar	2002	2001
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarfélaganna .....		2 114.750	2 130.000
Ríkissjóðsstyrkur .....		6 222 768	6 233.834
Leikistarblaðið: Áskrift .....	1	5.300	148.100
Leikistarskóli BÍL .....	2	1.597.950	1.675.200
www.leiklist.is .....	3	166.000	33.000
Ársrit og vefsíða .....		265.500	0
Aðrar tekjur .....	4	256.593	171.000
		<u>10.628.861</u>	<u>10.391.134</u>
<b>Sala og útleiga:</b>			
Sala á farða .....		2 155.033	1.499.800
Sala á handritum .....		307.875	273.787
Leiga á hákollum .....		0	11.823
		<u>2.462.908</u>	<u>1.785.410</u>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		13 091.769	12.176.544
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði .....		1.498.419	1.121.814
Handrit .....		162.712	210.792
		<u>1.661.131</u>	<u>1.332.606</u>
Leikistarblaðið: ritstjórn, prentun o.fl. ....	1	0	18.230
Leikistarskóli BÍL .....	2	1.564.550	1.675.893
www.leiklist.is .....	3	214.035	976.766
Laun og launatengd gjöld .....	5	5.340.511	4.510.194
Ýmis rekstrarkostnaður .....	6	2.426.640	2.704.581
Afskriftir fastafjærmuna .....	7	152.621	178.387
Vaxtagjöld .....		149.070	324.747
		<u>9.847.427</u>	<u>10 396.821</u>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		11.508.557	11 729.427
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>1.583.212</u>	<u>447.117</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eignir	Skýringar	2002	2001
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Fasteign .....		10.845.000	8.677.000
Innréttingar og húsbúnaður .....		79.028	57.968
Áhald og tæki .....		54.288	516.315
		<u>11.465.316</u>	<u>9.251.283</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	8	1.895.678	1.980.248
Skuldunautar .....		176.830	249.667
Handbætt fé .....		90.973	51.717
		<u>2.163.481</u>	<u>2.281.632</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>13.628.797</u>	<u>11.532.915</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2002	2001
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1 .....		8.769.620	3.769.624
Endurmal læsteignar .....		2.168.000	4.552.879
Rekstrarhagnaður .....		1.583.212	447.117
		<u>12.520.832</u>	<u>8.769.620</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir:</b>	9		
Skuldabréfalán .....		338.453	962.616
Næsta árs afborgun .....		(104.139)	(650.815)
		<u>234.314</u>	<u>331.801</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Bankareikningslán .....		478.595	1.001.811
Ýmsir skuldheimlumeri .....		83.198	374.064
Málaraverklökar Keflavíkur .....		0	100.000
Ógreidd launatengd gjöld .....		137.510	278.784
Ógreiddur virðisaukaskattur .....		60.568	12.659
Afallnir vextir .....		3.341	13.141
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....		104.139	650.815
		<u>873.651</u>	<u>2.431.494</u>
<b>Skuldir samtals</b>		1.107.965	2.763.295
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>13.628.797</u>	<u>11.532.915</u>

## Skýringar

### 1. Leiklistarblaðið

2002

2001

#### Tekjur

Áskriftargjöld .....	5.300	148.100
	<u>5.300</u>	<u>148.100</u>

#### Gjöld

Dreifing, innheimta, ljósmyndir o fl. ....	0	18.230
	<u>0</u>	<u>18.230</u>

### 2. Leiklistarskóli BÍL

#### Tekjur

Þáttlökgjöld nemanda .....	1.597.950	1.675.200
	<u>1.597.950</u>	<u>1.675.200</u>

#### Gjöld

Laun og ferðakostnaður kennara .....	650.765	561.490
Gisting og matur .....	834.753	1.044.800
Auglýsingar, pappír og kynning .....	20.654	19.000
Annar kostnaður .....	58.378	50.603
	<u>1.564.550</u>	<u>1.675.893</u>

### 3. www.leiklist.is

#### Tekjur

www.leiklist.is - AUGLÝSING-ATÉKJÓL .....	156.000	25.000
Skráningargjöld .....	10.000	8.000
	<u>166.000</u>	<u>33.000</u>

#### Gjöld

Stofnkostnaður .....	0	978.788
Hýsing vefs og áskrift þjónustu .....	167.435	0
Víðhald og endurbætur .....	46.600	0
	<u>214.035</u>	<u>978.788</u>

### 4. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur .....	427	2.100
Tekjur vegna innheimtu hofundalauna .....	200.426	168.810
Copy Aid styrklantónleikar .....	55.740	0
	<u>256.593</u>	<u>171.000</u>

## Skýringar

### 5. Laun og launatengd gjöld

	2002	2001
Laun starfsfólks .....	3.957.272	3.501.132
Lífeyrissjóðsgjöld .....	250.593	233.514
Sjúkra- og orlofsjóður .....	47.459	48.219
Tryggingagjald .....	191.187	195.529
Dagpeningar .....	894.000	537.800
	<u>5.340.511</u>	<u>4.516.194</u>

### 6. Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn, hili og ræsling .....	81.916	111.699
Fasteignagjöld .....	230.879	233.567
Viðhald húsnæðis .....	30.866	111.457
Vátryggingar .....	76.466	66.929
Akstur og burðargjöld .....	176.269	179.403
Símakostnaður .....	107.164	115.313
Ritfeng .....	36.860	47.671
Prentun, tékkhefti .....	113.428	175.679
Rekstur tolvakerfis .....	70.720	113.761
Kaffi og hreintæhsvörur .....	25.391	24.699
Kynningarstarf og auglýsingar .....	138.032	81.963
Námskerðskostnaður starfsmanna .....	45.000	49.200
Stjórnarfundir .....	153.759	186.009
Aðalfundur BIL .....	957.740	796.019
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BIL .....	(686.800)	(658.450)
Hautfundur .....	51.027	278.386
Innheimtur kostnaður vegna hautfundar .....	(35.000)	(253.500)
Kostnaður vegna nefnda .....	34.431	5.818
Kostnaður vifunda NAR, NEATA og IATA .....	119.981	202.478
Félagsgjald IATA .....	48.044	45.057
Félagsgjald NAR .....	75.667	71.286
Félagsgjald Norræna félagsins .....	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands .....	16.000	16.000
Samtök um leikminjasafn .....	5.000	10.000
Félagsgjald húseignafélagsins .....	7.700	0
Ársuppgjör og kostnaður vandurskoðunar .....	98.126	76.911
Áskrif og bókakaup .....	76.844	87.168
Gjafir .....	27.316	21.130
Útgáfa ársrits .....	67.523	0
Smáhöld á skrifstofu .....	3.149	8.148
Annar kostnaður .....	27.650	10.700
Afskrifaðar reikningar .....	76.951	64.400
Fjármagnstekjuskattur .....	42	218
	<u>2.260.931</u>	<u>2.282.918</u>
Virðisaukaskattur: Innskiptur af undanþegnum starfsemi .....	165.709	421.663
	<u>2.426.640</u>	<u>2.704.581</u>

## Skýringar

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamali í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaðar	Áhold og tækj	Samtals
Heildarverð 1/1 .....	8 677.000	277.502	1.385.685	10 340.187
Fasteign færð á fasteignamat .....	2 168.000	0	0	2 168.000
Fjárfest á árinu .....	0	28.032	170.622	198.654
Heildarverð 31/12 .....	10 845.000	305.534	1.556.307	12.706.841
				0
Afskrifað 1/1 .....	0	219.535	869.369	1.088.904
Afskrifað á árinu .....	0	6.972	145.649	152.621
Afskrifað 31/12 .....	0	226.507	1.015.018	1.241.525
Bókfaert verð 31/12 .....	10.845.000	79.027	541.289	11.465.316

2002

2001

### 8. Birgðir

Vörubirgðir gre nast þannig:

Hændrit .....	53.000	53.000
Farði .....	1.842.678	1 927.248
	<u>1 895.678</u>	<u>1 980.248</u>

### 9. Langtímalán

SPRON .....	338.453	433.895
Fjárfestingatægið Skandia .....	0	274.360
Málaraverklakar Kefavíx .....	0	274.362
Næsta árs afborganir .....	(104 139)	(650 815)
	<u>234.314</u>	<u>331.801</u>

# LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

## Með breytingum frá aðalfundi 2003

### 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

### 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölritun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

### 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraða og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Upptökubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Hún skal borin undir atkvæði á stjórnarfundum og síðan borin upp til staðfestingar á næsta aðalfundi Bandalagsins. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjald dagi árgjalda er 1. september.

### 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

### 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans

skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn. Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver.

- b) Verkefni aðalfundar skulu vera:
1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
  2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
  3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
  4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
  5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
  6. Skýrsla stjórnar.
  7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
  8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
  9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
  10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
  11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
  12. Lagabreytingar.
  13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
  14. Starfsáætlun afgreidd.
  15. Stjórnarkjör.
  16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.  
b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
  17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
  18. Önnur mál
  19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.
- c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.
- d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

## 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

## 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði einstakra félaga á aðalfundi.

## 9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmunum Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

## 10. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

**11. grein**

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir endurskoðendur Bandalagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

**12. grein**

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

**13. grein**

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

**14. grein**

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

**15. grein**

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

**16. grein**

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

**17. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

**18. grein**

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4 – 6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

**19. grein**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

*Samþykkt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Efstalandi í Ölfusshreppi 2. júní 1990 að meðtöldum breytingum frá aðalfundum 1995, 1997 og 2003.*

## Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2002–2003

Niðurstaða dómnefndar um val Þjóðleikhússins á Athyglisverðustu áhugasýningunni var gert heyrinkunnugt við hátíðarkvöldverð á Bandalagsþinginu á Ísafirði laugardaginn 3. maí 2003. Það var Stefán Baldursson þjóðleikhússtjóri sem kynnti úrslitin og fer ræða hans hér á eftir.

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram tíunda leikárið í röð. Tólf leikfélög sóttust eftir að koma til greina við valið með alls þrettán sýningar. Dómnefndin, eða í sumum tilfellum hluti hennar, sá allar sýningar á heimavelli. Auk þess gafst dómnefndarmönnum, sem ekki höfðu séð viðkomandi sýningu á sviði, þess kostur að sjá þrjár sýningar á myndbandi. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Stefáni Baldurssyni þjóðleikhússtjóra, Melkorku Teklu Ólafsdóttur, leiklistarráðunauti Þjóðleikhússins og Ragnheiði Steindórsdóttur leikkonu.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

Leikfélag Dalvíkur með Kverkatak eftir Júlíus Júlíusson í leikstjórn höfundar.

Leikfélag Fljótshéraðs með Prek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson.

Stúdentaleikhúsið með Íbúð Soju eftir Mikhaíl Búlgakov.

Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson.

Ungmennafélagið Íslendingur með Taktu lagið, Lóa eftir Jim Cartwright. Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

Leikfélag Mosfellssveitar með Beðið eftir go.com air eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn höfundar.

Leikfélag Hafnarfjarðar með Sölu miðil eftir Ármann Guðmundsson, Gunnar Björn Guðmundsson og leikhópinn.

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson.

Leikfélag Mosfellssveitar með Hobbittann eftir J.R.R. Tolkien. Leikstjóri og höfundur leikgerðar: Oddur Bjarni Þorkelsson.

Hugleikur með Undir hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.

Leikfélag Seyðisfjarðar með Lífsháska eftir Ira Levin. Leikstjóri: Ágúst Torfi Magnússon.

Freyvangsleikhúsið með Káin eftir Hannes Örn Blandon. Leikstjóri: Saga Jónsdóttir.

Leikdeild Ungmennafélags Reykdæla með Góðverkin kalla eftir Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Leikstjóri: Valgeir Skagfjörð.

Litli leikklúbburinn í samvinnu við Tónlistarskóla Ísafjarðar með Söngvaseið eftir Rodgers og Hammerstein.

Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir.

Leikfélag Sauðárkróks með Ertu hálf-dán? eftir Hávar Sigurjónsson. Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson.

Eins og jafnan hafði dómnefnd mikla ánægju af að sjá allar þessar sýningar og verða vitni að því kraftmikla og mikilvæga starfi sem áhugaleikfélögin standa fyrir um land allt. Líkt og oft áður viljum við gjarnan nefna sérstaklega nokkrar sýningar hér í kvöld. Dómnefnd sá meðal annars tvo viðamikla söngleiki, Prek og tár hjá Leikfélagi Fljótshéraðs og Söngvaseið hér á Ísafirði. Þátttakendur í þessum sýningum stóðu sig einstaklega vel, jafnt í söng- og leikatriðum. Aðdáunarvert er hversu vel leikfélögin ráða við að setja upp viðamikil verkefni af þessu tagi, og hve mörg leikfélög hafa gott söng- og tónlistarfólk innan sinna vébanda.

Sýning Freyvangsleikhússins um skáldið Káin eftir Hannes Örn Blandon var einnig meðal þeirra sýninga sem vöktu sérstaka athygli dómnefndar. Sýningin er unnin í anda byggðaleikhúss, þar sem félagi úr leikfélaginu semur leikrit um persónur sem tengjast svæðinu. Það er alltaf lofsvert þegar áhugaleikfélögin standa fyrir samningu nýrra leikverka og þá ekki síður þegar verkið tengist sögu og menningu byggðarlagsins. Sýningin var skemmtileg með kraftmiklum tónlistaratriðum í stíl þessa ágæta leikfélags. Það er gaman að geta þess að af þeim þrettán sýningum sem dómnefndin sá voru átta á íslenskum verkum og í sex tilvikum var um frumflutning að ræða.



Stefán Baldursson



Okkur langar að minnast sérstaklega á öflugt starf Júlíusar Júlíussonar, formanns Leikfélags Dalvíkur og félaga hans. Júlíus samdi og leikstýrði leikritinu Kverkatak, þar sem unglingar fóru með öll hlutverk. Greinilegt var að sýningin hafði verið unnin af miklum krafti og að unga fólkið hafði haft sérstaklega gaman — og ekki síður gott — af því að taka þátt í þessari skemmtilegu sýningu. Nýlega stóð fræðsludeild Þjóðleikhússins fyrir opnum fundi um leiklistarkennslu í grunn- og framhaldsskólum, og var þar meðal annars fjallað um hversu öflugt tæki leiklistin gæti verið til að efla þroska fólks, hugarflug þess, sjálfsvitund og samskiptahæfni. Áhugaleikfélögin gegna mikilvægu hlutverki í því að kynna ungu fólki leiklist og með frjóu samstarfi við ungt fólk hafa þau átt sinn þátt í að efla áhuga nýrra kynslóða á leikhúsinu, auk þess að hafa þroskavænleg áhrif á það unga fólk sem tekur þátt í sýningum þeirra.

Þrjár sýningar vöktu sérstaka athygli dómnefndar fyrir frumleika og hugmyndaauðgi í útfærslu, Beðið eftir go.com air eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn höfundar hjá Leikfélagi Mosfellssveitar, Undir hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur hjá Hugleik og sýning Leikfélags Hafnarfjarðar á Söllu miðli í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar, sem jafnframt samdi verkið ásamt öðrum og lék burðarhlutverk í sýningunni. Í öllum þessum sýningum náði leikhópurinn tilætluðum áhrifum með ágætum leik, í anda og stíl hverrar sýningar.

Segja má að Salka miðill hafi verið „óvenjulegasta áhugasýning ársins“. Sýningin veitti áhorfendum nýstárlega og magnaða leikhúsupplifun og var jafnframt mjög vel unnin. Eins og margir hér vita er sýningin byggð upp eins og miðilsfundur, og allt frá því áhorfendur stíga inn í leikhúsið eru þeir umluktaðir andrúmi miðilsfundarins. Raunar fylgir sýningin áhorfendum allt út á götu undir lokin. Sýningin var sýnd fyrir fáa áhorfendur í senn, í litlu rými, og voru umgjörð hennar og leikur leikaranna til þess fallin að skapa áhrifaríka mynd af miðilsfundi. Óvenju vel unninn raunsæislegur leikur, mikil nálægð við áhorfendur og trúverðug leikmynd höfðu þau áhrif að áhorfandinn gekk fyrirhafnarlaust inn í raunveruleika sýningarinnar. Salka miðill er leiksýning þar sem unnið er á óhefðbundinn og skemmtilegan hátt með leikhúsförmið.

En þá er komið að áhugasýningu ársins. Eins og oft áður var valið erfitt, því margar sýningar voru afar vel heppnaðar, hver á sinn hátt. Dómnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2002 — 2003 sýningu Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar á Söngvaseiði eftir Rodgers og Hammerstein, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi: Sýning Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar á Söngvaseiði er einstaklega metnaðarfull sýning og má segja að það sé þekkvirk hjá þessum aðilum að setja upp söngleik af þessari stærðargráðu með þessum árangri. Mikið hefur verið lagt í umgjörð sýningarinnar, hópatriði og tónlistaratriði, auk þess sem verulega reynir á þátttakendur í leik, dansi og söng. Leikarar í sýningunni eru á öllum aldri, og var sérstaklega ánægjulegt að sjá hvað barnahópurinn stóð sig vel, enda dyggilega studdur af sterkum hópi eldri leikara. Allt yfirbragð sýningarinnar var tilgerðarlaust og agað, og tókst aðstandendum og leikurum með einlægni og hómor að sneiða hjá þeirri tilfinningasemi sem óneitanlega býr í verkinu. Í Söngvaseiði sameinar tónlistarfólk og leikhúsfólk krafta sína í óvenjulega heilsteyptri sýningu sem allt bæjarfélagið má vera stolt af.

Þjóðleikhúsið óskar Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar til hamingju og býður þeim að koma og sýna Söngvaseið í Þjóðleikhúsinu sunnudagskvöldið 25. maí 2003.

(Það má taka það fram hér í lokin að sýndar voru þrjár sýningar í Þjóðleikhúsinu fyrir fullu húsi og ætlaði fagnaðarlátum áhorfenda aldrei að linna. VV)



Úr Söngvaseið Litla leikklúbbsins

## Verkefni og skýrslur stjórnna aðildarfélaganna leikárið 2002–2003



Hannes Örn Blandon í hlutverki skáldsins

### Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

#### Kabarett 2002

Höfundar voru Pálmi, Sverrir og Dýrleif, leikstjóri Guðrún Halla Jónsdóttir.  
Þátttakendur: 20 Sýningar: 3 Áhorfendur: 220

#### Dagskrá á Handverkshátíð 2002

Höfundar Hannes Örn Blandon o.fl., leikstjóri Guðrún Halla Jónsdóttir.  
Þátttakendur: 15 Sýningar: 1 Áhorfendur: 700

#### Káinn

eftir Hannes Örn Blandon, leikstjóri Saga Jónsdóttir.  
Þátttakendur: 50 Sýningar: 20 Áhorfendur: 1.780

### Halaleikhópurinn, Reykjavík

#### Á fjöllum félagsins

eftir Unni Maríu Sólmundardóttur, leikstjóri Edda Vilborg Guðmundsdóttir.  
Þátttakendur: 32 Sýningar: 9 Áhorfendur: 281

#### Kaffileikhús – Uppboðið

Dagskrá samin af Kristínu R. Magnúsdóttur, leikstjóri Edda Vilborg Guðmundsdóttir.  
Þátttakendur: 23 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120



Á fjöllum félagsins – 10 ára afmælisýning

### Skýrsla stjórnar Halaleikhópsins:

Leikárið byrjuðum við með því að halda upp á afmæli Halaleikhópsins, sunnudaginn 29. sept. '02, en félagið varð 10 ára 27. september 2002. Herleg afmælisveislan var og marga góða gesti að garði bar. Einnig góðar gjafir og heillaóskir.

Í tilefni 10 ára afmælisins samdi einn félagi Halaleikhópsins, leikritið Á fjöllum Félagsins, sem annar Halafélagi leikstýrði. Æfingar byrjuðu í október og urðu langar og strangar, sem reyndi mikið á hópinn. Frumsýnt var 8. febrúar 2003. Sýningar gengu vel og lengi og urðu sýningar alls 9, oftast við fullu húsi. Á fjöllum Félagsins, er eftir Unni Maríu Sólmundardóttur og leikstjóri var Edda V. Guðmundsdóttir, báðar virkir Halafélagar. Nokkrir Halafélagar fluttu brot úr leikritinu Á fjöllum Félagsins á árs hátíð Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, við góðar undirtektir. Áætlað var að vera með 2 sýningar úti á landi, en hætta varð við það, vegna veikinda eins aðalleikarans.

Halaleikhópurinn hefur stækkað og telur nú 66 félaga.

Stjórnarfundir voru að meðaltali haldnir á tveggja vikna fresti, langt fram á sýningartíma.

Við sendum 2 fulltrúa á aðalfund BÍL á Ísafirði dagana 2.–4. maí 2003. létu þær vel af aðgenginu á staðnum og voru ánægðar með ferðina. Sendum ályktun með þeim, um að bæta aðgengi fatlaðra á námskeiðum á vegum BÍL, svo allir geti sótt þau.

Einn félagi mun sækja námskeið á vegum BÍL í ágúst 2003. Framundan eru sumarfrí og aðalfundurinn í ág./sept. 2003.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum og þeim fjölmörgu, sem unnu í þágu leikhópsins að sýningu og öðrum uppkomum á leikárinu. Sérstaklega þakka ég varaformanni mínum, sem leysti mig af í þá 4 mánuði, sem ég var á spítala.

Kristín R. Magnúsdóttir, formaður

**Hugleikur, Reykjavík***Undir hamrinum*

eftir Hildi Þórðardóttur, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.  
Þátttakendur: 20 Sýningar: 10 Áhorfendur: 550

*Þetta mánaðarlega, október 2002 – 5 einþáttungar*

Höfundar Fríða B. Andersen, Þórunn Guðmundsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir og Sigrún Óskarsdóttir.

Leikstjórar Þorgeir Tryggvason, Sævar Sigurgeirsson, Fríða B. Andersen og Sesselja Traustadóttir.

Þátttakendur: 18 Sýningar: 2 Áhorfendur: 160

*Þetta mánaðarlega, nóvember 2002 – 7 einþáttungar*

Höfundar Hrefna Friðriksdóttir, Fríða B. Andersen, Ylfa Mist Helgadóttir, Nína Björk Jónsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir.

Leikstjórar Þorgeir Tryggvason, Halla Rún Tryggvadóttir, Unnur Guttormsdóttir, Fríða B. Andersen, Hulda B. Hákonardóttir og Rúnar Lund.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 2 Áhorfendur: 150

*Þetta mánaðarlega, apríl 2003 – 7 einþáttungar*

Höfundar Fríða B. Andersen, Júlía Hannam, V. Kári Heiðdal, Þórunn Guðmundsdóttir og Árni Hjartarson.

Leikstjórar Ármann Guðmundsson, Rúnar Lund, Júlía Hannam, Þorgeir Tryggvason og Sævar Sigurgeirsson.

Þátttakendur: 20 Sýningar: 2 Áhorfendur: 68

*Klundurjól – jólaleikþættir og tónlist*

Höfundar Fríða B. Andersen, Þórunn Guðmundsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Þorgeir Tryggvason.

Leikstjórar Unnur Guttormsdóttir, Þorgeir Tryggvason og Sesselja Traustadóttir.

Þátttakendur: 31 Sýningar: 2 Áhorfendur: 150

*Undir hamrinum**Klundurjól***Skýrsla stjórnar Hugleiks:**

Í upphafi leikárs var stjórn skipuð þeim Þorgeiri Tryggvasyni, formanni, Jóhanni Haukssyni, varaformanni, Fríðu Bonnie Andersen, ritara, Höllu Rún Tryggvadóttur, gjaldkera og Nínu Björk Jónsdóttur, meðstjórnanda. Í varastjórn voru Hafdís Hansdóttir, Hulda B. Hákonardóttir og V. Kári Heiðdal. Nokkur hreyfing var á stjórnarmönnum vegna ferðalaga til náms og starfa og tveir varastjórnarmenn tóku sæti í stjórn á starfsárinu.

Leikárið hófst og endaði með sama hætti – leikferð. Í byrjun júní fylltu þursar og hundar, frekjudósir og fiðlusargarar, álfkonur og mandólin-plokkarar rútu eina mikla og keyrðu sem leið lá á Þjóðlagahátíð á Siglufirði. Þar var söngleikurinn Kolrassa fluttur fyrir troðfullu húsi og við gífurlegan fögnuð. Ógleymanlegt kvöld. Strax næsta kvöld sýndum við svo í Samkomuhúsinu á Akureyri fyrir öllu minna troðinn sal, en alltaf er gaman að sýna í þessu frábæra húsi. Heilt yfir var þetta frábær leikferð og verðugur endapunktur á hinu mergjaða Kolrössuævintýri.

Og í maí var síðasta verkefnið það að hin illdrepani ópera Bíbí og Blakan flögraði til Þýskalands og söng sig inn í sálina á hátíðargestum á Evrópskum áhugaleikhúsdögum í Rudolstadt í Thüringen-héraði. Tókst ferð þessi með ágætum, en hún var afrakstur ferðar hópsins á hátíð í Gatchina í Rússlandi í lok september. Rússlandsferðin var mikið ævintýri eins og gefur að skilja, aðbúnaður frumstæður, rússneski veturinn kominn óþægilega nálægt og skipulag hátíðarinnar nokkuð á afturfótunum hjá Rússneska birninum. En fólkið, framandleikinn og upplifunin bætti þetta allt saman upp, auk þess sem viðtökur voru frábærar.

Á milli þessara ferðapóla var margt á seiði hjá Hugleik, líklega hefur sjaldan gengið eins mikið á fyrir þessu félagi. Og eins og oft má rekja gróskuna niður í ræturnar – til höfundanna.

Það kom semsagt á daginn um mitt sumar að óvenju mikið var í skúffum og á hörðum diskum höfunda félagsins. Helgaðist það ekki síst af myndarlegri þátttöku okkar í höfundanámskeiði í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í Svarfaðardal í sumar, en þar voru sex hugleikshöfundar meðal nemenda. Alls sóttu 13 hugleiksmenn skólann að þessu sinni.

Í ljósi þessarar öflugu höfundastarfsemi var ákveðið að skipuleggja mánaðarlegar einþáttungasýningar í Kaffileikhúsinu undir yfirskriftinni „Þetta mánaðarlega“. Urðu þær tvær um haustið, og ein í lok apríl, þar sem ungskáldin Unnur Gutt og Sævar Sig kváðu sér líka ljóðs í bland við leikritin. Einnig settu einþáttungar svip sinn á jóladagskrána Klundurjól sem flutt var í Kaffileikhúsinu í desember eins og áralöng hefð gerir ráð fyrir.

Alls voru sýndir tuttugu og þrjú leikþættir í þessum dagskrám í vetur, þar af átján frumfluttir. Ellefu höfundar lögðu til efni, þar af fjórir í fyrsta sinn. Leikstjórn þáttanna var alfarið í höndum félagsmanna, bæði gamalreyndra leikstjóra og þeirra sem sótt hafa sér leikstjórnarmenntun í skóla Bandalagsins undanfarin ár. Þá gefa leikþættir af þessu tagi leikurum félagsins oft og tíðum tækifæri til að reyna sig við annarskonar og oft meira krefjandi viðfangsefni en hefðbundin heilskvöld Hugleiksleikrit bjóða upp á.

Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með Þetta mánaðarlega. Aðsókn var góð, á köflum til hreinustu vandræða í þrengslum Kaffileik-hússins. Viðtökur voru alla jafna finar og gagnrýnandi leiklistar.is var duglegur að segja hvað honum fannst. Í tvígang birtust einnig lofsamlegir dómar um sýningararnar í Morgunblaðinu.

Dýrmætast er þó sú reynsla og sjálfstraust sem þessi vinna gefur félaginu. Höfundar eflast, leikstjórar þroskast og leikarar þjálfast. Allt mun þetta skila sér inn í starfið á næstu misserum og árum.

Nánar verður samt að gera grein fyrir Klundurjólum. Í tilefni jóladagskrárinnar var að þessu sinni ákveðið að efna til jólaleikritasamkeppni, þeirrar fyrstu í sögu félagsins. Dómnefnd skipuðu Hulda B. Hákonardóttir, Rúnar Lund og Viðar Eggertsson. Átta þættir bárust, og valdi dómnefnd fjóra þeirra til sýningar. Þetta voru þættirnir Níu nóttum fyrir jól eftir Friðu Bonnie Andersen, Ein lítil jólasaga eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Þegar Grýla stal jólunum eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og Ó pabbi, komdu heim um jólin eftir Þorgeir Tryggvason. Þættirnir voru fluttir á Klundurjólum í bland við frumsamda tónlist sem tengdist jólunum. Óvenju mikið var í tónlistarflutninginn lagt, þarna var hljómsveit, einsöngvarar, karlakvartett, karlakór og annar stór og blandaður. Efnið var að langmestu leyti úr smíðju eða að undirlagi jóladrotningar félagsins og móður jóladagskrárinnar, Þórunnar Guðmundsdóttur.

Og talandi um samkeppni: á vordögum var hleypt af stokkunum leikþattasamkeppni á vef Bandalagsins, Leiklist.is. Úrslit voru síðan kunngjörð á Bandalagsþingi á Ísafirði í maí. Kom þá upp úr dúrnum að Hrefna Friðriksdóttir hafði sigrað keppnina með þætti sínum, Lífið í lit. Og ekki nóg með það heldur áttum við líka mann í bronssætinu, sem Sævar Sigurgeirsson deildi með Jónínu Leósdóttur með þáttinn sinn, Bara innihaldið. Óskar félagið þessum verðlaunagripum til hamingju.

Eftir áramót var síðan tekið til óspilltra málanna við að sviðsetja aðalverkefni vetrarins, baðstofudramað Undir Hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur. Leikstjóri var ráðinn Ágústa Skúladóttir. Fljótlega var afraðið að semja tónlist við verkið og voru Björn Thorarensen og Þorgeir Tryggvason settir til starfans. Þetta var fyrsta aðkoma Björns að slíkum verkum fyrir Hugleik, en vonandi ekki sú síðasta.

Eins og reiknað hafði verið með setti still og vinnubrögð Ágústu afgerandi svipmót á sýninguna. Útkoman var stílfærð og ólíkindaleg sýning með sterkum leik sem undirstrikaði grótesk ólíkindin í texta og sögu Hildar. Sýningin vakti hrifningu flestra gagnrýnenda og sterk viðbrögð margra áhorfenda. Sérstaklega var áberandi, og ánægjulegt, hvað félagar okkar úr áhugaleikhúsinu voru margir hrifnir.

#### Húsnæðismál

Húsnæðisvandi Hugleiks er eilífðarmál og hélt áfram að hrjá okkur í vetur. Rétt fyrir síðustu stjórnarskipti tryggði Hugleikur sér aðstöðu í Geysishúsinu, og útlit fyrir að þar gætum við verið allt fram að því að við flyttum æfingar á Hamrinum niður í Tjarnarbíó. Húsnæðið hentaði að mörgu leyti ágætlega og nýttist vel fyrir Þetta mánaðarlega. Illu heilli miðaði framkvæmdum við endurbýggingu hússins vonum framar og þegar æfingar hófust á Undir hamrinum var ljóst að finna yrði aðra lausn. Eftir nokkra leit fannst þetta húsnæði við Hlemm sem er afar hentugt, en of dýrt til langframa. Nú hefur verið gengið frá því að við fáum áföng fyrir hafurtask okkar í sumar í gamla Hampiðjuhúsinu við Brautarholt. Ekki er þar um framtíðarlausn að ræða, en það er stefna stjórnar að finna hentugt húsnæði til kaups og ráðast í það sem fyrst. Þegar hefur verið hafist handa við að leita að húsnæði sem hentar starfsemi og er á verði sem við teljum okkur geta klofið. Lítum við til þess að þessi húsnæðis kaup verði eitt af helstu verkefnum næsta árs, sem er tuttugu ára afmælisár félagsins. Vonandi verður hægt að sannfæra yfirvöld um að það sé verðugt tækifæri til að hjálpa félaginu til að eignast samastað og geta í framhaldinu beint meiri hluta af orku sinni í skapandi átt, en dregið úr starfsemi rótaradeildarinnar.

Þorgeir Tryggvason, formaður

## Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

### Gullna hliðið

eftir Davíð Stefánsson, leikstjóri Gunnar Sigurðsson.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 5 Áhorfendur: 404

Grunnnámskeið í leiklist, stjórnandi Gunnar Sigurðsson, þátttakendur 14.

### Skýrsla stjórnar Leikdeildar Umf. Vöku

Í samvinnu við stjórnendur Félagsheimilisins Þjórsárvers var ákveðið að hefja leiklistarstarfsemi að nýju, en hún hafði legið niðri um nokkurn tíma. Leikstjóri var ráðinn Gunnar Sigurðsson, en hann hefur mikla menntun, reynslu af starfi með leikhópum og kunnáttu sem ljósastjórnandi. Byrjaði Gunnar á því að halda leiklistarnámskeið, tvo laugardaga og tvö miðvikudagskvöld í október og nóvember 2002. Í októberhefti Velvakanda var auglýst eftir þátttakendum, allir yfir 13 ára aldri voru velkomnir. Þátttökugjald var ekkert. Nemendur urðu 14 talsins og náði hópurinn vel saman.

Um miðjan desember var farið að lesa leikrit og eftir nokkrar vangaveltur varð Gullna hliðið eftir Davíð Stefánsson fyrir valinu.

Æfingar hófust þann 9. febrúar 2003 og urðu þær 22 talsins auk vinnu við ljós, búninga, leikmynd og annan undirbúning. Alls komu um 30 manns að uppfærslunni á einn eða annan hátt.

Frum sýning var 5. apríl eins og lengi hafði verið stefnt að. Miðaverð var ákveðið kr. 1.800, en börn, öryrkjar og eldri borgarar fengu afslátt og greiddu kr. 1.500. Innifaldar í miðaverði voru léttar veitingar í hléi og leikskrá. Mæltist þetta vel fyrir.

Strax varð ljóst að verkið átti nokkrum vinsældum að fagna og hjálpaði þar eflaust góð fjölmiðlakynning og fréttatvöngur. Heildargestafjöldi varð um 400 manns. Verður það að teljast nokkuð góður árangur í þeirri miklu samkeppni sem orðin er um athygli fólks og frítíma. Komu gestir úr hinum fjarlægustu landshlutum, en mest þó úr nágrenninu.

Þegar þetta er skrifað (27. apríl 2003) er ljóst að verkefnið verður hallalaust og skilar sennilega nokkrum afgangi. Verður það að teljast sérlega góður árangur, bæði miðað við væntingar heimamanna í upphafi og einnig miðað við það sem frést hefur af gangi annarra leikverka á Suðurlandi um svipað leiti.

Í heildina verður ekki annað sagt en að verkefnið hafi orðið aðstandendum sínum til sóma, hreppnum til álitsauka og staðfesting á því mennigartígi sem hér ríkir. Fyrir þátttakendur var þetta hin ágætasta skemmtun og tilbreyting. Vonandi líða ekki mörg ár þangað til næsta stórverk kemst á fjalarinnar í Þjórsárveri.

Valdimar Össurason, stytting VV

## Leikfélag Blönduóss

### Karíus og Baktus

eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur. Leikstjórar  
Hólmfríður Jónsdóttir og Kristín Guðjónsdóttir.

Þátttakendur: 12

Sýningar: 3

Áhorfendur: 307

### Skýrsla stjórnar Leikfélags Blönduóss

Félagar í Leikfélagi Blönduóss sömdu og fluttu skemmtiatriði á Porrablóti kvenfélagsins Vöku í janúar, einnig fluttu þeir úrdrátt úr þeim atriðum á porrablóti fyrir eldri borgara nokkru seinna.

Æfingar hófust á leikritinu Karíus og Baktus um miðjan mars og var frumsýning

laugardaginn fyrir páska. Sýningar voru 3 og áhorfendur um 300 talsins. Ekki var ráðinn menntaður leikstjóri í þetta skiptið, en formaður og gjaldkeri, þær Kristín og Hólmfríður tóku að sér verkið. Að sýningunni komu alls 11 manns.

Á föstudaginn langa voru lesnir Passíusálmur í Blönduósskirkju, að þessu sinni voru lesnir allir sálmarnir og tók það um 4 klukkutíma.

Félagar úr leikfélaginu tóku þátt í því ásamt starfsfólki kirkjunnar og kirkjukórsins.

Leikfélag Blönduóss hefur frábæra aðstöðu í Félagsheimilinu á Blönduósi og nú nýverið var keypt nýtt biótjald og hljóðkerfi í húsið með stuðningi ýmissa félagsamtaka, leikfélagið greiddi fyrir biótjaldið, en áður hafði það gefið tjald til að draga fyrir leiksviðið.

Stjórn er óbreytt frá fyrra ári:

Kristín Guðjónsdóttir, formaður, Hólmfríður Jónsdóttir, gjaldkeri, Benedikt Blöndal, ritari, Birna Lúkasdóttir og Þorgrímur Pálmason meðstjórnendur.

*Kristín Guðjónsdóttir, formaður*



*Karíus og Baktus*

## Leikfélag Dalvíkur

### Kverkatak

Höfundur og leikstjóri Júlíus Garðar Júlíusson.

Þátttakendur: 63

Sýningar: 9

Áhorfendur: 499

### Gengið á hælina

Höfundur og leikstjóri Júlíus Garðar Júlíusson.

Þátttakendur: 38

Sýningar: 10

Áhorfendur: 565

### Örleikritasýning

8 stuttir leikþættir, 7 eftir Júlíus Júlíusson og 1 eftir Ármann

Guðmundsson. Leikstjóri Júlíus Júlíusson.

Þátttakendur: 17

Sýningar: 4

Áhorfendur: 93

Að auki var einn þátturinn sýndur á Fiskidaginn mikla fyrir 13.800 áhorfendur.

Leiklistarnámskeið fyrir unglunga, stjórnandi Júlíus Júlíusson, þátttakendur 18.

### Skýrsla stjórnar Leikfélags Dalvíkur

Stjórn L.D., sem skipa Júlíus Júlíusson formaður, Arnheiður Hallgrímsdóttir varaformaður, Eyrún Rafnsdóttir gjaldkeri, Dana Jóna Sveinsdóttir ritari og Lárus Heiðar Sveinsson meðstjórnandi, hélt 9 fundi á árinu ásamt nokkrum stuttum skyndifundum.

Leikstjóri ársins var Ármann Guðmundsson og verkið sem varð fyrir valinu í ár var Sex í sveit eftir Marc Camelotti í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Má segja að viðtökur hafi verið mjög góðar á þessum fyndna farsa.

Á árinu voru Bakkabræður á fullu út um allar trissur m.a annars á Skíðalandsmótinu sem hér var síðasta vor, en við erum í raun ekki með tölu á því hvað þeir hafa oft komið fram þar sem þeir kunna ekki að telja.

Félagar úr L.D. tóku þátt í geysivinsælli skemmtidagskrá sem bar nafnið Dámar mér nú danskurinn. Þetta voru höfundar verksins Allt sem þér viljið, sem sló svo rækilega í gegn hjá L.D. 2001, þau Arnar Símonarson, Dana Jóna Sveinsdóttir, Sólveig Rögnvaldsdóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson.

Sl. sumar var 10 daga leiklistarnámskeið fyrir unglunga í Dalvíkurbyggð. 18 unglingar sóttu námskeiðið, sem gekk vonum framfar – glæsileg efni þar á ferðinni. Námskeiðinu lauk með lítilli sýningu fyrir fullu húsi í Ungó. Tveir strákar af námskeiðinu sýndu svo eitt örleikrit á sviði Fiskidagsins mikla fyrir framan þúsundir. Leikfélagið kom vel að Fiskideginum mikla líkt og árið á undan og tók með miklum ágætum á móti öllum þeim fjölda sem mætti þennan dag. Fjölmargir gestir dagsins minnst einmitt á hve þetta var skemmtileg aðkoma.

Tveir aðilar frá L.D. sóttu Leiklistarskóla Bandalagsins að Húsabakka í júní sl. og voru þeir saman í bekk, sem var framhaldsnám í leikstjórn. Þetta voru þeir Freyr Antonsson og Júlíus Júlíusson. L.D. kom líkt og fyrri ár vel að skólanum, sá um dagskrá tvö kvöld, bandalagsleika og



*Kverkatak*



*Gengið á hælina*

óvissuferð, ásamt því að sjá um músík á lokakvöldi, lána búninga og fleira. Meira að segja lánaði félagið einn leikara, Dönu Jónu Sveinsdóttur. Jólaveinarnir á svölum Kaupfélagsins voru á sínum stað og slógu í gegn að venju.

Stjórnin kom saman fyrir kosningar og heimsótti frambjóðendur, aðallega til skrafs og ráðagerða um húsnæðismál, þau mál eru í lausu lofti. Ekki var sjáanlegur árangur af heimsókn okkar en vonum við að munað verði eftir sjónarmiðum okkar þegar ákvarðanir verða teknar. Eftir verkið Sex í sveit var farið út í sveit og étin gómul geit, eða eitthvað gott kjöt af grillinu, ásamt því að njóta þess að vera til, vera saman og hafa gaman.

Við sáum ný andlit í starfinu á síðasta ári sem er mjög ánægjulegt og er von okkar að enn fleiri ný andlit sjái sér fært að starfa með í ár og komandi ár.

Július Júlíusson, formaður

## Leikfélag Djúpavogs

*Bar par*

eftir Jim Cartwright í þýðingu Guðrúnar J. Bachmann, leikstjóri Hallgrímur Oddsson.

Þátttakendur: 11                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 80

*Hún hló, hann dó og þó*

eftir Dario Fo í þýðingu Olgu Guðrúnar Árnadóttur og Sveins Einarssonar. Leikstjóri Hallgrímur Oddsson.

Þátttakendur: 10                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 102

### Skýrsla stjórnar Leikfélags Djúpavogs

Leikfélag Djúpavogs var endurvakið á síðasta ári aftir margra ára dvala. Nokkrum röskum einstaklingum þótti tími til kominn að vekja leikfélagið upp af þeim væra blundi er það hafði sofið í hartnær 20 ár. Áhugi fyrir starfsemi sem þessari er mikill og ekki skortur á hæfileikaríku fólki hér um sveitir. Í leikfélagið eru nú skráðir 30 félagar og alltaf að bætast í hópin, sem sýnir þörfina á félagsskap sem þessum, og er það von okkar að leikfélagið eigi eftir að blómstra og dafna um ókomna framtíð og verði ekki svæft aftur í bráð.

Leikfélagið setti upp tvö verk í vetur, hið fyrra síðasta haust sem fékk nafnið Hún hló, hann dó og þó! sem voru þrjú einþáttungar eftir Dario Fo, Fótaferð, sem hann samdi ásamt konu sinni Franca Rame, Kona einsömul og Lík til sölu.

Stígu þar í fyrsta sinn á svið 7 alls óvanir leikarar sem stóðu sig með mikilli þrýði og voru leikfélaginu til sóma á þessari upprisu félagsins. Á vordögum var svo sett upp verk númer tvö, Bar par, sem tókst virkilega vel þrátt fyrir erfiða fæðingu og enn og aftur voru einstaklingar að stíga sín fyrstu leikspor og alltaf einhverjir framúrskarandi leikarar að líta dagsins ljós. Leikstjóri beggja þessara sýninga var Hallgrímur Oddsson. Um þessar mundir fer leikfélagið í smá sumarfrí og kemur svo sterkt inn aftur í haust.

Ég vona að með þessum fáu orðum hafi ég getað gefið ykkur innsýn í starfsemi okkar og vil ég loka þessari skýrslugerð minni á einkunnar-orðum leikfélagsins: von okkar er sú að þið og við höfum af þessu dulitla kátínu, eilittla gleði en fyrst og fremst yfirmáta ánægju. Og að lokum óska ég leikurum og aðstandendum Leikfélags Djúpavogs til hamingju.

Guðrún Anna Eðvaldsdóttir, leikfélagi



*Prek og tár*

## Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum

*Prek og tár*

eftir Ólaf Hauk Símonarson, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.

Þátttakendur: 40                      Sýningar: 10                      Áhorfendur: 918

Leiklistarnámskeið fyrir börn og unglinga, stjórnandi Sigurður Borgar Arnaldsson, þátttakendur 67.

### Skýrsla stjórnar Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Byrjað var á fyrsta verkefni leikársins þegar í ágúst er ákveðið var að ráðast í uppsetningu á leikritinu „Prek og tár“ eftir Ólaf Hauk Símonarson, í leikstjórn

Odds Bjarna Þorkelssonar, sem var LF félögum að góður kunnur eftir uppsetningu sína á „My Fair Lady“ fyrir nokkrum árum. Skemmst er frá að segja að sýningin fékk afar góðar viðtökur, sýningar urðu 10, seldir miðar rúmlega 900 talsins og þóttust LF félagar mega vel við una. Þegar sýningum á Preki og tárurum var nýlokið tóku við næstu verkefni sem voru Grýlugleði á Skriðuklaustri (felst í því að leika Grýlu og Leppalúða með látum fyrir blessuð börnin) og jólasveinaverkefni í samvinnu við Markaðsstofu Austurlands (felst í því að kynna íslenska jólasveina fyrir erlendum ferðamönnum). Þó þetta hafi verið mikill annatími í desember tókst samt með harðfyllgi að koma báðum verkefnum af! Þeir sem voru forsvarsmenn fyrir þessu verkefni voru Erla Dóra Vogler og Sigríður Eir Zophoníasdóttir fyrir Grýlugleðina og Fjóra Sverrisdóttir tók að sér að halda utan um jólasveinaverkefnið.

Í lok janúar var farið af stað með námskeið fyrir börn og unglinga á Héraði og nágrenni eins og verið hefur undanfarin tvö ár. Þau voru haldin í Grunnskólanum á Brúarási á Jökuldal og voru vel sótt eins og venjulega, fjögur námskeið sem tóku yfir tvær helgar. Friðjón Magnússon og Sigurður Borgar Arnaldsson voru leiðbeinendur og stóðu sig afar vel.

Seinni hluti leikársins leið án mikilla afreka en við hyggjumst hefjast handa ótrauð og full orku í byrjun næsta leikárs.

Egilsstöðum, 24. maí 2003,

Sigurlaug Gunnarsdóttir, formaður

**Leikfélag Hafnarfjarðar***Herbergi með útsýni*

eftir David Christer í þýðingu og leikstjórn Ármanns Guðmundssonar.  
 Þátttakendur: 4                      Sýningar: 3                      Áhorfendur: 120

*Salka miðill*

eftir Ármann Guðmundsson, Gunnar Björn Guðmundsson og leikhópin,  
 leikstjóri Ármann Guðmundsson.  
 Þátttakendur: 13                      Sýningar: 14                      Áhorfendur: 290

*Herbergi með útsýni**Bar par***Leikfélag Hofsóss***Bar par*

eftir Jim Cartwright í þýðingu Guðrúnar J. Bachmann, leikstjóri Sunna Borg.  
 Þátttakendur: 25                      Sýningar: 10                      Áhorfendur: 531

*Skýrsla Leikfélags Hofsóss*

Leikfélag Hofsóss hélt sinn árlega aðalfund í október og þó fundurinn væri ekki ýkja fjölmennur var þó greinilegt að fullur vilji var fyrir því að setja leikrit á fjalirnar og var stjórn falið að finna leikstjóra og velja leikrit. Í nóvember var haldinn annar fundur og til hans boðaðir þeir sem áhuga hefðu á að vera með í uppsetningu

leikrits. Mæting á hann var góð og fljótlega eftir hann var Sunna Borg ráðin sem leikstjóri og í samráði við hana var ákveðið að setja upp leikritið Bar par eftir Jim Cartwright.

Sunna mætti til starfa í fyrstu viku febrúar og eftir dálitlar fæðingarhríðir við að útvega karlmenn í hlutverkin hófust æfingar á fullu þann 10. febrúar. Bar par er skrifað þannig að tveir leikarar geta farið með öll hlutverkin og hefur það líklega oftast verið sett upp þannig en við höfðum einn leikara í hverju hlutverki með þeirri undantekningu að einn karlleikarinn lék tvær persónur. Æfingar gengu vel og þann 28. mars var frumsýnt fyrir fullu húsi. Alls var sýnt 10 sinnum við mjög góðar undirtektir áhorfenda. Sérstaklega var góð mæting á loka-sýninguna sem var kl. 23.00 að kvöldi föstudagsins langa.

Önnur verkefni félagsins eru ekki mikil að vöxtum. Þó má nefna þátttöku í hátíðahöldum á 17. júní og einnig stendur til að vera með einhverja uppákomu á Jónsmessuhátíð sem haldin verður um Jónsmessuna (merkilegt nokkl!) í sumar.

*Fríða Eyjólfsdóttir, formaður*

**Leikfélag Hornafjarðar, Höfn***Emil í Kattholti*

eftir Astrid Lindgren í þýðingu Vilborgar Dagbjartsdóttur og leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.  
 Þátttakendur: 13                      Sýningar: 11                      Áhorfendur: 403

*Með krús í hendi*

Dagskrá byggð á lögum og textum Jónasar og Jóns Múla Árnasona.  
 Dagskrárgerð og leikstjórn Elísa Jónsdóttir.  
 Þátttakendur: 20                      Sýningar: 4                      Áhorfendur: 187

*Skýrsla Leikfélags Hornafjarðar*

Fundahöld hafa ekki háð stjórnarfolki félagsins þetta starfsár. Ýmislegt hefur þó verið gert, bæði til gagns og gamans.

Síðasta sumar var Hlaðan máluð að utan og gerðar ítrekaðar tilraunir til að þetta leka sem hrjád hefur lengi. Ekki er ljóst hversu til hefur tekist, þar sem ekki hefur rignt mjög mikið síðan síðasta tilraun var gerð. Íbúðin var líka máluð að nokkru leyti, klárað að klæða að innan geymsluloftið og ný klæðning sett í loft viðbyggingarinnar.

Í endaðan september kom Guðjón Sigvaldason leikstjóri til starfa. Ætlunin var að setja upp Karius og Baktus og Eru tígrisdýr í Kongó? Átti að framkvæma þetta á sem ódýrastan og einfaldastan hátt. Skemmst er frá að segja að ekkert af þessu gekk eftir. Einföldu einþáttungarnir tveir urðu að stærðar uppfærslu á Emil í Kattholti, sem ekki er beinlínis hægt að segja að hafi orðið félaginu ódýr. Emil var frumsýndur 28. nóvember, sýningar urðu 11 og sú síðasta var ekki fyrr en á annan í júlum. Áhorfendur urðu samt sem áður aðeins 403. Alls tóku 13 manns þátt í sýningunni en fleiri komu að undirbúningsvinnu á einn eða annan hátt. Tekið var á leigu húsnæði gamla bókasafnsins og þar var sýnt. Heildarkostnaður við uppfærsluna var 1.482.406 kr. en tekjurnar aðeins 442.151 kr. þannig að tapið á Emil varð 1.040.255 kr. sem er meira en félagið hefur efni á að tapa á einu bretti og ekki fyrrséð á þessari stundu hvernig hægt er að rétta fjárhaginn af. Reynt var þó að klóra í bakkann seinni hluta vetrar.

Sett var saman dagskrá sem unnin var upp úr söngtextum Jónasar Árnasonar og hlaut hún nafnið Með krús í hendi. Krúsinn var frumsýndur 4. apríl, sýnt var á Hótelinu, sýningar urðu 4, gestir 187, þátttakendur 20, kostnaður 140.505 kr. en tekjur 231.900 kr. Krúsinn skilaði því í hagnað 91.395 kr. sem hossar þó ekki hátt þegar Emil er hafður til hljóðsónar.

*Emil í Kattholti*

Hlaðan sýnir í rekstrarreikningi halla uppá 239.651 kr. sem skiptist þannig að viðhaldskostnaður er 141.911 kr., fasteignagjöld 47.688 kr., hiti 103.032 kr., rafmagn 24.866 kr., tryggingar á eignum félagsins 54.899 kr., sími 24.331 kr., og hreinlætisvörur 619 kr. Heildarkostnaður er því 397.346 kr. en leigutekjur urðu 157.695 kr.

Næsta starfsár mun ekki verða auðvelt þar sem fjárhagsstaðan er slæm. Rekstrarreikningur félagsins, sem miðast við 9. maí, sýnir að skuldir umfram peningalegar eignir nema 287.292 kr. Aðalfundur mun því verða að ákveða hvernig bregðast skal við. Ljóst er að þó svo að ríkisstyrkir fáist verður eitthvað að taka til bragðs þar sem húseignin ber fastan kostnað hvernig sem reksturinn gengur og er ekki ofætlað að reikna með 200.000 kr. í þann póst á ársgrundvelli. Reynt hefur verið að leigja íbúðina upp í þann kostnað en ekki gengið sem skyldi undanfarið þar sem nægjanlegt húsnæði er í boði sem stendur á þessu landssvæði.

F.h. stjórnar Leikfélags Hornafjarðar,  
Elísa Jónsdóttir, gjaldkeri

### Leikfélag Hólmavíkur

#### Páttur á Bændahátíð

eftir Jón Jónsson, Sverri Guðbrandsson og Einar Indriðason sem leikstýrðu sjálfir.

Pátttakendur: 6                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 130

#### Hinn stórkostlegi leikþáttur Sveitaborrans 2003

Höfundar Arnar og Jón Gísli Jónssynir, leikstjóri Arnar Jónsson.

Pátttakendur: 3                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 90

#### Góugleði 2003

Leikþáttur eftir Jón og Arnar Jónssyni, leikstjóri Jón Jónsson.

Pátttakendur: 8                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 180

#### Litli forvitni fillinn

Söngleikur byggður á sögu Rudyard Kipling í þýðingu Björns Þórleifssonar.

Leikstjóri Þórhildur Örvarsdóttir.

Pátttakendur: 15                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 100



Sex í sveit

#### Sex í sveit

eftir Marc Camoletti í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar, leikstjóri Skúli Gautason.

Pátttakendur: 6                      Sýningar: 12                      Áhorfendur: 864

#### Skýrsla Leikfélags Hólmavíkur

Við hófum vetrarstarfið með Bændahátíð í Sævangi, þar sem flutt var framhald af þættinum sem var í fyrra á hátíðinni. Ekki vitum við hvar þessi ósköp enda, en þar voru tæknibrellurnar orðnar ógurlegar. Aðalsögupersónan, þ.e. hrúturinn, gekk aftur í þessum þætti, eftir að hafa verið slátrað í þeim fyrri. Í lok vetrarins, þ.e.a.s. eftir að hafa sinnt skyldustörfum sínum á skrattanum, fékk hann að endingu englafjóðir og flaug um sviðið eins og hæna. Spennan vegna þess hvað gerist á næstu hátíð er um það bil óbærileg!

Því næst var tekið til við að semja fyrir Þorrablót og Góufagnað sem vekja ætíð mikla lukku. Mikill titringur var í heimamönnum því sameiningarmálin voru í brennidepli svo og ýmis önnur hitamál. En allir verða að þola smá skens og grín.

Í febrúar byrjuðum við æfingar á Sex í sveit í leikstjórn Skúla Gautasonar. Hann er okkur að góðu kunnur eftir að hafa leikstýrt Tobacco Road árið 1993 og verið með tvö leiklistarnámskeið tveimur árum áður. Við frumsýndum á skírdag og erum enn að sýna þegar þetta er skrifað.

Búna eru 10 sýningar á Hólmavík, Drangnesi, Trékyllisvík, Bolungarvík, Borgarnesi og Reykjavík. Enn eigum við eftir að sýna í Ketilási, á Akureyri og í Króksfjarðarnesi.

Skúli kom ekki einsamall til Hólmavíkur, því honum fylgdi kona hans Þórhildur og börnin þrjú. Þórhildur setti upp söngleikinn Litli forvitni fillinn og voru leikarar á aldrinum 10–11 ára. Það lítur vel út með að leikfélagið verði blómlegt í framtíðinni með þessa upprennandi leikara. Frumsýnt var 10. apríl fyrir fullu húsi og var þetta sérstaklega skemmtilegt verk. Þess má geta að einungis var æft í tvær vikur, en verkið tekur um 35 mín. í flutningi.

Salbjörg Engilbertsdóttir, gjaldkeri

### Leikfélag Húsavíkur

#### Prúgur reiðinnar

eftir John Steinbeck, leikstjóri Arnór Benónýsson.

Pátttakendur: 40                      Sýningar: 21                      Áhorfendur: 1.611



#### Skýrsla Leikfélags Húsavíkur

Strax að loknum sýningum á Jörundi í apríl 2002 fór stjórn að huga að ráðningu leikstjóra fyrir næsta leikár. Í maí vorum við svo búinn að ráða leikstjóra Arnór Benónýsson, og í samráði við hann varð úr að við ákváðum að sýna „Prúgur reiðinnar“. Æfingar hófust 21. okt. og stóðu til 28. nóv. en þá var gert hlé á æfingum, senusmiði kláruð, (að mestu) það þarf jú alltaf eitthvað að vera eftir. Æfingar hófust svo aftur 15. janúar og frumsýnt var 8. febr. Alls urðu sýningar 21 og áhorfendur 1600. Önnur verkefni félagsins eru þessi hefðbundnu; tiltekta í búningageymslu, verkstæði og leikmunageymslu, oft er þetta nú tekið með trukki og stæl, sem endar þá yfirleitt á grilli og tilheyrandi.

Ása Gísladóttir, formaður





Kardemommubærinn

## Leikfélag Hveragerðis

### Kardemommubærinn

eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpalæk, leikstjóri Sigurður Blöndal.

Þátttakendur: 34      Sýningar: 27      Áhorfendur: 2.374

### Prumuteiti

dagskrá eftir ýmsa höfunda í leikstjórn Sigurðar Blöndal.

Þátttakendur: 15      Sýningar: 1      Áhorfendur: 37

Námskeið í trúðleik, stjórnandi Elvar Logi Hannesson, þátttakendur 42.

## Skýrsla Leikfélags Hveragerðis

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 6. júní 2002, en sunnudagskvöldið 5. maí, hélt Leikfélagið bingó til ágóða fyrir ferðasjóð Dýranna í Hálsaskógi og 1. júní lögðu Dýrin undir sig sviðið í Tjarnarbió. Sautjándi júní voru Dýrin einnig á ferðinni, sýndur var útdráttur úr leikritinu í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Eyrarbakka.

Þann 19. júní héldu Dýrin svo í enn lengra ferðalag eða alla leið til Osló. Hópurinn dvaldi í Íslendingahúsinu við Norefjell í góðu yfirfærni í boði Íslendingafélagsins í Osló en í staðinn gáfum við félaginu sýningu Leikfélagsins á Dýrunum í Hálsaskógi sem fram fór um borð í MS Innvik, sem lá við bryggju í Osló. Kostnaði við að leigja salinn var skipt milli félaganna. Fyrir utan smá óhöpp og uppákomur tókst ferðin vel og sýningin gerði lukku hjá gestunum. Heim kom þreyttur en ánægður hópur 30. júní.

Vikuna 8.–13. júlí tóku nokkrir félagar þátt í trúðanámskeiði hjá Elvari Loga Hannessyni og endaði námskeiðið á götuleikhúsi á Blómstrandi dögum 13. júlí í þvilkri haugarigningu, að dagskráin var flutt inn á Hótel Örk og á leiðinni frá Örkinni til baka í Völund blotnuðum við svo að það rann úr fötunum okkar og eldspúun fór fyrir lítið af skiljanlegum ástæðum.

Í ágúst var farið að vinna í kaldvatnsleiðslum í Völundi og fengum við sem betur góða hjálp eins og oft áður. 17. ágúst voru enn Blómstrandi dagar, en nú í góðu veðri og nú voru trúðar og eldspúarar í essinu sínu.

Vetrarstarfið fór snemma í gang eins og á síðasta ári. 17. ágúst var haldinn félagsfundur og samlestur og þar með vorum við lögð af stað í heimsókn í Kardemommubæinn. Leikstjóri var Sigurður Blöndal. Eftir strangar æfingar, smíðar og mörg svört strik var bærinn frumsýndur 12. október. Viðtökur voru mjög góðar. 8. des. fórum við í jólafrí og voru sýningar þá orðnar 21.

Sunnudaginn 17. nóv. var engin sýning og þá tóku nokkrar kjarnakonur sig til og máluðu bleikt, blátt og gult, þ.e. ganginn frammi og klósettin. Verkinu var framhaldið fimmtudaginn 21. nóv. og kláraðist þá, enda eins gott því næsta sýning var á laugardegnum.

Strax að lokinni sýningu 8. des. fóru jólasveinar á vettvang þegar kveikt var á jólatrénu, jólaböggjar voru bornir út á aðfangadag og jólasveinn fór á Dvalarheimilið Ás á þrettándanum að venju.

Kardemommubærinn fór svo í gang aftur 18. janúar og lokasýning var 2. febr. Sýningar urðu alls 27 og áhorfendafjöldi 2.374.

Föstudagskvöldið 21. febrúar héldum við skemmtun á Örkinni. Á móti sól spilaði á ballinu að loknum mat og skemmtiatriðum. Áhorfendur voru fáir.

Sunnudaginn 23. febrúar héldum við svo loksins upp á sýningarlok á Kardemommubænum með mat og vídeósýningu.

Passíusálmarnir voru ekki lesnir í Hveragerðiskirkju í ár, en þess í stað var helgistund með tónlist og lestri úr Píslarsögunni. Sr. Bára bað um lesara frá Leikfélaginu og eftirtaldir lásu: Sólveig, Gummi, Lalla, Anna J. og Hlíf.

Ég vil að lokum færa meðstjórnendum mínum og öllum öðrum, sem þátt tóku í starfinu á síðasta starfsári, þakkir fyrir mikið og fórnúst starf og gott samstarf.

Hveragerði, 1. júní 2003

Anna Jórunn Stefánsdóttir, formaður

## Leikfélag Hörgdæla

### Til eru fræ

Dagskrá út verkum Davíðs Stefánssonar í leikstjórn og samantekt hópsins og Sögu Jónsdóttur.

Þátttakendur: 11      Sýningar: 1      Áhorfendur: 66

Dansnámskeið, stjórnandi Anna Breiðfjörð, þátttakendur 31.

## Skýrsla Leikfélags Hörgdæla

Norður í landi, nánar tiltekið í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu, er starfandi áhugaleikfélag sem heitir Leikfélag Hörgdæla. Hjá okkur hefur skapast sú hefð að setja upp leikrit í Félagsheimilinu Melum annan hvern vetur. Hvort eitthvað er gert þann vetur sem ekki er leikið er æði misjafnt. Veturinn 2001–2002 settum við á svið Prek og tár eftir Ólaf Hauk Simonarson og því var „frí“ hjá okkur í vetur sem leið.

Vorið 2002 var hafist handa við endurbætur á Melum. Skemmst er frá því að segja að framkvæmdir í húsinu voru mun umfangsmeiri og tóku lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. Þann 1. febrúar sl. var framkvæmdum að mestu lokið og gátu íbúar sveitarfélagsins þá haldið sitt árlega þorablót.

Starfsemi leikfélagsins í vetur einkenndist að mestu af fjáröflunum, endurbæturnar á húsinu kostuðu sitt. Félagsmenn sýndu á sér nýjar hliðar; bökðu kökur og vöflur, helltu upp á kaffi og framreiddu mat. Þann 1. mars 2003 var húsið formlega tekið í notkun. Eignaraðilar hússins, leikfélagið, kvenfélagið og sveitarfélagið höfðu þá opið hús á Melum, buðu gestum upp á kaffi og meðlæti að íslenskum sveitasið. Í febrúar fórum við af stað með dansnámskeið. Haldin voru tvö námskeið bæði fyrir byrjendur og lengra komna en þetta er þriðji veturinn

sem leikfélagið stendur fyrir dansnámskeiði. Að þessu sinni dónsuðu 62 fætur á Melum undir stjórn Önnu Breiðfjörð, danskennara. Þann 12. apríl ríkti kaffihúsaðstæðing á Melum en þá var flutt dagskráin Til eru fræ. Var sú dagskrá tileinkuð Davíð Stefánssyni, skáldinu frá Fagraskógi. Lesin voru ljóð eftir Davíð, leiklesíð bæði úr Gullna hliðinu og Munkunum á Möðruvöllum og sungin nokkur af þekktustu lögnum sem gerð hafa verið við ljóð Davíðs.

Í samvinnu við sóknarprest Möðruvallaklaustursprestakalls stóð leikfélagið fyrir lestri Passíúsálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í Möðruvallaklausturskirkju. Er þetta í þriðja sinn sem Passíúsálmarnir eru lesnir í kirkjunni.

Leikfélagið sendi einn fulltrúa á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga á Ísafirði helgina 2.—4. maí sl.

Unnur Arnsteinsdóttir, formaður

### Leikfélag Keflavíkur



Ráðalausir menn

*Í bænum okkar er best að vera*

Revía eftir Ómar Jóhannsson, leikstjóri Helga Braga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 40                      Sýningar: 20                      Áhorfendur: 2.120

*Ráðalausir menn*

Höfundur og leikstjóri Siguringi Sigurjónsson

Þátttakendur: 6                      Sýningar: 4                      Áhorfendur: 155

*Þetta er allt vitleysa Snjólfur*

eftir Guðjón Sigvaldason, leikstjóri Kjartan Guðjónsson.

Þátttakendur: 30                      Sýningar: 7                      Áhorfendur: 320

Grunnnámskeið í leiklist, stjórnandi Kjartan Guðjónsson, þátttakendur 40.

### Skýrsla Leikfélags Keflavíkur

Flutt á aðalfundi félagsins 22. maí 2003 í Frumleikhúsinu.

Það hefur verið nóg um að snúast hjá Leikfélagi Keflavíkur á þessu leikári.

Frumleikhúsið var í notkun í allt sumar sem aðalstöð fyrir leikara og tæknifólk í barnamyndinni „Didda og dauði kötturinn“. Þessi salur sem við erum í, var til dæmis notaður undir sviðsmynd og fyrir þá sem séð hafa myndina erum við stödd í göngunum sem bófarinn földu sig í.

Á ljósanótt kom Borgarleikhúsið og setti sýninguna Gesturinn á svið. Þar voru leikarar á borð við Ingvar Sigurðsson og Gunnar Eyjólfsson og er sá síðarnefndi listamaður Reykjaneshæjar og var sýningin af því tilefni sýnd hér. Gunnar sagði að það væri góð sál í húsinu og að við í Leikfélagi Keflavíkur ættum að vera stolt af þeirri aðstöðu sem við höfum, sem við erum að sjálfsögðu.

Fyrsta verkefni vetrarins fór af stað um miðjan september og var ákveðið að setja upp Keflavíkurrevíu. Stjórnin hafði samband við hirðskáldið okkar hann Ómar Jóhannsson og hann féllst á að skrifa handritið sem tókst eins og alltaf ákaflega vel. Þetta var í fjórða sinn sem hann skrifar Keflavíkurrevíu fyrir Leikfélag Keflavíkur. Helga Braga Jónsdóttir sá um leikstjórnina og var það ákaflega skemmtilegt samstarf og vel heppnað, en um fjórutíu manns tóku þátt í þessari uppfærslu. Revían fékk nafnið: „Í bænum okkar er best að vera“ og voru sýndar 20 sýningar á verkinu og einnig var slegið aðsóknarmet í Frumleikhúsinu, en alls komu 2.120 áhorfendur að sjá verkið.

Reykjaneshæjar hafði samband við okkur vegna árlegrar þrettándagleði í Reykjaneshæ og fékk okkur til þess að taka að okkur framkvæmd skemmtidagskrárinnar sem var staðsett í Reykjaneshöllinni. Þetta gekk mjög vel að mínu mati og voru skipuleggjendur hjá bænum mjög ánægðir með dagskrána sem Leikfélag Keflavíkur hafði uppá að bjóða.

Ungur skúffuskrifari hafði samband við stjórn félagsins um að hann hefði leikrit undir höndum og skoðaði stjórnin það og ákveðið var að setja upp verkið. Höfundur leikverksins heitir Siguringi Sigurjónsson og verkið heitir „Ráðalausir menn.“ Höfundurinn sá um leikstjórnina sjálfur en einungis tveir leikarar fara með hlutverkin en alls komu sex þátttakendur að uppfærslunni. Verkið var ákaflega vel heppnað en aðsóknin var því miður dræm en alls sáu 155 manns verkið og urðu bara fjórar sýningar. Vonandi eru fleiri skúffuskrifarar sem leynast hér inni og væri gaman að láta ljós þeirra skína.

Næsta verkefni Leikfélagsins var unglingleikrit og þótti ástæða fyrir því útaf hversu margir unglingar voru saman komnir þegar setja átti revíuna upp. Leikritið sem varð fyrir valinu var „Þetta er allt vitleysa, Snjólfur.“ Höfundur leikritsins er Guðjón Sigvaldason. Ráðinn var leikstjóri að nafni Kjartan Guðjónsson og stóð hann sig með miklum sóma og um þrjátíu manns tóku þátt í þessari uppfærslu. Sýningin var hröð og skemmtileg en aðsóknin að verkinu var frekar dræm en alls sáu 320 manns verkið og urðu sýningarnar alls sjö.

Mörg smærri verkefni hafa borist inn á borð Leikfélags Keflavíkur á þessu tímabili og má þar nefna: barnaleikrit fyrir bókasafnið, atriði fyrir fyrsta maí í Stapa og ýmsa tónleika sem haldnir hafa verið hér í salnum okkar.

Leikfélag Keflavíkur er stór þáttur í menningarlífi Reykjaneshæjar og nú í sumar verður starfræktur listaskóli barna hér í Frumleikhúsinu í samstarfi við Reykjaneshæ og Félag myndlistarmanna í Reykjaneshæ.

Ég vil þakka öllum þeim sem stóðu að því að vinna fyrir leikfélagið á þessum leikvetri. Vonandi mun ég sjá ykkar aftur á komandi starfsári. Því án ykkar væri Leikfélag Keflavíkur ekki til.

Jón Marínó, formaður.

**Leikfélag Kópavogs****Hljómsveitin**

eftir Ágústu Skúladóttur og leikhópin, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.  
Þátttakendur: 8 Sýningar: 9 Áhorfendur: 450

**Fjórrettað – 4 einþáttungar**

Höfundar Hörður Sigurðarson, Vigdís Jakobsdóttir, Örn Alexandersson,  
Magnús Guðmundsson og Peter Barnes.

Leikstjórar Hörður Sigurðarson, Vigdís Jakobsdóttir og Þorgeir  
Tryggvason.

Þátttakendur: 26 Sýningar: 5 Áhorfendur: 300

Leiklistarnámskeið fyrir unglinga, stjórnandi Hrunn Ólafsdóttir,  
þátttakendur 6.



Hljómsveitin

**Leikfélag Mosfellssveitar****Revían Það sem enginn veit um fólkið í Mosó.**

Höfundur og leikstjóri Birgir J. Sigurðsson.  
Þátttakendur: 22 Sýningar: 11 Áhorfendur: 520

**Beðið eftir Go.com air**

Höfundur og leikstjóri Ármann Guðmundsson.  
Þátttakendur: 54 Sýningar: 9 Áhorfendur: 495

**Annie**

Söngleikur eftir Martin Charnin í leikgerð og leikstjórn Jóns Marinós.  
Þátttakendur: 50 Sýningar: 8 Áhorfendur: 810

**Hobbitinn**

Höfundur sögu J.R.R. Tolkien, leikgerð og leikstjórn Oddur Bjarni  
Þátttakendur: 44 Sýningar: 15 Áhorfendur: 941

**Jólasveinar á leið til byggða**

Dagskrá eftir Pétur R. Pétursson og Hörpu Svavarsdóttir. Leikstjóri var  
Bjarney Lúðvíksdóttir.  
Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur:  
Upplýsingar vantar

**Sumardagsins fyrsta gleði**

Leikstjóri og höfundur (ásamt leikhópnum) var Bjarney Lúðvíksdóttir.  
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

**17. júní skemmtidagskrá**

Leikstjóri og höfundur (ásamt leikhópnum) Jón Marinó.  
Þátttakendur: 15 Sýningar: 1 Áhorfendur:  
Upplýsingar vantar

Leikgleði I, II, III og IV, leiklistarnámskeið fyrir börn og unglinga, stjórnandi  
Jón Marinó, þátttakendur samtals 51.



Beðið eftir Go.com air



Hobbitinn



Blái hnötturinn

**Leikfélag Sauðárkróks****Blái hnötturinn**

eftir Andra Snæ Magnason, leikstjóri Þróstur Guðbjartsson.  
Þátttakendur: 26 Sýningar: 9 Áhorfendur: 397

**Ertu hálf-dán?**

eftir Hávar Sigurjónsson, leikstjóri Þróstur Guðbjartsson.  
Þátttakendur: 27 Sýningar: 9 Áhorfendur: 452



Ertu hálf-dán?

### Skýrsla Leikfélags Sauðárkróks

Leikárið byrjaði náttúrulega á sumarfríi. Það varð óvenju langt þetta árið og komum við okkur ekki einu sinni að hausthreingerningu í húsnæðinu okkar Leikborg og höfum við orðið að súpa seyðið af þessari leti okkar í allan vetur. Um haustið hrukkum við samt í gang og fengum Próst Guðbjartsson til að leikstýra fyrir okkur Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason. Lentum við í allskonar óvæntu brasi við að koma því á koppinn en tókst þó að frumsýna í október. Við fengum höfundinn til okkar á frumsýningu og hafði hann (sem og flestir aðrir leikhúsgestir) bara gaman af.

Fyrir jólin vorum við fengin til að redda sveinkum á jólaball á einu af veitingahúsum bæjarins og tókst það vel. Töldum við okkur hafa náð einstaklega góðum samingum um greiðslur, því samið var um að kokkurinn gerði matar-tilraunir á stjórninni eitt kvöld í janúar. Þær tilraunir tókust með afbrigðum vel, svo vel að við föluðumst eftir að fá að leika hjá honum páskakanínur, sjómanna dagsmenn, en af því varð því miður ekki.

verslunarmannahelgertöffara og haustbörn fyrir að taka þátt í fleiri tilraunum, en af því varð því miður ekki. Leikfélag Sauðárkróks hafði frá því í mars síðastliðnum séð um rekstur á félagsheimilinu Bifröst samkvæmt samningi við sveitarfélagið Skagafjörð, en um áramót var þeim samningi sagt upp með fullu samþykki beggja aðila.

Í janúar fengum við upphringingu frá Hávari Sigurjónssyni þar sem hann bauð okkur að frumflytja glænýtt gamanleikrit eftir sig. Það verður nú að viðurkennast að það kom nokkurt hik á okkur í fyrstu, renna bara blint í sjóinn með leikrit sem var ekki einu sinni komið allt niður á blað ennþá! En eftir að hafa lesið fyrrihlutann og fengið að vita framvindu verksins ákváðum við að láta slag standa, kaupa verkið og koma því á fjalirnar. Þar sem Próstur Guðbjartsson hafði reynt okkur svo ljómandi vel um haustið var ákveðið að hafa samband við hann aftur, og ekki var nú verra að geta sannað fyrir honum að það gengi nú ekki alltaf jafnbrösuglega hjá okkur og við uppsetningu Bláa hnattarins. Og ekki sáum við eftir þessum ákvörðunum, allt gekk eins og í sögu, Próstur alltaf sami gullmollinn og leikritið þrælskemmtilegt. Í byrjun sæluviku frumsýndum við því leikrit Hávars, Ertu hálf-dán?, og í lok sæluviku sáum félagar úr leikfélaginu um upplestur úr verkum Hannesar Péturssonar skálds á vöku sem Menningarsamtök Norðlendinga MENOR héldu skáldinu til heiðurs. Þá er það bara búið.

Fyrir hönd stjórnar Leikfélags Sauðárkróks,  
Sigurveig D. Þormóðsdóttir, gjaldkeri

### Leikfélag Selfoss

#### Sveitasæla

eftir Guðmund Karl Sigurðsson og Sigríði Karlsdóttur, leikstjóri Katrín Karlsdóttir.

Þátttakendur: 18      Sýningar: 1      Áhorfendur: 319

Leiklistarnámskeið I, II og III fyrir börn og unglinga, stjórnendur Ólafur Jens Sigurðsson og Kristjana Stefánsdóttir, þátttakendur voru samtals 31 á öllum námskeiðunum.



Lífsháski

### Leikfélag Seyðisfjarðar

#### Lífsháski

eftir Ira Levin í þýðingu Tómasar Zoëga, leikstjóri Ágúst Torfi Magnússon.

Þátttakendur: 13      Sýningar: 5      Áhorfendur: 104

#### Skýrsla Leikfélags Seyðisfjarðar

Síðasta leikár var um margt mjög sérkennilegt. Ný stjórn var kosin í haust og þá var ákveðið að setja upp Lífsháska eftir Ira Levin, sakamála leikrit, því óralengt er síðan það var gert síðast. En ekki fór þar allt eins og ætlað var. Ekki tókst að manna ekki stærri sýningu en þetta. Lá við að stjórn féllust hendur, en ákveðið var að reyna þá aftur eftir áramót. Svo kom nýja árið og heldur lifnaði þá yfir

okkur. Leikarar komnir í öll hlutverk, bæði gamalreynir og eins algerir nýliðar, frábært. Leikstjórinn ungur bæjarbúi, Ágúst T. Magnússon, stóð nú í fyrsta sinn aleinn sem leikstjóri, en árið áður höfðu hann og Snorri Emilsson skrifað, leikið og leikstýrt „Þetta er bara prinsippmál.“ Svo var farið að æfa. Ekki gekk það nú áfallalaust, því m.a. þurftu nú veðurguðirnir að skipta sér af. Feyktu þeir eiginmanni annarrar leikkonunnar um koll í ofsavæðri sem gekk hér yfir, svo hann slasaðist illa og var hún því frá um tíma vegna þess. En áfram var svo haldið og frumsýnt 5. apríl. Sýningar urðu 5 en áhorfendur vantaði, þeir urðu bara 104.

En það þýðir ekki að gefast upp og við höldum ótrauð áfram í von um betri tíð.

Lilja Kristinsdóttir, formaður

### Leikfélag Siglufjarðar

#### Hans klaufi og Froskaþrinsinn

Leikgerð félaga í leikfélaginu upp úr sögum eftir H. C. Andersen og Grimms bræður.

Þátttakendur: 9      Sýningar: 2      Áhorfendur: 110

### Skýrsla Leikfélags Siglufjarðar

Fyrsta verkefni félagsins var að styrkja fimm félagar okkar til dvalar í skóla Bandalagsins í Svarfaðardalnum. Linda María Ásgeirsdóttir sótti námskeið í Leikstjórn II, Eva Karlotta Einarsdóttir í Leiklist II og Bogi Kristjánsson Leiklist I, Brynja Svavarsdóttir og Signý Jóhannesdóttir í Leikritun.

Í lok árs gáfum við út blaðið okkar Galsa, sem hefur það markmið að miðla hinum ýmsu upplýsingum um starfsemi félagsins til bæjarbúa, auk þess sem tekjurnar af útgáfunni fara í rekstur félagsheimilisins okkar.

Í byrjun árs tókum við þá ákvörðun að sýna ekki á hefðbundnum tíma, þar sem aðsókn var fremur dræm á síðasta ári, heldur geyma það til haustsins 2003.

Í lok maí settust nokkrir félagar niður og gerðu leikgerð úr Hans klaufa og Froska-prinsinum. Mæltist þetta vel fyrir, bæði hjá foreldrum og börnum.

Gert á Siglufirði 11. júní 2003  
Brynja Svavarsdóttir, formaður



Hans klaufi og Froska-prinsinn



Í meðbyr og mótbyr

### Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

#### Sólstafir, sögur frá Sólheimum

Höfundar Margrét Ákadóttir og leikhópurinn, leikstjóri Margrét Ákadóttir.  
Þátttakendur: 56 Sýningar: 4 Áhorfendur: 400

#### Í meðbyr og mótbyr

Höfundur og leikstjóri Edda Björgvinsdóttir.  
Þátttakendur: 14 Sýningar: 4 Áhorfendur: 800

#### Sumarkabarett 2002

Flutt lög úr Hárinu og aðrar uppákomur. Leikstjóri Edda Björgvinsdóttir.  
Þátttakendur: 25 Sýningar: 16 Áhorfendur: 4.000

### Skýrsla Leikfélags Sólheima

Leikritið Sólstafir, sögur frá Sólheimum, er spunaverkefni samið af leikurunum sjálfum og byggt á raunsonnum lífsreynslusögum og minningarbrotum íbúa Sólheima. Haldinn var hugarflugsfundur í Sesseljuhúsi í upphafi ársins þar sem íbúar Sólheima voru hvattir til að koma með hugmyndir og lífsreynslusögur með það í huga að búa til úr þeim leikrit. Var eftir þann fund byggður grunnur að leikritinu. Síðan fékk það að þróast og vaxa undir styrkri leikstjórn Margrétar Ákadóttur og á leiðinni bættust margar lífsreynslusögur í safnið. Margrét er eins og áður segir sérmenntaður leiklistarmeðferðarfræðingur (dramatherapist) og notaði aðferðir leiklistarmeðferðarinnar við æfingar og upp færslu á verkinu. Það var von leikaranna og leikstjóra að leikritið varpaði ljósi á margbrotna starfsemi Sólheima og líf íbúanna á staðnum. Þótti það með ólíkindum hvað Margréti tókst að ná miklum árangri með hinum þroskahamlaða hluta leikarahópsins. Voru menn, sem enginn hafði áður haldið að gætu farið með langar setningar, að segja heilu sögurnar einir og óstuddir á sviðinu. Var úr miklu efni að móða sem í raun hefði verið efni í fleiri en eina leiksýningu. Í byrjun var stefnt á að vera með sýningu í fullri lengd, meðal annars til þess að leikfélagið hefði kost á að fá fullan styrk BÍL til leiklistarstarfsins. En á æfingartímanum kom í ljós að það var of mikið fyrir hinn þroskahamlaða hluta leikarahópsins, alls 29 manns, sem samanstendur af fólki sem á við bæði líkamlega fötlun og greindarskerðingu að stríða og er þar að auki meiri hluti þeirra kominn á nokkuð háan aldur. Kom í ljós að þau höfðu hreinlega ekki þol til að halda út sýningu í fullri lengd.

Á Sólheimum er nú leiklistarstarf allan ársins hring, sem skiptist í vetrarleikhús sem lýtur stjórn Margrétar Ákadóttur, og sumarleikhús sem lýtur stjórn Eddu Björgvinsdóttur og er í formi kabarettssýninga og uppákoma um helgar á sumrin. Sýningin Sólstafir markaði í raun lok vetrarstarfsins og voru sýningar á Sólstöfum til loka maí en fyrsta júní tók sumarleikhúsið við.

Það er mikið um að vera á Sólheimum í sumar því að árið 2003 er Evrópuár fatlaðra og í tilefni þess er haldin listahátíðin List án landamæra.

Leikritið Sólstafir og sumarleikhúsið 2003 eru hluti af framlagi Sólheima til listahátíðarinnar. Stefnt er að fjölbreyttri dagskrá allt árið á Sólheimum, Reykjavík og víðar. Í allt sumar verða kabarettssýningar alla laugardaga og alla sunnudaga í kaffihúsinu Grænu könnunni. Þátttakendur í kabarettinum verða auk Leikfélags Sólheima, M&M dúettinn, Blikandi Stjórnur, Leikhópur Ásgarðs, Ævintýraklúbburinn og fjölmargir fleiri atvinnulistamenn, bæði tónlistar og leiklistar. Í íþróttaleikhúsi Sólheima verða alls fjórar sýningar á leikverkinu Í meðbyr og mótbyr, undir leikstjórn Eddu Björgvins. Þar að auki verða ýmis konar listviðburðir svo sem listsýningar og handverkssýning. Í tengslum við Kabarettssýningarnar verður haldinn útimarkaður allar helgar þar sem verður meðal annars á borðstólum lífrænt grænmeti, blóm, tré og runnar, handunnin kerti, egg úr hamingjusömum hænum, þroskaleikföng, ýmis konar handverk og margt fleira.

Það eru því orð að sönnu að Sólheimar séu skemmtilegur staður fyrir ferðamenn og hreinlega alla listunnendur að sækja heim. Þar ríkir einstök listræn, umhverfisvæn og alþjóðleg stemning. Hið listræna, skapandi, alþjóðlega og umhverfisvæna andrúmsloft sem ríkir á staðnum hefur sterkt aðráttarafl. Loftið lyktar af grasrót og dugnaði. Umhverfið er fagurt og mannlífið margbrotið. Og þar er alltaf eitthvað um að vera í menningarlífinu.

Það er tilvalið að fara að sjá leiksýningu og setjast síðan í góðu yfirlæti inn á Kaffihúsið Grænu Könnuna, bragða á veitingum framreiddum úr lífrænu hráefni, skoða listsýningu í sýningarsal Ingustofu og notalegan höggmyndagarð með verkum 11 frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar með viðkomu í Versluninni Völu, sem hefur á boðstólum lífrænt ræktað grænmeti frá Gróðrarstöðinni Sunnu, matvöru úr lífrænu hráefni, fjölbreytt úrval listmuna og handverk frá hinum mismunandi vinnustöðum á Sólheimum. Í skógræktarstöðinni Ölrí er hægt að kaupa lífrænt ræktað tré, blóm og runna.

Í Sesseljuhúsi er góð aðstaða til ráðstefnu og námskeiðahalds. Og fyrir þá sem vilja dvelja lengur í þessari litlu paradís er í boði hugguleg gisting í Gistiheimilinu Brekkukoti, fyrsta gistihúsinu á Íslandi til að hljóta opinbera vottun sem umhverfisvænn gististaður.

Ferðabókanir eru í síma 486 4430 og 898 4483. Heimasíða: www.solheimar.is.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest!

Anna Margrét Bjarnadóttir, menningar og félagsmálafulltrúi Sólheima

**Leikfélag Vestmannaeyja**

Gauragangur

**Auga fyrir auga**

eftir William Mastro Simone í þýðingu Jóns Sævars Baldvinssonar,  
leikstjóri Andrés Sigurvinsson.

Þátttakendur: 21                      Sýningar: 5                      Áhorfendur: 221

**Gauragangur**

eftir Ólaf Hauk Símonarson, leikstjóri Agnar Jón Egilsson.

Þátttakendur: 40                      Sýningar: 9                      Áhorfendur: 835

**Götuleikhús Vestmannaeyja**

sýnt við ýmiss tækifæri.

Þátttakendur: 30                      Sýningar: 5                      Áhorfendur:  
Upplýsingar vantar

Leikhússport og spuni, stjórnandi Agnar Jón Egilsson, þátttakendur 60.

**Skýrsla Leikfélags Vestmannaeyja**

Þó að starfsemi L.V. hafi legið að mestu niðri sumarið 2002 var Götuleikhús Vestmannaeyja starfandi. Haldið var námskeið snemma sumars þar sem farið var í helstu þætti götuleikhúss. Götuleikhúsið vann ötult starf allt sumarið og kom fram á helstu hátíðahöldum og samkomum í Vestmannaeyjum. Má þar nefna Sjómannadag, 17. júní, Shell-mótið og Þjóðhátíð en það síðast nefnda féll að mestu niður vegna veðurs. Margir unglingar sýndu vinnunni áhuga og voru um 60 þegar mest var.

Strax í september var ráðinn leikstjóri, Andrés Sigurvinsson, til að setja upp leikritið „Stæla stóðhesta“ en vegna óviðráðanlegra aðstæðna var ekki hægt að ráðast í það verk. Í stað þess var brugðið á það ráð að setja upp „Auga fyrir auga“ eftir William Mastro Simone. Það var frumsýnt 30. nóvember og sýndar voru 5 sýningar. Heildarfjöldi þeirra sem tóku þátt í sýningunni voru 21, þar af voru þrjú ungir tónlistarmenn sem sömdu alla tónlist og var það frumraun þeirra í leikhúsi.

Í janúar var haldið námskeið í samstarfi við Framhaldsskóla Vestmannaeyja og Listaskóla Vestmannaeyja. Námskeiðið var tvískipt eftir aldri, 15 ára og yngri annars vegar og 16 ára og eldri hins vegar. Leiðbeinandi var Agnar Jón Egilsson og í kjölfarið var valinn leikarahópur að mestu af námskeiðinu. Leikritið „Gauragangur“ eftir Ólaf Hauk Símonarson var æft upp og frumsýnt 15. mars. Sýndar voru 9 sýningar við geysilegar undirtektir bæjarbúa. Í sýningunni tóku þátt alls um 40 manns og sýndu nokkrir leikarar gríðarlega sönghæfileika í hlutverkum sínum, en tónlistin er öll eftir hljómsveitina Nýdönsk.

Stefnt var að því að setja upp barnaleikrit í lok leikársins en vegna tímaskorts hefur því verið frestað til hausts.

Starfsemi Götuleikhúss Vestmannaeyja hófst í mailok í örlítið breyttri mynd. Lagt verður meira upp úr smærri og örari uppákomum.

**Stjórn Leikfélags Vestmannaeyja****Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri****Draumur í dós**

eftir Elly Brewer og Sandi Toksvig í þýðingu Guðjóns Ólafssonar,  
leikstjóri Unnar Reynisson.

Þátttakendur: 23                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 220

**Brauðið**

Leikgerð Unnars Reynissonar á samnefndri smásögu eftir Wolfgang  
Borchert, byggð á þýðingu Matthildar Helgadóttur, leikstjóri Páll  
Gunnar Loftsson.

Þátttakendur: 6                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 90



Draumur í dós

**Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ****Stutt mæðarspil um Píramus og Píspu**

Hluti úr Draumi á Jónsmennunótt eftir William Shakespeare. Leikstjórar Ingólfur Árnason og Gísli P. Hinriksson.

Þátttakendur: 17                      Upplýsingar um fjölda sýninga og áhorfenda vantar

Leiklistarnámskeið – persónusköpun, stjórnandi Ingólfur Árnason, þátttakendur 20.

Söngnámskeið, stjórnandi Einar Pálsson, þátttakendur 27.

**Skýrsla Leikfélagsins M.a.s.**

Leikfélagið M.a.s. mun í júní 2003 taka þátt í samnorrænni ráðstefnu fyrir þroskahefta í Järna í Svíþjóð. Þar mun félagið sýna leikritið „Stutt mæðarspil um Píramus og Píspu“ hans, mjög sorgleg gamansaga“ úr Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare. Einnig mun félagið taka þátt í sameiginlegri leiksýningu allra Norðurlandanna á Jónsmessuleikriti eftir Karl König, með tónlist eftir Malte Winje. Leikarar í þessari sýningu eru alls 430, frá öllum Norðurlöndunum. Félagar í M.a.s. eru í hlutverki „sporðrekans, svörtu verunnar“. Þeir syngja tvö lög einir, á íslensku, og þrjú lög með öllum hópnum á skandinavísku.

Fyrir Svíþjóðarferðina eru ráðgerðar þrjár sýningar í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Dagskrá sýninganna er á þá leið að fyrst er flutt „Stutt mæðarspil...“, þá er gert stutt hlé og síðan eru flutt lög úr Jónsmessuleikritinu. Fleiri sýningar eru ráðgerðar í haust.

Félagið er nýstofnað og starfar innan Ásgarðs handverkstæðis.

**Ingólfur Niels Árnason, formaður**

**Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík***Johnny Casanova*

Höfundur og leikstjóri Jón Gunnar Þórðarson.

Þátttakendur: 15

Sýningar: 10

Áhorfendur: 1.250

*Leiktu betur*

Spunadagskrá leikhópsins og Jóns Gunnars Þórðarsonar leikstjóra.

Þátttakendur:

Sýningar: 2

Áhorfendur: 350

*Skýrsla Leikfélagsins Ofleiks*

Leikárið 2002–2003 hefur verið mjög þýðingarmikið fyrir Ofleik. Félagið setti upp leikritið *Johnny Casanova* í Tjarnarbíói. Félagið fékk samþykki fyrir launum 10 leikara hjá Reykjavíkurborg til að vinna sýninguna á virkum dögum frá kl. 9.00 til 17.00. Æfingar gengu mjög vel, frumsýning var 10. júní og fékk sýningin góða dóma. Það að fá að vera áhugaleikstjóri og leikstýra á launum á hverjum degi er frábært og lærdómsríkt. Ungt fólk í Evrópu, styrkjaáætlun Evrópusambandsins, styrkti sýninguna og aðilar þaðan, frá Brussel, Frakklandi og Englandi, komu að sjá sýninguna.

Ofleikur er baráttufélag sem tekur á ákveðnum málefnum vegna þess að við trúum á áhrifamátt leikhússins. Að þessu sinni tókum við fyrir fordóma og var verkið ádeila á fordóma gagnvart samkynhneigð.

Yfir veturinn liggur Ofleikur að mestu í dvala sökum þess að meðlimirnir eru í framhaldsskólum og þar einbeita þeir sér að náminu auk þess að taka þátt í uppsetningum á vegum sinna skólaleikfélaga.

Ofleikur var fenginn til að skemmta á kynningu á vegum Evrópusambandsins í Perlunni. Einnig stóð félagið fyrir fjáröflun með því að halda tónleika sem nefndust Mountain Dew jólahlaðborð. Þeir voru haldnir í Austurbæ og allar helstu Hip Hop sveitir landsins spiluðu.

Nú í ár var hópurinn opnaður, áheyrnarprufur haldnar og 10 leikarar teknir inn, en um 90 manns komu í prufu. Frá því hópurinn kom saman höfum við tvisvar haldið Leikhússport-kvöld í lðnó, verið með götuleikhús á 17. júní í Kópavogi og boðið upp á brot úr sýningu sumarsins, *Date*, í lðnó.

Leikfélagið Ofleikur hefur nú starfað í nær 3 ár og er komið til að vera.

Verkefni félagsins á leikárinu:

1. *Johnny Casanova*
2. Skemmtun á 17. júní
3. Skemmtun fyrir Evrópusambandið í Perlunni
4. Mountain Dew jólahlaðborð
5. Perlu-kaffi
6. Leikhússportkeppni í lðnó
7. Skemmtun á 17. júní
8. Opið hús og sýnd nokkur atriði úr *Date*

Leikfélagið Ofleikur er með 15 starfsmenn á fullum launum í sumar. Vinnutíminn er á milli 9.00 og 17.00 virka daga. Þá er unnið hörðum höndum að því að gera draum félagsmanna að veruleika, en hann er að setja upp frábæra sýningu, sem við höfum ákveðið að kalla *Date*.

Vonandi mun þessi skýrsla gefa ykkur mynd af því hvernig Ofleikur er og hvernig hann vinnur. Í stuttu máli er Ofleikur ungt félag sem hefur barist gegn alls konar málum, eins og fordómum, eiturlyfjum, hraðakstri og mörgu fleiru.

*Jón Gunnar Þórðarson, formaður*



*Mýflugumyndir*

**Leikfélagið Sýnir, á landsvísu***Mýflugumyndir – 13 örleikrit*

Höfundar Guðlaug E. Gunnarsdóttir, Júlíus Júlíusson, Guðrún Lára Pálmadóttir, Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir, Nína Björk Jónsdóttir, Lárus H. Jónsson og Fríða B. Andersen.

Leikstjórar Guðlaug E. Gunnarsdóttir, Júlíus Júlíusson, Bjarney Lúðvíksdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Hörður Sigurðarson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Guðmundur L. Þorvaldsson og Ármann Guðmundsson  
 Þátttakendur: 26      Sýningar: 2      Áhorfendur: 100

Leiklistarnámskeið, stjórnandi Ásta Arnardóttir, þátttakendur 8.

**Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra***Gilligogg*

eftir Ásgrím Inga Arngrímsson, leikstjóri Andrés Sigurvinsson.

Þátttakendur: 34

Sýningar: 6

Áhorfendur: 409

*Dýrin í Hálsaskógi*

eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpælæk.

Þátttakendur: 30

Sýningar: 1

Áhorfendur: 107



*Gilligogg*

### Skýrsla Leikfélagsins Vöku

Leikfélagið Vaka hefur sofið Pýrnirósarsvefni í mörg á þar til leikárið 2001—02 þegar farið var í samstarf við grunnskólann og Steinn Ármann Magnússon var ráðinn til að setja upp Sköllóttu söngkonuna, auk kafla úr Emil í Kattholti og Línu Langsokk. Þetta ytti við mönnum, auk þess að verið var að setja á fót Kjarvalsstofu, safn sem tileinkað er minningu meistarans. Þótti mönnum sem svo að eitthvað menningarlegt þyrfti að gera vegna opunarinnar 22. júní 2002. Lagt var af stað með hugmynd um dagskrá, ljóðalestur og kannski stutt leikin atriði. Ásgrímur Ingi byrjaði að safna að sér efni og fór það að berast hingað í gegnum netið og undirrituðum fannst skýjaborgir rísa. Leikrit? Jafnvel í fullri lengd? Andrés Sigurvinsson? Fengu nú ekki allir nóg af honum síðast?

En áfram var anað á foraðið. Tíminn var afleitur, stutt til 22. júní og mjög fáir til að gera hlutina. En Ásgrímur hélt áfram og fékk Andrés Sig. með sér. Andrés kom svo hingað 3. júní og þá átti enn eftir að finna flesta leikara og ekki þrjár vikur í frumsýningu. Þetta var vonlaust. En það fannst fólk í allar stöður og nú var farið að æfa og byggja svið og leikgera verkið og lýsa o.s.frv. Vinnudagurinn var oft frá kl. 9 á morgnanna til kl. 4—5 á morgnana. Ljód Jóa frá



Gilligogg

Geitavík (eins og Kjarval er kallaður á heimaslóðum) eru leiðarstef verksins og tengja saman atriðin og mikið var haft fyrir að myndskreyta þau. Andrés las síðan ljóðin og nokkra texta listilega inn á band í ríkisútvarpinu á Egilsstöðum. Allt skreið þetta nú nær markmiðinu og þetta mikla þúsluspil virtist ætla að ganga upp. 22. júní rann upp bjartur og fagur, Kjarvalsstofa skyldi opnuð með pompi og prakt að viðstöddu fjölmenni. Menningarelitunni, afkomendum Kjarvals, Þjóðleikhússtjóra, þingmönnum og forseta Íslands. Ekki laust við að það hafi aukðið nokkuð á sviðsskrekkin hjá okkur sveitamönnunum. En félagsheimilið okkar Fjarðarborg er fjölnota hús og þar er Kjarvalsstofa til húsa. Dagurinn byrjaði á vígslunni með ræðum og hamingjuóskum. Síðan var kaffisamsæti fyrir Borgfirðinga og gesti, þá var húsið rýmt og hátíðarkvöldverður framreiddur og loks var salnum á örskotsstundu breytt í leikhús. Húsfyllir var á frumsýningu og er óhætt að segja að verkið hafi fengið góðar undirtektir og það var þreyttur en ánægður hópur sem tók við hamingjuóskum eftir sýningu. Daginn eftir sýndum við síðan tvær sýningar. Gengu þær nú ekki eins vel enda erfitt að sýna fyrir 30 manns þegar maður hefur sýnt fyrir 170 manns kvöldið áður. Það var frá upphafi ákveðið að taka Gilligogg aftur upp á Álfaborgarsjens um verslunarmannahelgina, og það gerðum við. Andrés kom aftur austur í nokkra daga og síðan voru sýndar þrjár sýningar sem fengu ágæta aðsókn. Þetta tókst þrátt fyrir hrakspár undirritaðs og margra fleiri, tókst þó þetta hafi ekki verið hægt. Á fjórða tug manna kom að þessari sýningu, en íbúar Borgarfjarðar eru um 140. Þetta er náttúrulega bilun!! En eins og þetta væri ekki nóg, var aftur lagt af stað nú í vor og nú í samstarfi við grunnskólann. Ákveðið var að setja upp Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Allir nemendur skólans komu að verkinnu. Sá háttur var hafður á að valið var í hlutverk, æfingar hafnar undir stjórn Gunnars Finnssonar, sviðsmynd var gerð og söngvar æfðir áður en Steinn Ármann kom og klæddi verkið í endanlegan búning. Sýnt var að kvöldi 11. apríl við góðar undirtektir áhorfenda, enda skein leikgleðin úr hverju andliti. Aðgangseyrir rann í ferðasjóð nemenda. Ætlunin er að taka leikritið aftur upp á Álfaborgarsjens um verslunarmannahelgina. Um 30 manns komu að þessari sýningu og þó það hafi að hluta til verið sama fólkið og kom að Gilligogg þá hafa yfir 50 manns komið að leikstarfsseminni á leikárinu, sem er meira en þriðji hver íbúi hreppsins. Já, það er með hreinum ólíkindum hvað eitt lítið félag getur gert jafnvel þótt stjórn félagsins sé jafn léleg og í þessu félagi, þar sem sumir stjórnarmenn telja að ekkert sé hægt að gera og tala stanslaust út, en aðrir að allt sé hægt en gera ekkert sjálfir.

Fyrir hönd leikfélagsins Vöku,  
Helgi Hlynur Ásgrímsson, gjaldkeri

### Leikflokkurinn Hvammstanga

Með vífið í lúkunum

eftir Ray Cooney í þýðingu Árna Ibsen, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.

Þátttakendur: 23 Sýningar: 3 Áhorfendur: 284

Leiklistarnámskeið, stjórnandi Ingrid Jónsdóttir, þátttakendur 16.

### Skýrsla Leikflokksins á Hvammstanga

Það var frekar lítið að gerast hjá Leikflokknun á Hvammstanga sumarið 2002, það var ekki fyrr en um haustið sem við fórum að ræða hvað ætti að gera veturinn 2003. Ákveðið var að setja upp leikrit og reyna að hafa leiklistarnámskeið á undan uppsetningu.

Árið 2003 byrjar svo á því hjá okkur að taka þátt í þorablótsundirbúningi hér á Hvammstanga, þar sem Leikflokkurinn hefur séð um skemmtiatriðin undanfarin ár. Svo í beinu framhaldi af því var farið að undirbúa leiklistarnámskeiðið og uppsetninguna. Stjórnin ákvað að hafa ekkert þátttökugjald á námskeiðið til að hvetja fólk til þátttöku, og teljum við að það hafi borgað sig því það voru um 16 manns sem sóttu námskeiðið og var það allt ungt fólk og tók það svo þátt í sýningunni á einhvern hátt. Ekki voru svo mörg hlutverk í sýningunni en margt þarf nú að gera í tengslum við svona sýningar og nýttist mannskapurinn því ágætlega.

Við ákváðum að setja upp gamanleikrit og fyrir valinu varð „Með vífið í lúkunum“ eftir Ray Cooney. Við réðum Ingrid Jónsdóttur sem leikstjóra og sá hún einnig um leiklistarnámskeiðið. Hún vann alveg frábært starf hér hjá okkur bæði á námskeiðinu og svo við uppsetninguna, þetta gekk allt svo vel, ekkert vesen. Hún fær mikil og góð meðmæli frá okkur í Leikflokknun á Hvammstanga. Við vorum þokkalega ánægð með aðsóknina að sýningunum, en þær voru þjár í allt og komu 284 manns að sjá hana, en alltaf viljum við sjá fleiri.

Við fengum mikið af góðum leikurum út úr því að halda þetta Leiklistarnámskeið – það var allt ungt fólk sem lék í sýningunni í vetur og nánast allt nýjrir leikarar, þannig að sýningargestir fengu að sjá nýtt fólk á fjölnunum í vetur. En það gerist kannski allt of sjaldan í svona litlu sveitarfélagi eins og hjá okkur, því fólk þarf oft að færa talsverðar fórnir til að geta tekið þátt í svona sýningu, æfingar nánast á hverju kvöldi í 5–6 vikur, það er nú talsverður tími með vinnu og fjölskyldu. En sem betur fer er til fólk sem vill leggja þetta á sig því þetta gefur okkur öllum heilmikið.

Ég held nú að ég sé búin að stikla á því helsta sem við höfum gert þetta leikárið.

Auðbjörg K. Magnúsdóttir





Miðheimar

### Leikhópurinn Lopi, Höfn

#### Ástarsaga

Höfundur og leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Pátttakendur: 3                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 200

#### Miðheimar

Höfundur og leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Pátttakendur: 35                      Sýningar: 6                      Áhorfendur: 221

#### Mysingssamloka með sveppum

Eftir Jón St. Kristjánsson og unglingsdeild Leikfélags Hafnarfjarðar.

Leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Pátttakendur: 20                      Sýningar: 5                      Áhorfendur: 110

### Skýrsla Leikhópsins Lopa

Starfsárið hófst óvenju sennumma, því að við vorum með verkefni á Húmarhátíðinni fyrstu helgina í júlí 2002, nánar tiltekið 6. júlí. Frumsýndum við þar örlítið verkefni, smá leikgerð af sögu, svona um 10–15 mínútna langa. Kölluðum við það Ástarögu. Sýndar voru tvær sýningar og tókst verkefnið afar vel. Leikarar voru 3 og komust afar vel frá verkefninu þó svo að áhorfendur á laugardagskvöldi á Húmarhátíð, horfandi á sýningu á útisviði, séu öðruvísi en í lokuðu leikhúsinu. Skemmtilegt verkefni.

Almennur félagsfundur var haldinn í félaginu í byrjun september. Góð mæting var að venju og mættu um 35 áhugasamir áhugaleikarar. Eftir skemmtilegar umræður og ýmsar vangaveltur var ákveðið að hefja æfingar á leikritinu Miðheimum eftir Magnús J. Magnússon. Hófst æfingar þegar í stað og stóðu fram að frumsýningu 22. nóvember. Pátttakendur í sýningunni voru 35. Sýndar voru 5 sýningar í Sindrabæ og tókust þær allar vel. Geta má þess að hópurinn sýndi hluta úr verkinu við ýmsar uppákomur í bæjarfélaginu.

Ákveðið var að fara í leikferð með sýninguna og var farið á Kirkjubæjarklaustur fyrstu helgina í desember. Þetta var alveg hefðbundin leikferð. Lagt var af stað snemma á föstudagsmorgni, komið á staðinn, leikmynd og ljós sett upp, rennt í gegn, smá hlé, borðað og síðan var lokaundirbúningur vegna sýningarinnar. Sýnt var klukkan 15.00, fyrir fullu húsi og tókst sýningin vel. Að henni lokinni var hópnum boðið til Pizzuveislu og var það afar þakklátur hópur sem borðaði í það skiptið. Að því loknu kvöddu menn og héldu heim. Heim var komið um níu-leytið, ferðin búin að taka 12 tíma en allir ánægðir og glaðir með dagsverkið en þreyta farin að sækja á hópinn.

Strax í byrjun janúar var haldinn annar félagsfundur. Var þar ákveðið að taka til sýningar, sem vorverkefni, sýningu Jóns St. Kristjánssonar og Unglingadeildar Leikfélags Hafnarfjarðar, Mysingssamloku með sveppum. Strax var sett í gang að æfa og leikritið var frumsýnt 17. mars í Sindrabæ. Var frumsýning seinna á ferðinni en áætlað hafði verið. Frumsýning átti að vera 14. mars en fresta varð henni tvívegis vegna veikinda í leikhópnum. En loks tókst að frumsýna. Sýndar voru 5 sýningar. Sýningin tókst afar vel þó svo að áhorfendur hefðu mátt vera fleiri. Þeir 10 leikarar sem tóku þátt í uppfærslunni svo og 10 manna aðstoðar- og tæknihópur voru reynslunni ríkari. Þetta verkefni var 12. verkefni Leikhópsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn í lok maí. Var þetta bara ósköp venjulegur aðalfundur. Þar ræddu menn leikárið sem lokið var, svo og það sem framundan er. Leikhópurinn er með verkefni á Húmarhátíðinni í byrjun júlí og svo er framundan afmælisverkefni.

Leikhópurinn Lopi verður 10 ára í haust. Hann hefur sett upp 13 leikrit á þessum 10 árum og allt íslensk verk. Tekið skal sérstaklega fram að 9 af þessum verkum eru frumsamin fyrir hópinn. Mikill fjöldi leikenda og tæknimanna hefur verið með hópnum í þessi 10 ár og á Leikhópurinn dygga sýningargesti. Afmælisárið er framundan og mun hópurinn njóta næsta leikárs!

Magnús J. Magnússon, formaður

### Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

#### Kardemommubærinn

eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpalæk, leikstjóri Björn Gunnlaugsson.

Pátttakendur: 40–50                      Sýningar: 7                      Áhorfendur: 580

#### Götuleikhússýning

eftir leikhópinn, leikstjórar Jónas Steinsson og Brynhildur Guðmundsdóttir.

Pátttakendur: 30                      Sýningar: 2                      Áhorfendur:  
Upplýsingar vantar



Kardemommubærinn

Námskeið í götuleikhústækni I og II, stjórnandi Jónas Steinsson, pátttakendur samtals 36.

### Skýrsla Leikhópsins Veru

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á leikárinu.

Við byrjuðum leikárið á því að halda námskeið í götuleikhústækni frá 24. júní til 5. júlí. Við fengum Jónas Steinsson til okkar frá Akureyri og hann kenndi börnunum ýmsar kúnstir.

Við fórum með 15 manna hóp á Sumarhátíð ÚÍA á Egilsstöðum fyrripart júlímánaðar.

Við fengum Jónas Steinsson til okkar aftur um 20. júlí til að setja upp götuleikhússýningu fyrir Franska daga sem er árlegur viðburður hér á Fáskrúðsfirði, síðustu helgina í júlí ár hvert. Byrjað var á því að vera með eldsýningu á föstudagskvöldinu við varðeld, svo var byrjað í götunni eftir hádegi á laugardegnum og verið þar í 2 tíma að sýna ýmsar listir, eldsýning á þaki félagsheimilisins Skrúðs á laugardagskvöldinu og svo var verið í um 2 tíma á sunnudeginum í götunni með ýmsar listir.

15. september kom svo Björn Gunnlaugsson til okkar og við byrjuðum að æfa Kardemommubæinn og frumsýndum þann 26. október. Við fengum um 600 sýningargesti á 7 sýningar.

Við fengum 100.000 kr. styrk frá menningarráði Austurlands v/Kardemommubæjar, og fórum við með ræningjana á Reyðarfjörð til að taka á móti styrknum úr hendi menntamálaráðherra í nóvember.

Brynhildur var send á haustfundinn 30. nóvember.

Í desember var ákveðið að fá Jónas Steinsson til að vera með enn eitt námskeiðið í götuleikhústækni, til að halda þessu við sem krakkarnir lærðu í sumar.

Í febrúar skunduðu svo þær stóllur Kolbrún Einarsdóttir, Brynhildur Guðmundsdóttir og María Óskarsdóttir á námskeið hjá Bandalaginu í leikhúsförðun.

Á aðalfund Bil í maí fóru þær Kolbrún Einarsdóttir og Brynhildur Guðmundsdóttir.

Aðalfundur var svo haldinn þann 2. júní og var kosin ný (gömul) stjórn, og hana skipa:

Jens Dan Kristmannson, formaður, Brynhildur Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Kolbrún Einarsdóttir, ritari. María Óskarsdóttir og Björnfríður Fanney Þórðardóttir eru meðstjórnendur.

Varamenn eru Kjartan Svanur Hjartarson og Þórunn Alda Ólafsdóttir. Endurskoðandi er Hjörtur Kristmundsson og til vara Bergsteinn Ingólfsson.

*Brynhildur Guðmundsdóttir, gjaldkeri*

## **Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal**

*Sá sem stelur fæti verður heppinn í ástum*

eftir Dario Fo, þýðandi Sveinn Einarsson, leikstjóri Sigurður H. Karlsson.

Þátttakendur: 13                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 176

## **Leikklúbburinn Spuni, Luxembourg**

*Abbababb*

söngleikur spunninn í kringum lög söngflokksins ABBA. Leikstjóri Sigrún Sól Ólafsdóttir, tónlistarstjóri Pálmi Sigurhjártarson.

Þátttakendur: 21                      Sýningar: 3                      Áhorfendur: 350

*Skýrsla Leikklúbbsins Spuna*

Leikár Spuna hófst á haustmánuðum 2002 þegar hugmyndaauðugir einstaklingar mættu til funda með sitthvað í pokahorninu sem nota mætti í revíu/skaup fyrir næsta þorrablót. Fundað var reglulega einu sinni í viku og oftast er nær drög æfingum.

Þema verksins þetta árið var ABBA. Öll bestu lög ABBA voru notuð með heimagerðum, frábærum textum. Allt yfirbragð verksins, sem fékk nafnið ABBABBABB, var ABBA tímabilið. Hjónaleyisn Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstjóri og leikari með meiru og Pálmi Sigurhjártarson tónlistarstjóri og gúrú mættu til Lúx 3 vikum fyrir frumsýningu, full orku og börðu þetta í gegn með mjúkum höndum og útkoman var frábær revía/skaup. Þetta var í alla staði frábært tímabil og lærdómsríkt og ætla allflestir þátttakendur að vera með að ári.

Nú er Spuni í dvala fram á haustmánuði og þá hefst sagan að nýju.

*Stjórn Spuna*

## **Leiklistarfélag Seltjarnarness**

*Á þjóðlegum nótum*

Dagskrá úr verkum Halldórs Laxness o.fl. Leikstjóri Einar Þorbergsson.

Þátttakendur: 12                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 95

*Dýrin í Hálsaskógi – hluti*

Höfundur Thorbjörn Egner, þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk, leikstjóri Einar Þorbergsson.

Þátttakendur: 6                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 200

*Í ljósaskiptunum*

eftir William Heinesen og Tove Janson

Þátttakendur: 7                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 25

*Skýrsla Leiklistarfélags Seltjarnarness*

Eins og endranær höfum við verið nokkuð dugleg þetta síðasta leikár, það virðist kannski ekki að við höfum verið stórtæk en þegar farið er að telja upp er þetta alls ekki svo slæmt hjá okkur.

Við höfum leikárið á 17. júní sýningu á Eiðistorgi og í þetta sinn sýndum við úr Dýrunum í Hálsaskógi. Það tókst að sjálfsgöðu vel hjá okkur og var gaman að undirbúa það.

Þegar nær dró vetri höfum við undirbúning að upplestri á Norrænu bókasafnsvikunni í Bókasafninu okkar hér á Nesinu. Í þetta sinn var leiklesið Jólátréð úr bókinni Ósýnilega barnið eftir Tove Janson og Grétar las Fámálir gestir úr safninu Töfralampinn eftir William Heinesen. 4. og 5. nóvember.

Boðað var til fundar til að ræða fleiri sýningar á Harvey en því miður var ekki hægt að safna liði svo að hægt væri að koma sýningunni saman. Þess í stað höfum við umræður um það hvað við gætum gert fyrir vini okkar á Elliheimilinu. Í fyrstu ætluðum við einungis að útbúa dagskrá fyrir eldri borgara, en eins og allir vita þá hefur Einar einstaka hæfileika til að setja okkur í gang með ýmislegt og bæta svo hægt og bitandi við og svo áður en við vitum af erum við kominn með heila kvöldssýningu. Í rauninni eigum við Einar mikið að þakka, ég veit ekki hvað við værum án hans. Sem sagt, við höfum æfingar á köflum úr Íslandsklukkunni, ljóðalestur og lestur þjóðsögu að ógleymdum frábærum stuðningi

Hermanns, Jóns Árna og rímnasöngvarans Steindórs Andersen. Úr þessu varð, þó að ég segi sjálf frá, frábært kvöld „Á þjóðlegum nótum“, 18.03. 2003. Eins og svo oft áður tókst ekki að safna liði til að hafa meira en eina sýningu og var það miður að mínu áliti, en við áttum frábæran tíma við undirbúning á þessu kvöldi og vona ég að félagsmenn séu sammála mér í því. Við uppsetningu á köflum úr Íslandsklukkunni nutum við góðra krafta Evu Rúnar og Bjargar og vona ég svo sannarlega að við getum leitað til þeirra aftur, helst fengið þær fast í lið með okkur. Mér finnst ástæða til að þakka þúsundþjalasmið og reddara félagsins, máttarstólpa okkar og áfram mætti telja, honum Grétari, sérstaklega fyrir allt sem hann lagði á sig fyrir sýningu okkar „Á þjóðlegum nótum“. Þeir voru margir kílómetrarir sem hann ók um til að redda sviðmynd m.m. fyrir sýninguna, takk æðislega Grétar. Í litlu félagi dreifist mikil vinna á fárra hendur svo allir þurfa að standa vel saman. Ekki má gleyma að við í fyrsta skiptið í sögu félagsins gátum æft og haft sýningu okkar í Félagsheimilinu á Nesinu. Þetta gaf okkur byr undir báða vængi og nú er bara að hefja umræðu nógu snemma á stykki næsta leikárs. Við höfum gert samning við Eignarhaldsfélag Félagsheimilisins um eina sýningu og æfingar fyrir það stykki á ári, okkur að kostnaðarlausu, síðan samið um greiðslur ef við förum út í meira. Það er ekki spurning að það að komast inn í félagsheimilið, gefur okkur marga möguleika á að auka starfsemi okkar og við höfum mjög jákvæðan stuðning bæjarins.

Í vor fórum við Monika á fund bæjarstjórnar og ræddum starfsemi Leiklistarfélagsins. Mættum við þar mjög svo jákvæðu hugarfari og ræddum mikilvægi þess að hafa félagið okkar starfandi. Á þessum fundi kom fram áhugi bæjastjórnar á því að við gerðum eitthvað fyrir leikskóla bæjarins á komandi leikári. Þetta fannst okkur spennandi, og munum taka þessa hugmynd inn í umræðu okkar fyrir komandi ár. Fyrir stuttu voru öll félög boðuð á hreinsunardag á Nesinu. Höfum við nú fengið félag okkur svo viðurkennt að það er merkt inn á kortið, frábært! Við Anton Björn mættum og pössuðum okkur að hafa hátt þegar við sögðumst koma fyrir hönd Leiklistarfélagsins. Seinna bættist svo Monika í hópinn svo að ég held að við höfum skilað okkar þar.

Í vor var haft samband við mig frá Bandalaginu og voru þau að gera einhverja könnun á högum Leikfélaga um allt land. Þar var meðal annars spurt hvað við sýndum oft á ári og hvort einhverjir fastir punktar væru í starfsemi okkar. Það var með stolti sem ég gat sagt að undanfarin 3 ár höfum við haft 1 stóra sýningu, að við værum komin með möguleika á aðstöðu í Félagsheimilinu og að við værum með 3 fastar uppsetningar þar fyrir utan, þ.e. 17. júní, Bókasafnið og Heimili aldraðra á Nesinu. Henni fannst þetta vera mjög gott prógram hjá okkur.

Ágætu leikfélagar! Nú er bara að takast á við næsta leikár og gera það glæsilegt eins og undanfarin ár. Þetta hefst alltaf hjá okkur, kannski ætti þetta að vera mottó félagsins !!!

Ég ætla ekki að hafa þessa skýrslu lengri og þakka fyrir gott samstarf á liðnu leikári.

Jóhanna Ástvaldsdóttir, formaður

### Litli leikklúbburinn, Ísafirði

#### Söngvaseiður

eftir Richard Rodgers og Oscar Hammerstein í þýðingu Flosa Ólafssonar, leikstjóri Þórhildur Þorleifsdóttir.

Þátttakendur: 70      Sýningar: 23      Áhorfendur: 5.000



Söngvaseiður

### Skagaleikflokkurinn, Akranesi

#### Dýrin í Hálsaskógi

eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpalæk, leikstjóri Ari Matthíasson.

Þátttakendur: 38      Sýningar: 9      Áhorfendur: 1.360

#### Skýrsla Skagaleikflokksins

Í júlí á síðasta ári fór Skagaleikflokkurinn með hóp unglinga í leiklistarbúðir til Færeyja. Dvalið var í 10 daga og unnið með hópi unglinga frá Færeyjum og Finnlandi. Sýnd voru í Norðurlandahúsinu 3 leikverk (Þrymskviða frá Skagaleikflokknunum) og siglt til Hjaltlands og sýnt einu sinni þar. Að öðru leyti var starfsemi Skagaleikflokksins með hefðbundnu sniði á síðasta leikári. Sett var upp eitt leikverk, Dýrin í Hálsaskógi, í Bíóhöllinni á Akranesi. Sýndar voru 9 sýningar, þar af 2 í félagsmiðstöðinni Óðali í Borgarnesi. Frumsýnt var 29. desember og virtist sá tími koma vel út. Töluvert var unnið í því að fá framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi félagsins en ekki hefur enn tekist að ganga frá því máli.

Hermann Guðmundsson, formaður



Forsetinn kemur í heimsókn

### Snúður og snælda, Reykjavík

#### Forsetinn kemur í heimsókn

eftir Brynhildi Olgeirsdóttur og Bjarna Ingvarsson, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 19      Sýningar: 20      Áhorfendur: 884

Framsagnarnámskeið I og II, stjórnandi Bjarni Ingvarsson, þátttakendur samtals 16.



Sweeney Todd

**Stúdentaleikhúsið, Reykjavík***Íbúð Soju*

eftir Mikhail Búlgakov, leikgerð og leikstjórn Bergur Þór Ingólfsson.

Þátttakendur: 26 Sýningar: 7 Áhorfendur: 350

*Sweeny Todd, morðóði rakarinn við Hafnargötuna*

eftir Christopher G. Bond í þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar, leikstjóri Friðrik Friðriksson.

Þátttakendur: 21 Sýningar: 1 Áhorfendur: 62

**Umf. Efling leikdeild, Reykjadal***Jakob og synir hans.*

Dagskrá eftir ýmsa höfunda. Leikstjóri Arnór Benónýsson og tónlistarstjóri Jaan Alavere.

Þátttakendur: 20 Sýningar: 1 Áhorfendur: 93

Leiklistarnámskeið I og II, stjórnandi Arnór Benónýsson, þátttakendur samtals 25.

Námskeið í söngleikjatonlist I og II, stjórnendur Arnór Benónýsson og Jaan Alavere, þátttakendur samtals 23.

Leiklistarnámskeið fyrir börn og unglinga, stjórnandi Arnór Benónýsson, þátttakendur 15.

**Skýrsla Umf. Eflingar**

Nokkur ró ríkti yfir starfssemi félagsins þetta leikárið. Engin leiksýning var sett upp, en því fleiri námskeið haldin. Í september byrjuðu 2 þeirra, byrjenda- og framhaldsnámskeið í leiklist. Næst voru barna- og unglinganámskeið sem hófust 10. febrúar. Síðan voru 2 námskeið í söngleikjatonlist sem hófust 3. mars. Enduðum við svo á því að setja upp dagskrá sem hét „Jakob og synir hans“ þar sem flutt voru brot úr ýmsum söngleikjum, í samantekt Jaan Alavere og Arnórs Benónýssonar.

Gerður var samningur 6. mars við Jóhannes Sigurjónsson og Hörð Þór Benónýsson um að skrifa leikverk fyrir félagið sem sýna á næsta leikár, og einnig samið við Arnór Benónýsson um uppsetningu og ráðgjöf við verkið.

Á síðasta fundi leiknefndar var stofnuð barna- og unglingadeild innan leikhópsins. Á sama fundi lét Jóhanna M. Stefánsdóttir af stjórnarsetu og við tók Þorgerður Sigurgeirsdóttir. Við þökkum Jóhönnu fyrir mjög gott starf og bjóðum Þorgerði velkomna til starfa.

Leiknefndin er þannig skipuð: Jón Friðrik Benónýsson, formaður, Friðrika Björg Illugadóttir, gjaldkeri og Þorgerður Sigurgeirsdóttir, ritari.

Jón Friðrik Benónýsson, formaður



Taktu lagið Lóa

**Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri***Taktu lagið Lóa*

eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen, leikstjóri Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

Þátttakendur: 23 Sýningar: 10 Áhorfendur: 617

**Umf. Reykdæla, Reykholti***Góðverkin kalla!*

eftir Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Valgeir Skagfjörð.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 8 Áhorfendur: 460

**Skýrsla Umf. Reykdæla**

Leiknefnd hefur frá aðalfundi 23. apríl 2002 verið þannig skipuð: Hafsteinn Ó. Þórisson formaður, Steinunn Garðarsdóttir, Jóna Ester Kristjánsdóttir, Jón Pétursson og Ólöf Guðmundsdóttir.

Félagið sýndi í vetur farsann Góðverkin kalla! eftir þá Ármann Guðmundsson,



Góðverkin kalla!

Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Verkið, sem er góðlátlegt grín að klúbbastarfsemi á Íslandi, fjallar um tvo karlklúbba (Dívans og Lóðaris) og kvenfélagið Sverðiljurnar og gerist í litlu þorpi úti á landi. Þessi félag berjast um að gefa sjúkrahúsi bæjarins sem veglegustu gjafirnar og verður oft og tíðum mikill hamagangur í öskjunni. 10 leikarar tóku þátt í uppfærslunni en auk þeirra komu margir aðrir að verkinu á einn eða annan hátt.

Æfingar hófust þann 3. febrúar og var æft linnulaust fram að frumsýningu þann 29. mars 2003. Alls voru æfingar 38 talsins og æft sex daga vikunnar. Sýningar urðu 8 og mættu um 460 manns að sjá verkið. Leikstjóri var Valgeir Skagfjörð og keyrði hann frá Reykjavík á allar æfingarnar. Laun leikstjóra voru 492.876 kr. auk þess sem félagið borgaði 40.000 kr. fyrir lykil í Hvalfjarðargöngin.

Hafsteinn Ó. Þórisson, formaður

### Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

#### Prek og tár

eftir Ólaf Hauk Símonarson, leikstjóri Skúli Gautason.  
Þátttakendur: 30 Sýningar: 10 Áhorfendur: 880

#### Skýrsla Umf. Skallagríms

Leikdeildin tók þátt í Borgfirðingahátíð sem haldin var í Borgarfirði í júní 2002. Þar vorum við með ýmiss konar sprell, lékum Egils sögu í styttri útgáfu og persónur úr Djöflaeyjunni mættu á svæðið, en það leikrit settum við upp fyrir um veturinn. Og allir gerðu sér glaðan dag.

Strax um haustið var svo farið að huga að verkefni fyrir veturinn og viðræður hófust við leikstjóra. Skúli Gautason var ráðinn og ákveðið að ráðast í að setja upp Prek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson. Byrjað var að manna verkið fyrir jóla og æfingar hófust strax eftir áramótin. Við sömdum við Búnaðarbanka Íslands um að styrkja félagið með því að láta okkur í té húsnæði í Gamla mjólkursamlaginu, eins og það er kallað, en bankinn er með það á leigu. Þar er aldeilis hátt til lofts og vítt til veggja og margt hægt þar að gera. Við vorum t.d. með alvöru bíl inni á sviðinu, Chevrolet árg. 1957, rosalega flottur og gerði mikla lukku. Húsnæðið var algerlega hrátt þegar við tókum við því og þurfti mikla vinnu til að gera það að leikhúsi. Alls tóku 17 leikarar og 5 manna hljómsveit þátt í sýningunni en allt með öllu tóku um þrjátíu manns þátt í því að koma henni á svið. Þetta var mjög skemmtilegt en leikdeildin hefur ekki áður ráðist í svona stórt verkefni þar sem leikur, söngur og dans eru álíka mikilvæg. Sýningin heppnaðist með miklum ágætum og var rosalega vel tekið. Tæplega 900 manns komu á 10 sýningar og var nánast fullt á þær allar.

Axel Vatnsdal, formaður



Prek og tár

### Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal

#### Ef væri ég gullfiskur

eftir Árna Ibsen, leikstjóri Þórunn Pálsdóttir.  
Þátttakendur: 26 Sýningar: 5 Áhorfendur: 300

#### Skýrsla Umf. Stafholtstungna

Haldnir voru tveir almennir félagsfundir á árinu og þrjár stjórnarfundir. Aðalfundur félagsins fyrir árið 2001 var haldinn í apríl. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að gjaldkerinn, Grétar Þór Reynisson, gekk úr stjórn og í hans stað kom Erla Gunnlaugsdóttir.

Farið var í leikhúsférféð í byrjun apríl í tilefni 25 ára afmælis félagsins sem var 3. febrúar. Fyrir valinu varð Brúðkaupsveislan í Borgarleikhúsinu. Frekar var nú fámennit í þessari ferð en mjög góðmennt.

Í tilefni af því að okkar ástkæri leikstjóri, Jón Júlíusson, varð sextugur þann 19. desember gáfum við honum afmælisgjöf og færði ritari vor honum pakkann og var hann mjög þakklátur fyrir.

Síðastliðið haust var ákveðið að sett yrði upp leikrit í vetur. Í nóvember var Þórunn Pálsdóttir, kennari á Varmalandi, ráðin til að leikstýra, en hún er leikaramenntuð. Eftir talsverða yfirlegu og lestur á leikritum var ákveðið að setja upp farsann Ef væri ég gullfiskur eftir Árna Ibsen. Fyrsti samlestur fór fram um miðjan janúar. Það var þokkaleg mæting og tókst að manna flest hlutverkin, en þau eru tíu talsins. Erfiðast var að fá leikara í minnsta hlutverkið, sem skrifað var fyrir kvenmann, og að lokum var því breytt í karlmannshlutverk. Æfingar gengu ágætlega þó svo að veikindi innan hópsins yrðu til þess að fresta þurfti frumsýningu um eina viku. Mjög brösuglega gekk að fá hvíslara en leystist að lokum. Það er orðið áhyggjuefni hvað fáir gefa sig út til að vera með í svona uppákomum. Sýndar voru fimm sýningar og urðu áhorfendur um þrjú hundruð talsins. Ekki var annað að heyra en að þeir sem komu hafi skemmt sér ágætlega.

Það hafði sennilega áhrif á aðsóknina að Leikdeild Skallagríms í Borgarnesi var að enda sýningar á sínu verki og Leikdeild Reykdæla að hefja sýningar hjá sér. Er því umhugsunarefni hvort leikfélögin á svæðinu ættu ekki að hafa meira samráð sín á milli.

Fleira var ekki aðhafst í nafni leikdeildarinnar þetta árið.

Ásgeir Ásgeirsson, formaður



Ef væri ég gullfiskur

## Óformleg könnun um starfsemi leikfélaganna

Á síðustu vikum sl. vetrar var gerð könnun þar sem hringt var í formenn aðildarféлага Bandalagsins og þeir spurðir spjörunum úr um ýmislegt sem viðkemur starfsemi leikfélaganna. Þess ber að geta að könnunin var óformleg og ekki gerð skv. strangvísindalegri forskrift nema hvað sami aðili talaði við alla viðmælendur. Af þeim 69 leikfélögum sem voru á skrá við upphaf könnunarinnar náðist í 67 formenn og af þeim sögðu 6 þeirra sitt félag vera óvirkt. Þannig náði könnunin til 61 leikfélags og svörunin þar með 88,5%.

Hluti spurninganna voru staðreyndaspurningar t.d. varðandi húsnæðismál leikfélagsins, fjölda uppsetninga, námskeiðshald o.s.frv. og hins vegar afstöðuspurningar þar sem ég leitaði eftir afstöðu eða skoðun viðmælendans.

Hafa ber í huga að áreiðanleiki svaranna helgast m.a. af því að könnunin var ekki kynnt fyrirfram þannig að þátttakendum gafst ekki tækifæri til undirbúnings. Þess utan ákvað ég að tala eingöngu við sitjandi formenn sem að sjálfsögðu höfðu mismikla þekkingu og reynslu í sínu leikfélagi.

Könnunin var í sex hlutum:

1. Leikfélagið sjálft, aðstaða og starfsemi.
2. Leiklistarskóli Bandalagsins.
3. Útgáfumál Bandalagsins.
4. Leiklistarhátíðir.
5. Starfsemi Bandalagsins.
6. Annað.

Hér verður farið lauslega yfir helstu niðurstöður með lítilsháttar athugasemdum, en tölurnar skýra sig að mestu sjálfar.

### 1. Leikfélagið, aðstaða og starfsemi

a) Húsnæði / aðstaða:

eiga ekkert húsnæði	41
eiga e.k. húsnæði	11
eiga hlut í félagsheimili	9

leigja alla aðstöðu	10
fá alla aðstöðu fría	28

notkun húsnæðis að vild	42
notkun háð öðrum	19

Það er óhætt að segja að í viðtölunum kom fram að húsnæðismál leikfélaganna eru með afar mismunandi móti, bæði hvað varðar aðstöðu og kostnað. Tölur segja ekki allt og það fer t.d. ekki endilega saman að þau félög sem fá alla aðstöðu fría geti jafnframt notað húsnæðið að vild. Sum félögin búa svo vel að fá bæði alla aðstöðu fría og notkun húsnæðis að vild á meðan önnur þurfa að leigja alla aðstöðu og vera jafnframt háð öðrum um nýtingu húsnæðis. Flest leikfélögin búa þó við e.k. blöndu af þessu.



Hulda Hákonardóttir

b) Stuðningur sveitarfélags	
fjárframlag	48
húsnæði að fullu	28
húsnæði að hluta	20

sátt við stuðning sveitarfél.	36
ósátt við stuðning sveitarfél.	20
hvorki né	3

c) Leiksýningar í fullri lengd settar upp	
árlega	25
oftar	10
annað hvert ár	11
sjaldnar	15

d) Önnur regluleg verkefni	
já	23
nei	38

e) Hefur leikfélagið frumflutt leikverk?	
já	43
skrifað sérstaklega fyrir félagið	36
af heimafólki	28

f) Námskeið haldin á vegum leikfélagsins?	
árlega	18
sjaldnar	31
aldrei	12

g) Leikstjóri leikárið 2002–2003	
atvinnumaður	30
frá eigin leikfélagi	17
frá öðru leikfélagi	5
enginn	17

h) Sátt við þróun leikstjórasmanna?	
já	32
nei	8
veit ekki	21

Langflestir af þeim sem svöruðu „veit ekki“ töldu sig ekki hafa kynnt sér málið nægjanlega til að geta haft á því skoðun.

i) Leikfélagið er í uppsveiflu	21
í niðursveiflu	19
á stöðugu róli	21

j) Rekstur leikfélags er auðveldari en áður	6
erfiðari en áður	30
svipaður	25

## 2. Leiklistarskóli Bandalagsins

a) Einhver félagsmaður sótt skólann?	
já	27
nei	34

b) Er skólinn á réttri braut?	
já	43
nei	0
veit ekki	18

Enginn sem svaraði „veit ekki“ hafði kynnt sér starfsemi skólans.

## 3. Útgáfumál Bandalagsins

a) Sátt við breytingar á útgáfumálum?	
já	48
nei	2
veit ekki	11

Átta viðmælendanna tóku það fram að þeir söknuðu Leiklistarblaðsins í blaðformi en áréttuðu jafnframt að breytingarnar hefðu verið óhjákvæmilegar og ásættanlegar sem slíkar.

b) Sátt við ársritið?	
já	47
nei	0
veit ekki	14

Allir sem á annað borð höfðu lesið og kynnt sér ársritið voru sáttir við það.

c) Hefur vefurinn (leiklist.is) verið heimsóttur?	
já	51
nei	10

d) Sátt við vef?	
já	50
nei	0
veit ekki	11

e) Hefur leikfélagið nýtt sér vefinn?	
já	39
nei	22

Hér var spurt hvort leikfélagið hefði t.d. leitað að verkefni í leikritasafninu, fundið leikstjóra á leikstjóraálistanum eða komið á framfæri tilkynningum og fréttum af starfinu.

## 4. Leiklistarhátíðir

a) Hefur leikfélagið tekið þátt í leiklistarhátíð?	
já	22
hérlandis	19
erlendis	8

b) Hefur leikfélagið farið í leikferð?	
já	44
hérlandis	43
erlendis	9

c) Hafa leiklistarhátíðir gildi?	
já	44
nei	0
veit ekki	17

d) Er áhugi fyrir að Bandalagið haldi reglulega stórar leiklistarhátíðir líkt og L2000?	
já	36
nei	0
veit ekki	25

Flestir töldu hæfilegt að halda stórar leiklistarhátíðir á 5 ára fresti.

e) Á að halda einþáttungahátíðir annað hvert ár í tengslum við þing?	
já	41
nei	0
veit ekki	20

## 5. Starfsemi Bandalagsins

a) Sendir leikfélagið fulltrúa á aðal- og haustfundir?	
alltaf / oftast	21
stundum / sjaldan	25
aldrei	15

Ástæður þess að fulltrúar eru sjaldan eða aldrei sendir frá sumum félögum voru helst nefndar að fólk gæfi sér ekki tíma í það, nokkrir sögðu leikfélagið ekki hafa efni á því.

b) Er leikfélagið sátt við störf stjórnar og þjónustumiðstöðvar?	
já	59
nei	0
veit ekki	2

## 6. Annað

a) Hefur starfsemi áhugaleikhúss gildi fyrir þátttakendur og áhorfendur?	
já	61
nei	0
veit ekki	0

b) Er þörf fyrir áhugaleikhús?	
já	61
nei	0
veit ekki	0

c) Eru fordómar gagnvart áhugaleikhúsi?	
já	24
nei	37
veit ekki	0

Af þeim sem svöruðu játandi höfðu flestir orðið varir við vantrú fólks (og þá oftast hjá atvinnuleikhúsfólki) á að próflausir leikarar gætu leikið. Aðrir töldu sig merkja of einhæfa mynd af áhugaleikhúsi af þeim sem ekki þekkja til, eða eins og einn viðmælanda benti á; ef einhvers staðar er breidd í leikhúsi er það í áhugaleikhúsi sem býður upp á allt milli vandræðalegs viðvaningsháttar og tærrar snilldar. Þá sögðust nokkrir hafa heyrt þá skoðun að áhugaleikhús væri ekkert nema skálkaskjól fyrir sukk og framhjáhald á meðan aðrir höfðu orðið varir við að ráðamönnum þætti áhugaleikhús óþarft (er ekki nóg að hafa íþróttahöll á svæðinu?) og að það ætti ekki að veita fullorðnu fólki fjárstyrk til að leika sér.

### Aukaspurning

Þar sem ég hef oftlega verið spurð hvernig í ósköpunum ég nenni að standa í þessu leikstússi meðfram fullri vinnu og fá ekki svo mikið sem túskilding með gati fyrir vikið ákvað ég að ljúka könnuninni með einni aukaspurningu:

*Hvað fær þig til að vilja stunda leiklist?*

Auðvitað voru svörin margvísleg og ég hef valið að setja þau upp í þeirri röð sem þau voru oftast nefnd:

*Það er svo gaman!*

*Frábær félagsskapur.  
Kynnist svo litríku fólki.  
Gefandi fyrir samskipti.  
Fæ útrás fyrir listræna hæfileika.  
Fæ útrás fyrir leikarann í mér.  
Er svo góður leikari.  
Meðfædd ástríða.  
Eykur sjálfstraustið.  
Auðgar menninguna, bæði staðbundið og almennt.  
Tengir fólk.  
Kikkið!  
Bakterían!  
Af hugsjón.  
Af skyldurækni og virðingu fyrir menningunni.  
Af gömlum vana!*

Eflaust hefði mátt vinna betur og ítarlegar úr svörum en hér er gert og reyndar er ekki loku fyrir það skotið að undirrituð muni einmitt dunda sér við það þegar færi gefst. Vonandi getur þetta yfirlit þó gefið nokkra mynd. Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir einstaklega jákvætt og vinsamlegt viðmót gagnvart erindi mínu, ég varð margs visari í bæði stórskemmtilegum og fróðlegum samtölum og tel mig hafa skilið margt betur en áður.

*Kærar þakkir til ykkar allra,  
Hulda B. Hákonardóttir, ritari stjórnar BÍL*

## Tréhausinn 2003

### Mín privat áhugaleikhúsverðlaun, eftir Þorgeir Tryggvason

*Starfs míns vegna sé ég drjúgan hluta sýninga íslenskra áhugaleikfélaga. Af því tilefni, og vegna þess að senn er leikárið liðið og frumsýningum að linna, hef ég farið yfir það hvað mér þykir hafa tekist best í vetur. Ég hef því stofnað til verðlauna sem ég kys af persónulegum ástæðum að kalla Tréhausinn. Enginn efnislegur verðlaunagripur verður afhentur, en þakkarræður óskast settar á spjallþræðina. Ég nota alvanalegt flokkakerfi Óskars frænda, með smá aðlögun að forsendum íslensks áhugaleikhúss. Einn sigurvegari í hverjum flokki, og nokkrir aðrir nefndir sem voru nálægt því og eiga skilið að á þá sé minnst.*

*Allt er þetta til gamans gert, og ekki má gleyma því að bæði sá ég ekki allar sýningar vetrarins og eins kom ég að gerð sumra þeirra, og þær þar með úr leik. Þetta er fúlt fyrir Hugleik, en það verður að hafa það. Ég læt fylgja með lista yfir þær sýningar sem ég sá.*

#### En allavega, Tréhausinn hlýtur...

##### Besta sýning

*Fuglinn minn heitir fótógen  
Leikfélag Fjölbrautaskóla Suðurlands, leikstjóri Sigrún Sól Ólafsdóttir*

Þetta ómótstæðilega stefnumót Þriggja Systra, Máfsins og leikhópsins reyndist vera einhver sterkasta leikþýning sem ég hef séð í langan tíma. Vel útfærð á sviðinu, fantalega vel leikin. Tsékovsku minnin döfnuðu vel, endurgróðursett í íslenska smábæjarsamfélaginu. Falleg og fyndin – finleg og groddaleg – ljóðræn og aggressív. Og síðast en ekki sist – algerlega óvænt.

Í humátt á eftir henni eru í huganum sýningar eins og Hundshjarta hjá Herranótt og Chicago hjá LMA.

#### Nýtt handrit

*Beðið eftir Go.com Air  
Ármann Guðmundsson, Leikfélag Mosfellssveitar*

Frábær hugmynd, skrautlegt persónugallerí, hnyttin tilsvör, gaman – og á endanum dauðans alvara. Hvað er hægt að fara fram á meira?

Alls tel ég fimmtán nýsköpuð verk í listanum hér að neðan, þó ekki styðjist þau öll við handrit. Þá má ekki gleyma því að Hugleikur er fjarverandi af listanum vegna þess að ég er ég. Ég ætla samt að leyfa mér að setja Undir hamrinum eftir Hildi Þórðadóttur á þennan „Runners up“ lista, enda er þar á ferðinni frumlegt og gróteskt tilbrigði við þjóðlegt minni. Svo vil ég geta Káins, Ráðalausra manna Siguringa Sigurðssonar hjá Leikfélagi Keflavíkur, Ertu Hálf-dán? eftir Hávar Sigurjónsson hjá Leikfélagi Sauðárkróks og auðvitað, Fótógen.



## Besta leikstjórn

*Ólafur Egill Egilsson fyrir Hundshjarta Herranótt*

Með einfaldri leikmynd og sterkri stjórn náði Ólafur Egill að skapa sannfærandi expressjóníska martröð úr dæmisögu Búlgakovs. Ekki síst er vinna hans hrósverð fyrir það hvað sýningin sem heild var sterk þrátt fyrir að lítið færi fyrir „briljans“ í leik.

Svo má náttúrulega nefna Fótógen hjá Sigrúnu Sól Ólafsdóttur, vinnu Laufeyjar Brár Jónsdóttur með Chicago, Ingridar Jónsdóttur með Hrein mey á leiðinni hjá Thalíu, Sögu Jónsdóttur með Káinn í Freyvangsleikhúsinu og Odds Bjarna Þorkelssonar með Prek og tár á Egilsstöðum. Hörður Sigurðarson vann líka frábært starf með Leikfélag Kópavogs í Kolla og stöðumælaverðirnir. Þá var eftirtektarvert hvað Þröstur Guðbjartsson náði góðum tökum á erfiðu leikriti Hávars Sigurjónssonar, Ertu Hálf-dán?

## Besta leikkona í aðalhlutverki

*Ágústa Eva Erlendsdóttir í Kolla og stöðumælaverðirnir Leikfélag Kópavogs*

Þær stöllur Kolla mannæta og Ilse ráðskona voru hvor annarri óhuggulegri, skemmtilegri og kraftmeiri í þessum óborganlega hryllingsfarsa. Nákvæmni, fókus og virtúósaleg umskipti Ágústu voru kjarninn í sýningunni. Geggjald!

Aðrar góðar voru til dæmis Herdís Þorgeirsdóttir sem óviðjafnanleg drukkinn mamma í Beðið eftir Go.com Air, Kolbrún D. Kristinsdóttir sem burðaráslegur leiklistarfræðingur í Á fjöllum félagsins hjá Halaleikhópnum, Anna Ragnarsdóttir sem ættmóðirin í Þrúgum reiðinnar á Húsavík, Inga Valgerður Henriksen í hlutverki Lillu í Þú ert í blóma lífsins, fíflíð þitt hjá Sauðkindinni og Gunnhildur Árnadóttir í titilhlutverkinu í Lýsiströtu hjá Fúríu, leikfélagi Kvinnaskólans.

## Besti leikari í aðalhlutverki

*Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson í Gauragangi Leikfélag Vestmannaeyja*

Ég er búinn að sjá marga Orma Óðinssyni, og þessi er sá sem mér hefur þótt mest sannfærandi (þó söngurinn væri svona og svona). Guðmundur hvíldi þannig í hlutverkinu að snjallyrðin sem streyma frá Ormi urðu fullkomlega eðlileg, en á sama tíma tókst honum að bera sýninguna uppi með krafti og útgeislun. Og útlitið hárrétt – sannkallaður strákormur.

Fleiri áttu góðan leik í ár. Ævar Þór Benediktsson var skotheldur Billy Flynn í Chicago og Einar Rafn Haraldsson marghliða Jóhann í Prek og tár. Þá voru ræningjarnir þrír í Kardemommubænum í Hveragerði ekkert minna en dásamlegir í meðförum Hjartar Más Benediktssonar, Magnúsar Stefánssonar og Steindórs Gestssonar.

## Besta leikkona í aukahlutverki

*Þorbjörg H. Dýrfjörð í Hrein mey á leiðinni Thalía, leikfélag Menntaskólans við Sund*

„Sædkikkíð“ Melkorka, sem elskar Shakespeare, en fellur



*Þorgeir Tryggvason*

svo fyrir strák af holdi og blóði, var alveg sérlega vel teiknað af Þorbjörgu, og svo gerði hún sér leikrænan mat úr laginu sem hún söng, sem alltof oft vill gleymast hjá sjóveikum framhaldsskólunum.

Af öðrum smærri hlutverkum sem tolla í heilaberkinum má nefna Hjördísi Pálmadóttur sem niðursetning í Káinn, Guðnýju Þorgeirsdóttur sem löggvankaða konu í Þrúgum reiðinnar og þær Önnu Hansen og Margréti Guðrúnardóttur, unaðslega ljóðrænar og lífrænar, í Fótógen.

## Besti karleikari í aukahlutverki

*Bjartmar St. Steinarsson í Fótógen Leikfélag Fjölbrotaskóla Suðurlands*

Bjartmar fór með tvö hlutverk í sýningunni og bæði voru frábærlega unnin. Áhrifamest var þó sköpun hans á seinfærum Nóatúnsstarfsmanni og föður, hlutverk sem geymdi hjarta þessarar frábæru sýningar, þó lítið væri (hlutverkið altsvo). Gersamlega ógleymanleg frammistaða.

Minnast má fleiri smárra en knárra. Stefán Guðlaugsson var óborganlegur Jón vinnumaður í Káinn (Káni?), Heimir Jón Bergsson sem mannýgur páfagaukur í Kardemommubænum á Fáskrúðsfirði var rétt ekki búinn að drepa okkur Odd Bjarna úr hlátri. Annar Fótógenmaður, Árni Grétar Jóhannsson, var einhver óhuggulegasta og hlægilegasta sviðsfyllibytta sem ég hef séð. Gylfi Ólafsson var og góður sem prestur í Að eilífu hjá Leikfélagi Menntaskólans á Ísafirði og Þorsteinn Logi Einarsson og Valdimar Össurason björguðu hinum hrútleiðinlega fyrir-utan-himnaríki-þætti í Gullna hliðinu í sýningu Umf. Vöku.

## Besti söngleikur

*Chicago Leikfélag Menntaskólans á Akureyri*

Þetta fannst mér skemmtilegur söngleikur! Vafalaust græddi hann á því hvernig hann greindi sig frá hinum stórsjóum framhaldsskólanna, en þetta var einfaldlega vel gert. Brechtískt formið, ís-kaldhæðin sagan og sjálfs-öruggi flytjendanna: allt hjálpaði þetta til við að gera þetta að grimmilega góðri skemmtun.

Aðrir góðir voru Prek og tár á Egilsstöðum og Söngvaseiður á Ísafirði (en ekki hvað?).



Myndin t.v. er úr sýningu Leikfélags Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fuglinn minn heitir fótógen, sem að mati greinarhöfundar var besta sýning leikársins.

## Útlit

*Pórarinn Blöndal og Ingvar Björnsson fyrir Káinn Freyvangsleikhúsið*

Einföld en snjöll og nosterussamlega útfærð – umgjörð sýningarinnar nær að skila sléttuviðáttum Ameríku og dalalífi í Eyjafirði, inni- og útisenum og öllu heila ferðalaginu án nokkurra vandræða. Leikmynd og lýsing vinna óaðfinnanlega saman. Svona á að gera þetta!

Nokkrir fleiri náðu tökum á þessu. Hundshjarta hjá Herranótt, Hljómsveitin í Kópavogi og Salka miðill hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar. Þá fær Leikfélag Húsavíkur sérstaka viðurkenningu fyrir brjálaða en bráðsnjalla hugmynd sem sýndi ferð Oklaranna til Kaliforníu í algerlega nýju ljósi, nokkurskonar niðurfærsluleið til að stækka sviðið í Samkomuhúsinu.

## Tónlist

*Gísli Galdur fyrir Lýsiströtu Fúria, leikfélag Kvinnaskólans*

Frábærlega vel heppnuð endurvinnsla á klisjulegum lögunum sem þýðing Kristjáns Árnasonar gerir ráð fyrir og skemmtilega unnið með tónlist án þess að reiða sig um of á sönghæfileika hópsins.

Aðrir góðir voru LMA-menn með pottþétta hljómsveit og söng í Chicago, Verslóbandið Hanz sem átti yndislega innkomu í Fullkomið brúðkaup hjá leikfélaginu Þrándi og stemningsrík tónlist Björns Thorarensen og Eggerts Hilmarssonar við Beðið eftir Go.com Air.

## Sérstakt frumkvæði

*Leikfélag Hafnarfjarðar og Ármann Guðmundsson fyrir Sölu miðil.*

Salka miðill var að mörgu leyti leikhúsviðburður ársins, þó ekki þætti mér hún í alla staði vel heppnuð leiksýning. En hugmyndin og útfærsla hennar niður í smáatriði var tilraun sem gekk upp og nam um leið ný lönd fyrir leikhúsið á afréttum raunveruleikans (ekki alveg viss um hvað ég er að fara með þessu, en mér finnst þetta hljóma flott. Svona fer Salka með mann!)

Fleiri frumkvæðismenn eru náttúrulega Leikfélag Kópavogs fyrir Hljómsveitina og fleiri „devised“ verk, Júlíus Júlíusson á Dalvík fyrir vetrarstarfið og Leikfélagið Þrándur fyrir tilraun (skammlífa sýnist mér) til að mynda n.k. „Leikfélagið Sýnir“ fyrir framhaldsskólaleikfélagin.

## Pað sem séð var:

*Að eilífu – Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði, Auga fyrir auga – Leikfélag Vestmannaeyja, Á fjöllum félagsins – Halaleikhópurinn, Beðið eftir Go.com Air – Leikfélag Mosfellssveitar, Blái hnötturinn – Leikfélag Sauðárkróks, Bófaleikur á Broadway – Leikfélag Menntaskólans að Laugarvatni, Chicago – Leikfélag Menntaskólans á Akureyri, Emil í Kattholti – Leikfélag Hornafjarðar, Frá myrkri til ljóss – Leikfélagið Platitide, Fuglinn minn heitir Fótógen – Leikfélag Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fullkomið brúðkaup – Leikfélagið Þrándur, Gauragangur – Leikfélag Vestmannaeyja, í samvinnu við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Gengið á hælínu – Leikfélag Dalvíkur, Góðverkin kalla! – Umf. Reykdæla, Grease – Verkmennaskólinn á Akureyri, Gullna hliðið – Ungmennafélagið Vaka, Villingaholtshreppi, Hljómsveitin – Leikfélag Kópavogs, Hrein mey á leiðinni – Thalia, leikfélag Menntaskólans við Sund, Hundshjarta – Á Herranótt, Í bænum okkar er best að vera – Leikfélag Keflavíkur, Íbúð Soju – Stúdentaleikhúsið, Johnny Casanova – Ofleikur, Káinn – Freyvangsleikhúsið, Kardemommubærinn – Leikfélag Hveragerðis, Kardemommubærinn – Leikhópurinn Vera, Kolla og stöðumælaverðirnir – Leikfélag Kópavogs, Kverkatak – Leikfélag Dalvíkur, Lífsháski – Leikfélag Seyðisfjarðar, Lýsistrata – Fúria, leikfélag Kvinnaskólans, Made in USA – Nemendamót Verzlunarskóla Íslands, Óþekk(t) kona – Leikfélag Kópavogs, Píla Pína – Pýramus og Píspa, leikfélag Framhaldsskólans á Húsavík, Portrett – Leikfélag Kópavogs, Ráðalausir menn – Leikfélag Keflavíkur, Rocky Horror – Leikhópur nemendafélags Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Salka miðill – Leikfélag Hafnarfjarðar, Sex í sveit – Leikfélag Hólmavíkur, Söngvaseiður – Litli leikklúbburinn og Tónlistarskóli Ísafjarðar, Prek og tár – Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Þrúgur reiðinnar – Leikfélag Húsavíkur, Þú ert í blóma lífsins, fíflíð þitt! – Sauðkindin, leikfélag Menntaskólans í Kópavogi, Örlagasystur – Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð.*

## Flug vampýrunnar – Leikferðasaga í 11 þáttum

**FORSAGAN:** Þann 18. september 2002 hélt 10 manna lið Hugleikara í austurveg í þeim tilgangi að sýna óperu-þykknið *Bíbí* og blakan á leiklistarhátið, sem haldin var í Gatchina í Rússlandi, skammt frá St. Pétursborg. Verkið, sem orðið er nokkuð langlíft, skrifuðum við félagarnir Ármann, Sævar og Þorgeir vorið 1996 í tengslum við Höfundasmiðju LR. Sama vor æfðum við það upp með Hugleik og sýndum á einþáttungahátið *BÍL* í Reykholti en einnig á Akureyri og Húsavík þá um sumarið. Lengi stóð til að vekja blóðsuguna af dvala í endurbætri mynd og úr því varð loks sumarið 2000 þegar Hugleikur fór fyrir Íslands hönd á leiklistarhátið NEATA í Trakai í Litháen. Til að leyfa jafnframt landanum að njóta (og til að slétta út ferðasjóðinn) var *Bíbí* sýnd í Kaffileikhúsinu nokkrum sinnum haustið 2000 og fékk þar afskaplega lofsamlegar móttökur. En sýningin í Litháen hafði jafnframt dregið hinn vænsta dilk á eftir sér, nefnilega boð til Rússlands sem við og þáðum. Og enn notuðum við tækifærið til að breyta, bættum við einni persónu og æfðum nýtt atriði.



Fyrir utan eitt menningarhús hátíðarinnar í Gatchina. Hópurinn býður þess að hleypt sé inn

### GERSKA ÆVINTÝRIÐ

Þessi Rússlandsferð var, eins og við var að búast, ævintýri sem aldrei gleymist. Þrátt fyrir að rannsóknir okkar og allar spurnir af veðurfari og veðurspá áður en við fórum bentu til 15–18 stiga hita, tók Rússland á móti okkur með kalsalegri haustrigningu. Það haust kláraðist þó snemma, því fyrstu nóttina var veturinn mættur, öllum að óvörum. Snjóföf og frosnir pollar mættu okkur að morgni og í raun var skítakuldi það sem eftir lifði dvalar í Gatchina. Það kom sér fremur illa því reglugerðin bannar fólki að kynda hús sín fyrir 1. október. Leikhúsin voru því jökulköld og iðulega sátum við á sýningum með úlpurnar renndar upp í háls, trefla, vettlinga og húfur. Heimavistin sem við gistum á var líka greinilega vinsæll æfingastaður grjótkastara og tvær nætur í röð hrukkum við upp við rúðubrot í tveimur af fjórum herbergjum og það varð að sjálfsögðu ekki til að draga úr næturfrostinu innandyra. Meðan sumir sváfu í öllu sem þeir fundu í töskunum sínum, tókst öðrum með miklu harðfylgi að kreista út einn rafmagnsöfn, sem eitthvað var deilt á milli herbergja eftir að rúðum fór að fækka. Þótt hreinlætisaðstaðan stæðist kannski ekki fyllilega kröfur vesturheimskra og hrokafullra dekurdyra (rússar hafa t.d. gengið mun lengra en við þegar þeir „felldu niður setuna“) þá er upplifunin af frumstæðari aðstæðum ævinlega mikils virði og fjarri manni að kvarta. Gömlu konurnar sem gættu vistarinnar voru líka allar hinar elskulegustu, þótt skilningsleysið milli okkar væri oft algjört. Þær tóku á móti okkur með ömmulegri einbeiti ef við vorum eitthvað að þvælast úti eftir kl. eitt, en þá var dyrunum læst. Okkur var

svo sem hleypt inn eftir það, en alls ekki út. Stroktílaunir hörðustu næturlífskönnuðanna í hópnun verða ekki raktar hér, enda misheppnaðar sem slíkar en óborganlegar sem skemmtiefni til upprifjunar þeim sem þar voru að verki. En skoðum nánar hvað í boði var af leiklist á hátiðinni.

### DAGESTAN

Strax annað kvöldið komu gestir til okkar á heimavistina. Tveir hressir kallar, einn aðal (sem vissi af því), hinn þögull með gítar og nef. Upphófst mikil gleði og skemmtu þessir kumpánar okkur lengi kvölds með gítarspili og söng. Þarna voru komnir tveir brottfluttir Kákasusmenn, nánar tiltekið frá Dagestan og varð þetta upphafið á fagurri vináttu þessara leikhópa. Hinir skemmtilegustu kallar sem þurftu mikið að skála, faðma og dansa og ekki spillti að gítarleikarinn hljóðláti og nefstóri var afburðagóður. Sýningin þeirra, sem þeir kölluðu „My Dagestan“ var eftirminnileg. Hún minnti einna helst á hina rómuðu túristasýningu Light Nights, og samanstóð af skálaræðum, söngvum, kynningu á ýmsum munum úr átthögunum og vídeóupptöku af stórfjölskyldu aðalleikarans og honum sjálfum á yngri árum. Minna fór fyrir eiginlegri leiklist, hvað svo sem það nú er. Á meðan á sýningunni stóð gekk dóttir leikarans (á að giska 8–9 ára) um beina, skenkti mönnum Kákasusvín í silfurslegin horn og bauð upp á þurrkaðar apríkósúr. Svo voru menn teknir upp í einhverskonar mínímalískum kósakkadansi og fengu svo að horfa á sig á myndbandinu í lok sýningar. Þetta var hin ljúfasta stund með vinum okkar, en gagnrýndum hátíðarinnar var ekki skemmt og hundskömmuðu félagana fyrir að bjóða upp



Úr sýningu Dagestanmanna: Kákasísk skálaræða flutt.

á svona sjó á virðulegri leiklistarhátíð. (Líklega voru það mistök hjá Dagestönunum að skemmta sér með okkur en ekki gagnrýnendunum). Þeir létu mótlætið ekki á sig fá, enda sjálfslítið í góðu lagi. Til marks um það má geta þess að meðan aðrir hópar sem við vinguðumst við hrúguðu heimboðum yfir okkur lýstu Dagestan-menn sig fúsa til að koma til Íslands með sína sýningu. Það væri óneitanlega forvitnilegt, þó ekki væri nema fyrir Kristínu G.

### SAGNALEIKHÚS FRÁ SÍBERÍU

Frá Kemerovo í sunnanverðri Mið-Síberíu kom lítill leikhópur með stóra sýningu. Allavega verður hún stór í minningunni þó hún væri leikin á litlu sviði, með leikmynd sem samanstóð af þremur stólum og vatnsfylltu vaskafati, og þremur leikurum í betri fötunum. Og svo var ekkert leikrit, heldur sögðu þremmingarnir okkur tvær sögur – ævintýri. Og ólíkt því sem oft er gert í svona frásagnarleikhúsi þá gerðu þau enga tilraun til að „leika“ það sem gerðist – brugðu sér ekki í hlutverk og sýndu ekkert látbragð nema með svipsterkum andlitunum. Nei, þau sögðu bara sögurnar – á rússnesku að sjálf sögðu – í einn og hálfan tíma. En einbeitingin, fókusinn, nærveran og „intensitetið“ var þvítíkt að við málleysingjarnir stöðrum hugfangin á – allan tímann. Eiginlega vorum við orðin eins og hvítvoðungar sem stara á þann sem hjalar við þau án þess að skilja bofs. Vissulega skildum við ekki hvað verið var að segja, en sýningin skildi eftir sig nýja vidd í skilningnum á hvað leikhús er og getur. Dýrmæt reynsla, og dæmigerð fyrir þau verðmæti sem maður fer með heim af svona hátíðum þegar vel tekst til. Seinna kynntumst við þessu fólki og ekki dró það úr gleðinni – algerir öðlingar af túndrunni.



Yfirfrakki Gogols – listrænn hápunktur hátíðarinnar.

### AF MENNINGARÁSTANDI Í RÚSSNESKUM KJARNORKUVERUM

Í kjarnorkuverinu í Zarechny í Úralfjöllum, skammt frá Ékaterínúrg (áður Sverdlovsk) býr og starfar leikhópur einn, og lágu leiðir okkar saman ca. miðja vegu milli Úralfjalla og Íslands, þ.e. í Gatchina. Þetta voru skemmtilegir félagar, meira að segja höfðu sum þeirra snert af Íslandsdellu. Tókust með þeim og okkur ágæt kynni, svo nú erum við með Zarechnydellu. Eftir nokkur vonbrigði með fyrstu þrjár sýningar hátíðarinnar (sjá „Minni spámenn“ hér að neðan) var komið að þeim, og ekki laust við að við hefðum dálitlar áhyggjur – hvað ættum við að segja ef þetta væri ömurlegt? Það voru ekki liðnar margar mínútur af sýningunni þegar ljóst var orðið að engar áhyggjur þyrfti að hafa af vandræðagangi. Útfærsla þeirri á smásögunni „Yfirfrakinn“ eftir Gogol var frábær, á þann austurevrópska hátt sem gamlir leiklistarhátíðarrefir eru farnir að þekkja. Stílfærð, óaðfinnanlega sviðsett, innblásin af skáldlegu ímyndunarafli

leikstjórans, útlitslega frumleg og full af snilldarlegum sviðslausnum. Parna gaf að líta skrifstofublók svífandi í lausu lofti með höfuðið niður, dansandi gullsleginn frakka, höfuðlausa kjólklaedda þjóna og óvígán her af konum af öllum stærðum í rjómatertulegum brúðarkjólum. Það var gaman að fagna þeim Kolja, Vofa, Elenu og öllum hinum að aflokinni þessari veislu.



Molière-sýningin frá Samara var mikil skemmtun.

### IVAN BATISTÉVSKÍ MÓLIÉROV

Frá þeim nafntogaða Löðubæ, Samara, var mættur leikhópur með uppfærslu á lítt þekktu verki eftir Molière, Monsieur de Pursognac. Það reyndist vera ákaflega hefðbundið „faðirinn-vill-gifta-dóttur-sína-rikum-gömlum-kalli-en-hún-elskar-fátækan-yngissvein-og-efrir-mikil-plotttekst-þeim-að-fá-blessun-pabbans-leikrit“. Skemmst er frá því að segja að þetta var drepfyndin sýning, full af kolsvörtum og fullkomlega ósmekklefum sjónrænum húmor. Þar komu við sögu stólpípur, saurát, útlíma- og höfuðmissir og fleira sem gleður. Allt flutt af miklum krafti af sterkum leikhópi. Eini gallinn var lýsingin, en af einhverjum ástæðum hafði ljóshönnuðurinn stillt tveimur vinnukösturum á þrífótum upp innst á sviðinu og lýsti með þeim fram í sal öðru hverju. Með því að þróa augun var hægt að sjá í gegnum flóðlýsinguna, en þetta var óstjórnlega heimskulegt uppátæki. Hinn síðhærði ljóshönnuður, Sergei, reyndist hafa fleiri járn í eldinum og leysti Sævar út með gjöf – geisladisk með rokkhljómsveit sem hann spilar í. Hún var reyndar afleit líka, en ekki hindraði það Sævar í að nota tónlistina í uppfærslu sinni á Ég elska þessa þögn eftir Fríðu Bonnie Andersen í sýningu Huggleiks, Þetta mánaðarlega. Sem betur fer lét hann þó ógert að apa lýsinguna eftir stráksa. En svona eiga menningarsamskipti að vera, rússneskur leikhópur kynnir óþekkt fransk sýningu eftir stjórnleikrit fyrir íslendingum og ljær þeim í framhaldinu statuskvólegt rokk til að nota í uppfærslum á nýjum íslenskum einþáttungum. Gaman.

### MINNI SPÁMENN

Af öðrum sýningum ber fyrst að nefna opunarsýningu hátíðarinnar, uppfærslu heimamanna á „Prettándakvöldi“ eftir Shakespeare. Líklega eru fá gamanleikrit Shakespeares verr til þess fallin að gera tilraunir með trúðleik – en það var nákvæmlega það sem Gatchinamenn gerðu. Útkoman var fremur leiðinleg, en greinilegt að leikararnir geta ýmslegt.

Önnur Shakespearesýning kom frá hinni fornu borg Hólmgarði (nú Novgorod). Þar var á ferðinni hinn ódrepanði „Draumur á Jónsmessunótt“ í elskulegri en fremur lítilfjörlegri uppfærslu. Handverksmenn voru myndir að vanda, en mesta skemmtun var þó að hafa af leikaranum sem lék Lýsander og hafði þann umtalaða en sjaldséða ávana að

hreyfa varirnar þegar mótleikarar hans töluðu, og Óberon sem var leikinn af náunga sem fannst hann greinilega flottastur en leið nokkuð fyrir það að vera alveg heiftarlega smámæltur. Í landi hinna þúsund ess-hljóða er það engin smá fötlun, og varð álfakóngurinn sem því nam minna konunglegur og meira hlægilegur. Það fannst í það minnsta hinum illkvittnu Íslendingum. Hreindýrshornin á höfði hans drógu hreint ekki úr þórðargleðinni.



Rússneskir handverksmenn æfa Píramus og Pispu. Bokki (lengst til vinstri) fylgist með.

Tvær leiðinlegustu sýningar hátíðarinnar voru „Kean IV“, rússneskt leikrit byggt á verki eftir Sartre um Edmund Kean, enskan stórleikara fyrr á öldum, og „Páfagaukur og strákústur“, rússneskt raunsæisverk um drykkjuskap, fátækt og hjónabandsörðugleika. Þetta voru frekar andlaugar sýningar – ekkert fánlega lélegar (les. norskar) en töluðu einhvervegin ekki við mann. Reyndar var svo kalt á Kean IV sem var sýnt í risastóru leikhúsi einhversstaðar á einskismannslandi í útjaðri bæjarins, að við vorum keyrð heim í hléi. En við vorum líka búin að sjá nóg og vorum að missa af kvöldmatnum.

Hátíðinni var svo slútt með þýskri danssýningu frá Leipziger Danztheater. Hana höfðum við séð áður, þau voru í Trakai þar sem við sýndum Bibí og Blakan árið 2000. Hér voru þau mætt, eins og við, með sömu sýningu en, ólíkt okkur, með algerlega nýjan leikhóp. Nú eins og þá skiptumst við í tvö horn með viðbrögð við sýningunni. Sumum fannst hún frábær, öðrum hundleiðinleg. Öll vorum við þó held ég sammála um að hópurinn í Trakai hafi gert þetta betur. (Þess má til gamans geta að danshöfundurinn er ung stúlka af finnsku bergi brotin og á spjalli við hópin kom í ljós að hún ætti íslenskan kærasta. Við nánari athugun reyndist það vera fyrrum Egilsstaðabúi og gamall skólabróðir eins úr okkar hópi, Einars Þórs. Lítil heimur eða hvað?).

### OKKAR FRAMLAG

„Erlendu“ sýningarnar á hátíðinni, okkar og sú þýska, bættu á skemmtilegan hátt nýjum viddum við hátíðina, önnur öll dönsuð og hin öll sungin. Viðbrögðin við Bibí voru vægast sagt góð, bæði á og eftir sýningu. Áhorfendur hlógu eins og vitleysingar (og ótrúlega oft á hárréttum stöðum), stöppuðu og hrópuðu bravó í lok sýningar. Gagnrýnendur luku lofsorði á hana, aðrir leikhópar kepptust við að hylla okkur og hæla og sumir úr hópnum eignuðust óþægilega mikla aðdáendur. Sá gæðastimpill sem okkur þótti þó hvað vænst um var gjöf frá leikstýru vina okkar úr Úralfjöllum, sem lét þau orð fylgja að íslenska sýningin hefði verið sú sem best var leikstýrt. Sjálf átti hún laaaaaangflottustu sýninguna, eins og fram hefur komið. Auðvitað þótti okkur það pinulítið fyndið, þar sem enginn einn er skrifaður fyrir leikstjórninni, heldur hópurinn í sameiningu. En eftir sátu góðar tilfinningar.

### HVERJIR VORU HVAR? (SVIPMYNDIR ÚR SAMKVÆMISLÍFINU)

Meðfram öllum leiksýningunum var auðvitað iðandi félagslíf eins og verða vill á svona hátíðum. Strax fyrsta kvöldið var haldin móttökuhátíð heimamanna þar sem hóparnir voru boðnir velkomnir með mat og drykk. Heimamenn sýndu okkur m.a. skemmtiatriði með dansandi kú, sem við skildum ekki mikið í og svo var etið, drukkið, blandað geði, keppt í samkvæmislíkjum og dansað. Mest var spennan þetta fyrsta kvöld yfir því hvort okkur yrði meint af matnum en heima fengum við ströng fyrirmæli um hvað við mættum borða og hvað ekki. Við pössuðum okkur auðvitað afar vel þótt við yrðum kærulausari með hverjum deginum. Aðeins einn úr hópnum lenti í magavandræðum seinna í ferðinni og bárust böndin að ís, keyptum hjá götusala í St. Pétursborg. Annað kvöldið var svo standandi borðhald sem þeir kölluðu því skemmtilega nafni Gala-dinner. Þar sýndu nokkrir hópar skemmtiatriði og vinir okkar úr Úralfjöllum fóru hamförum í Karaoke. Þeirra privatgleðskapur entist reyndar langt fram eftir nóttu að viðstöddum þremur af okkar fulltrúum sem tóku herlegheitin upp á myndband. Ekki laust við að öfundar gætti hjá okkur hinum þegar við sáum myndbandið – sem nota bene má alls ekki berast forstöðumanni kjarnorkuversins í Zarechny. Það er auðvitað vonlaust mál að telja upp öll skemmtilegheitin, en þó er vert að geta lokahófsins, sem var aftur gala-dinner, með tilheyrandi þökkum og kveðjum og tertum, minni mat en meiri vodka og svo dunandi dansi langt fram á nótt sem endaði í píanópartí niðri á litla sviði og tilfallandi gítar-rokkpartíum utanhúss sem innan. Þær voru margar hjartnæmar kveðjustundirnar þarna um nóttina og morguninn eftir þegar við héldum til þriggja daga túristadvalar í St. Pétursborg.



Bibí í Gatchina. „Ég er neikvæður!“. Húbert vampýrubani gerir gleðilega uppgötvun og tekst allur á loft.

### RÚSSLAND IN MEMORIAM

Þótt við teldum okkur hafa upplifað margt eftir að hafa borðað strút í Stokkhólmi á leiðinni út, þá var það aðeins forsmekkurinn af því sem þessi ferð átti eftir að skilja eftir sig í minningunni. Við áttum frábæra en vægast sagt „öðruvísi“ daga í þessum 125.000 manna „smábæ“, sem helst er frægur fyrir sumarhöll Páls keisara Katrínarsonar miklu. Dagana í Pétursborg nýttum við svo til að eyða peningum, éta, skoða kirkjur og náttúrulega Vetrarhöllina. Og hverja haldið þið að við höfum hitt á förnum vegi í þessari 6 milljón manna borg? Vini okkar úr kjarnorkuverinu og skömmu síðar þýska dansflokkinn. Lítið land Rússland!

### ... THEN WE TAKE BERLIN

Ekki tókst okkur alveg að kveða niður blóðsuguna með þessari ferð. Í Gatchina var nefnilega staddur frammámaður í þýsku áhugaleikhúsi, Norbert Radermacher að nafni, og heimtaði að við kæmum á alþjóðlega hátíð í Rudolstadt í



*Bíbí í Gatchina. Þrísöngur um ástir og þrár.*



*Bíbí í Gatchina. „Sjá hann fölnar, minnir helst á skít“.  
Lögreglukórinn þjarmar að Vesco.*

Thüringen-héraði vorið 2003. Sem við og gerðum. Það var líka þrælskemmtilegt, mun alþjóðlegra en í Rússlandi, og aðbúnaður meira eins og við eigum að venjast. Viðtökur við okkur voru firnagóðar og nokkrar eftirminnilegar sýningar sáum við sem stimplast í heilabörkinn. Vitaskuld var sú flottasta rússnesk; kraftmikil og geislandi „leikglöð“ uppfærsla með slagsmálaivafi á smásögu eftir Ray Bradbury. Önnur góð var frumleg og faguð uppfærsla ungversks dansleikhúss á sjaldséðu verki eftir Lorca.

Að ferð lokinni sneri Bíbí svo heim, og var sýnd á Nýja sviði Borgarleikhússins í júníbyrjun, um sjö árum eftir að frumgerðin var flutt á Litla sviðinu af leikurum hússins og höfundum. Viðeigandi endapunktur á miklu ævintýri.

Ef ekki verður framhald á – Blóðsugur eru jú eilifar...

*Sævar Sigurgeirsson  
Þorgeir Tryggvason*

## **Leiklistarþerapía (dramatherapy) á Sólheimum 2002–2003**

### *Skilgreining leiklistarmeðferðar*

*Leiklistarmeðferð, eða dramatherapy eins og greinin heitir á ensku, er listmeðferðargrein sem byggir samhliða á tækni og hugmyndafræði leikhússins, viðtalsmeðferð, hugmyndafræði sálfræðinnar og mannfræðinnar.*

Það má segja að í staðinn fyrir að tala eingöngu, sem á sér stað í venjulegri viðtalsmeðferð byggir leiklistarþerapían á að gera, en enska orðið Drama kemur af gríska orðinu Dran sem þýðir að gera. Bandaríski prófessorinn í dramatherapy hjá The Californian Institute of Integral Studies, Renée Emunah skilgreinir leiklistarþerapíu með eftirfarandi hætti: Leiklistarmeðferð er ákveðin og formbundin meðferðarleið til að ná fram breytingum til hins betra (1994,3).

Það að fara í hin ýmsu hlutverk í leik og starfi virðist vera mannum eðlilegur eiginleiki. Við upplifum eitt og annað á hverjum degi og verðum því að bregðast við hverjum atburði með viðeigandi hætti. Við tölum t.d. ekki við viðskiptavin í fyrirtækinu okkar með sama hætti og við tölum við börnin okkar. Þannig má segja að við skiptum um hlutverk mörgum sinnum á dag án þess að hugsa yfir höfuð um það en í leiklistarmeðferð gefst okkur tækifæri til að skoða það sem við höfum upplifað í nútíð og fortíð, þau hlutverk sem við höfum farið í og þær tilfinningar og hugleiðingar sem því fylgja, með ákveðnum og formbundnum hætti. Rannsóknir á atferli barna að leik, benda til þess að barnið noti leikræna tjáningu sem tæki til að ná tökum á tilverunni.

Hinn frægi sálgreinir Erik Erikson segir: Leikræn tjáning er ein besta sjálfshjálparleið sem æskan býður upp á (1950, 222).

Börn nota leikræna tjáningu án fyrirhafnar að því er virðist. Sálfræðingurinn og leiklistarþerapistinn Richard Courtney hefur árum saman rannsakað eðli og hlutverk leiklistar í lífi okkar. Hann heldur því fram að leikræn tjáning sé undirstaðan í hæfni okkar til hugsunar, lærdóms og heilunar. Hann segir að börn noti leiklist án fyrirhafnar til að:

1. tjá sig táknrænt
2. ráða fram úr innri spennu
3. tengja við raunveruleikann og skilja
4. ná stjórn á sér og fá útrás fyrir innri baráttu
5. horfast í augu við þá hluta sjálfins sem ekki eru viðurkenndir
6. skoða vandamál og finna lausnir
7. undirbúa sig undir raunverulega atburði eins og þeir gerast í lífinu
8. tjá sig um vonir og óskir
9. æfa sig í að fara í ný hlutverk og upplifa nýja atburði
10. þróa tilfinningu fyrir sjálfinu

Þessar leiðir leikrænnar tjáningar eru einkennandi fyrir okkur mannfólkið og byggir leiklistarþerapían á þessum leiðum, en Eiríkson talar um sjálþerapískt eðli (autotherapeutic nature) barnæskunnar.

En það er engin tilviljun að meðferðarleiðir hafi þróast úr listgreininum. Það má segja að listin sé sú tjáningarleið sem við notum til að skilja betur og skilgreina. Sálgreinirinn Sigmund Freud skilgreinir t.d. árfamátt leiklistar m.a. með eftirfarandi hætti: ... en leiklistin býður upp á leið til að rannsaka tilfinningalega möguleika á dýpri og um leið ánægjulegri hátt jafnvel þar sem um tilfinningalega erfiðleika er að ræða (1985, 122). Freud bendir á að leiklistin bjóði upp á möguleika sem við getum sjaldnast upplifað í gegnum okkar eigið líf. Þannig er leiklistin, sem á sér m.a. rætur í athöfnum grískrar fornmenningar notuð sem tæki til að skýra tilurð og upphaf heimsins. Þar rís hetjan upp gegn heilagri sköpun alheimsins en það er ástæðan fyrir þjáningu mannkynsins. Hetjur í grískri goðafræði eru samkvæmt hugleiðingum Freud, fyrst og fremst uppreisnarmenn gegn Guði eða því sem er heilagt, en ánægjan á sér stoð í því sem er veikara í fari þess heilaga. Því má segja að leiklistin byggji á hvers konar þjáningu og hamingju í mannlegri tilveru, sem mannvær er sér meðvituð eða ómeðvituð um, sem áhorfandi eða þátttakandi (1985, 123).

Hins vegar byggir Leiklistarþerapían á því að skoða tilfinningar og hugleiðingar með ákveðnum og formlegum hætti þar sem tækni og kenningar leiklistarinnar eru sem tæki til að nálgast ræturnar, sem eru kenningar og aðferðarfræði sálfræðinnar og mannfræðinnar.

Leiklistarþerapía er notuð sem meðferðarleið fyrir börn, unglunga og fullorðna og byggir hún jafnframt á því að vinna með tilfinningar í gegnum það heilbrigða í einstaklingnum. Þó nokkur reynsla er fyrir því að vinna með einstaklinga sem hafa greinst með þroskafrávik í gegnum leiklistarþerapíu og hefur það reynst mjög áhrifarík leið, ekki síst fyrir þá einstaklinga sem eiga erfitt með að tjá hugsanir sínar og tilfinningar með hefðbundnum hætti eða tali.

#### *Leiklistarþerapía á Sólheimum*

Í október árið 2002 var haft samband við mig til að ræða möguleika á að hefja leiklistarþerapíu á Sólheimum, með það að markmiði að út úr þeirri vinnu kæmi leikrit sem hópurinn gæti sýnt. Ástæðan er sú að í yfir 70 ár hefur verið hefð fyrir því að setja upp leikrit einu sinni á ári á Sólheimum. Þessi hefð, sem á sér ekki hliðstæðu á Íslandi, segir mest um þá framsýni og þann skilning sem Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir, stofnandi Sólheima, hafði á þörfum og málefnum fatlaðra. Hefur verið leitað til atvinnufólks í leiklistinni til að setja upp sem fjölbreyttust verkefni og hefur verið komið víða við.

Meðlimir í Leikfélagi Sólheima eru nú yfir 80 talsins en þar eru bæði heimamenn og starfsfólk. Leikhópurinn hefur mikla og góða reynslu á leiksviði og voru allir mjög jákvæðir gagnvart þeirri hugmynd að hópurinn myndi sjálfur þróa verknið en ég myndi sem leikstjóri nýta mér tækni leiklistarmeðferðar til að aðstoða við þróunarvinnuna þó ekki væri hér um meðferð að ræða. Fyrir valinu var hin svokallaða playbackleið eða endursagnaleið en hún byggir á því að endursegja í gegnum leikræna tjáningu, sögur sem þátttakendur segja. Við byrjuðum á að fá fólk til að segja sögur úr eigin lífi og atburði sem voru því minnisstæðir. Ef um tilfinningalega erfið mál er að ræða



*Margrét Ákadóttir*

getur verið mikil lækning í því að segja eigin sögu og sjá hana síðan leikna á sviði, annað hvort nákvæmlega eins og maður man hana eða með breytingum. Hver sögumaður valdi síðan sinn leikarahóp til að segja sína sögu og kom á óvart hvað allir voru tilbúnir að leika hverjir fyrir aðra.

Það var stórkostlegt að hlusta á sögurnar sem hópurinn sagði og voru þær svo margar. Þarna komu m.a. fram minningar um útlenskar fóstrur sem heimilismenn höfðu tengt við tilfinningalega – en fóstrurnar verða að fara og það er oft erfitt.

Það var síðan ákveðið að við þyrftum sögumann og fyrir valinu varð Úlfhildur, eða Úlla eins og hún er kölluð, og leysti hún það hlutverk vel af hendi. Umgjörðin og leikmyndin var svo útbúin úr öllum þeim ótrúlegu listmunum sem framleiddir eru á Sólheimum. Þarna varð til eins konar markaðstorg þar sem allur listvarningurinn var til sölu á leiksvæðinu.

Efnið sem við höfðum úr að móða gaf tilefni til langrar leiksýningar en ekki var hægt að hafa sýninguna í fullri lengd þar sem fötlun margra félaga kom í veg fyrir það. Samt sem áður tókst að setja upp sýningu sem tók vel á aðra klukkustund. Að lokum vil ég þakka Leikfélagi Sólheima fyrir samstarfið og óska ég öllum félögnum velfarnaðar í framtíðinni.

#### *Margrét Ákadóttir, leiklistarþerapisti*

##### *Heimildir*

Courtney, R. (1968) *Play, Drama and Thought, The Intellectual Background to Drama in Education*. London: Pitman.

Emuna, R. (1994) *Acting For Real, Drama Therapy, Process, Technique and Performance*. Runner/Mazel, A member of the Taylor & Francis Group, 7625 Empire Drive, Florence, KY 41042.

Erikson, E. (1950) *Childhood and Society*. New York: Norton.

Freud, S. (1985) 14. *Art and Literature*. Penguin Books Ltd, 27 Wrights Lane, London W 85TZ, England.